



Gjörðabók byggingarnefndar 1866-1884 I

Aðfnr. 4627 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I

SKJALASAFN

REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók


byggingarnefndar

1 8 6 6 - 1 8 8 4

I.

.077.5:025.26 - .785.07515

Aðfnr. 4627 A



Nokkrar athugasemdir:

Fundargjörðin frá 1. apríl 1869 er vegast sagt mjög erfið aflestrar, af þeirri ástæðu hefi ég, því miður, ekki getað vélritað kafla úr þessari fundargjörð. Þeim, sem áhuga hafa á téðri fundargjörð, er því ráðið til að lesa fundargjörðina í fundargjörðarbókinni, blaðsíðu 92 - 93.

Ennfremur eru athugasemdir Thomsens, kaupmanns, vaa fundargjörð 10. sept. 1870, mjög erfiðar aflestrar, og ber að treysta afritinu með varúð.

Reykjavík, 3. júní 1953.

Ingólfur Jörundsson



Fundargjörðabók byggingarnefndar Reykjavíkur
frá 5. maí 1866 til 4. marz 1884.

Útgefið með tillitsemi, sagnadragna, og með stíflögum
Sveitinni frá Sjálfstjórnunni forsynna þeg. authoriserað
hvert og
Fundargjörðabókunarskrá
frá Reykjavík 7. júlí 1884.

Íslenska Bókmennta- og Bókmenntafræðingafélagið
1. febrúar 1966.

Útgefið með tillitsemi

Árni Magnússon

Bók þessi er vélrituð eftir frumritinu árið 1953

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Denne af 188 - eet Hundrede firsindstyve og ottá -
folierede Blade bestaaende, gennemdragne, og med Stiftamtets
Segl bagi for Gjennemdragningen forsynede Bog, authoriseres
herved som:

Bygningscommissionsprotocol
for Reykjavík Kjöbstað.

Íslands Stiftamt c. 3. Februar 1866.

xxxxMærkingæx

Hilmar Finsen.

Ár 1866 þann 5. maímánaðar átti byggingarnefndin fund fyrir sunnan hinn lærða skóla og tók sætið í nefndinni eftir útnefningu Stiftamtsins, snikkari J. Jónsson.

1. Var fyrirtekið eftir beiðni stiftsyfirvaldanna, að ávísa byggingarstæði fyrir Bibliothek handa hinum lærða skóla. Mætt voru Stiftsyfirvöld Íslands, Stiftamtmaður H. Finsen ~~og~~ og biskup P. Pétursson. ~~Ásva~~ var egandinn að nábúalóðinni fyrir sunnan J. Árnason í Stuðlakoti.

Hin áformaða bygging á að vera 25 1/2 al. á lengd og 16 al. og 10 þuml. á breidd úr steini á letagn og með hellubaki.

Til þessarar byggingar var ávísað að vestanverðu á breidd frá norðri til suðurs þétt frá gaffli hins lærða skóla 42 al. sem gangur í sömu línu og framhlið hins lærða skóla, fram á móts við þá stefnu, sem gatan frá Lækjarkotsbrúnni ávísar. Hin útvísaða lóð heldur sömu lengd að austanverðu. Breidd lóðarinnar er bæði á norður og austurhliðinni 16 al. og 10 þuml. Byggingin, sem er í reglulegum (ferhyrning) á með vesturhliðinni að standa í sömu línu og hús hins lærða skóla á vesturhluta ~~hinnar~~ útvísuðu lóðar. Af hinnu útvísuðu lóð eru cirka 501 ferálnir tilheyrandi hinum lærða skóla og 188 ferálnir byggjandi fyrir utan þá lóð að sunnanverðu.

Stiftsyfirvöldin, sem féllust á þessa útvísun geyma sér rétt til þess að fá hana ~~legða~~ móti suðri ef að þau gætu gert í því efni samkomulag við nábúana. J. Árnason, sem ekki er staddur hér í þénum um þessar mundir og því ei hefir mætt eftir þeirri aðvörðun er honum var gefin á fundarhaldinu.

2. Consúl M. Smitt ávísað skúrstæði áfast við íbúðarhús hans að austanverðu, þétt upp við það 5 1/2 al. á lengd og 2 1/2 al. á breidd.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.
Jón Ásmundsson. Jón Jónsson.

() □

Ár 1866, þann 22. maí, átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var fyrirtekið að álykta um það áform við Skólabib-
lioteksbygginguna, að á miðju húsinu að vestanverðu $\frac{1}{2}$ á 9 álna
svæði að standa fram $\frac{1}{2}$ al. af múrnum sem "Frontispiece". Bygg-
ingarnefndin hefir að sínu leyti ekkert á móti því, að höfuð-
byggingin standi í þeirri línu er ákveðin var þann 5. b.m., og
að hið framstandandi af miðbiki byggingarinnar $\frac{1}{2}$ al. á breidd
nái út fyrir línuna.

2. Var fyrirtekið eftir beiðni bæjarstjórnarinnar, að
yfirvega hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu að kaupmanni
Lambertsen sem eiganda Móhúsanna væri afstaðinn blettur neður-
undan Móhúsalóðinni til útraktunar og aukningar á þeim tún-
bletti, sem hann nú hefir, og hefir bæjarstjórnin tekið fram
að við slíka útmæling ætti að taka til greina að sefið í tjarn-
arendanum gæti haldizt óhaggað og óskert við mælinguna, en
að bæjarstjórnin svo ákvæmar ákveði þau skilyrði með hverjum
slíkur blettur verði afstaðinn. Byggingarnefndin komst til
þeirrar niðurstöðu, að ekkert væri frá hennar hendi móti því
að til Móhúsanna væri lagður blettur, sem að er þannig: að suð-
austanverðu í beina áframhaldandi línu eptir takmörkunum milli
Móhúsa og Stekkjarkots niður í mýrina 137 $\frac{1}{2}$ ál. og endar þessi
lína á sama punkti og suðvesturtakmörk Félagsgarðsins ávísar,
að suðvestanverðu í beina áframhaldandi línu af því, sem takmörk
Félagsgarðsins að suðvestanverðu ávísar suður í mýrinni, 125 ál.
frá norðvestur takmörkum þessrar línu og upp í norður hornið
á takmörkum Móhúsanna, að neðanverðu eru 180 ál. á lengd. Að
norðvestanverðu tengist lengist Móhúsalóðin í beina línu eins-
og takmörkin á hinn eldri lóð ráða aðureptir um 112 ál. og
úr þessari línu að vestanverðu eru aptur ~~112~~ 112 ál. yfir í
þann punkt sem kemur lóðinni í línu við suðvesturtakmörk Félags-
garðsins. Hin útmelda lóð er þannig í (fimmhyrning (með 3 rétt-
um hornum)) á lengd upp að Móhúsa lóðinni, sem nú er 180 al.
svo í línu sem snýr á móti Félagsgarðinum 137 $\frac{1}{2}$ ál. svo á
móts við mýrina 125 ál. langs með sefinu í tjarnarendanum 112
ál. og á móts við Thomsenstún eða bilið milli Móhúsa og þessa
húns (~~túns~~) 112 ál.

3. Yfirlitin útfærzla sem consúl Siemsen hefir gert
í fjörunni fyrir neðan það stakkstæði, sem hann áður hefir haft.
Byggingarnefndin hefir ekkert við þessa útfærzlu að athuga,
einsog líka hlutaðeiganda með útvísunargjörð af 16. maí 1835
er áskilin réttur til þess að útvíkka stakkstæðið gegn strönd-
inni. Hin útfærða lóð fannst að vera sjávarmegin 71 al. langs-
með hinu eldra stakkstæði 64 al. Breidd lækjarmegin 26 $\frac{1}{2}$ al.
og þejarmegin 26 ál. Fyrir framan pakkhúsið 8 ál. á tvo vegu
og 10 $\frac{1}{2}$ al. á tvo í (ferhyrning). Byggingarnefndin álitur
bólverk þetta hálfgert, og ekki til neinnar brúkonar nú sem
stendur.

Fundi slitið.

A.Thorsteinsson. G.Lambertsen. H.Jónsson. Jón Þórðarson.
Jón Ásmundsson. J.Jónsson.

Ár 1866, þann 28. maí átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var kaupmanni R.P. ~~Fergesen~~ ávísað hússtæði á eigin lóð í Tjarnargötu í stað þess húss hans, sem hann hefir keypt af ~~Mdm~~ Petersen og nú rífið niður, en hann óskar að byggja upp hús ~~d~~ í Etage 10 áln. á breidd og 12 áln. á lengd. Byggingarnefndin ákveður að húsið skuli vera á sama grunni og áður, en þokast þó svo mikið fram til götunnar, að það verði í beinni línu og Zöegas hús að vestanverðu í Tjarnargötunni. Hæð hússins undir lopt á að vera circa 4 al. og ris ekki ~~mána~~ en rétt horn.

2. Nefndin yfirleit afstöðuna á hinni nýju steinbrú yfir lækinn og fann þarvið ekkert að athuga.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Jón Þórðarson. J. Jónsson.
Jón Ásmundsson.

Á 1866, þann 11. júní mánaðar 8 átti byggingarnefndin fund með sér við hús, snikkara Boga Smiths. í Vorfólium. herra land- og bæjarfógeta A. Thorsteinsson, var mættur cand juris L. Blöndal.

Var snikkara Boga Smith, samkv. beiðni hans, ^{útvísad 09} útmælt, ~~útvísad~~ (og) svæði til þess að lengja hús sitt, sem liggur í Skuggahverfi, til suðurs um 8 ál. og á breidd 6 álnir. Ennfremur var beiðandanum eftir ósk hans útmæld lóð, sem var 5 álnir suður frá hinu fyrirhugaða húsi, 44 álnir í beina línu vestur í kálgarðshorn Jónasar smiðs Helgasonar og þaðan bvert norður í stótt bá, sem er fyrir framan geymsluhús hans, sem var 6 álnir á breidd. Hin útmelda lóð er þannig auk hússtæðisins 242 ferálnir.

Fundi slitið.

Lárus Blöndal, settur. G. Lambertsen. J. Jónsson.

Ár 1866, þann 21. júní, átti byggingarnefndin fund, og voru allir nefndarmenn mettir [að fráskildum snikkara J. Jónssyni]

Var fyrirtekið eptir þartil gefnu tilefni að skoða Hlíðarhúsalóðina og útvísa þar staði fyrir götur.

Nefndin ákvarðaði, að Hlíðarhúsavegurinn ætti að lengjast vestureptir í beinni línu svo langt sem Hlíðarhúsalóðin nær nú fyrst um sinn, að stefna vegarins verði hagkvæmst frá Hlíðarhúsum og á milli húss P. Gíslasonar í Ananaustum og Jakobs steingrímssonar. Álit þetta styður nefndin einkun við það tvennt, að með þessari stefnu værdist fánlegt/byggingarpláss fyrir neðan veginn, þegar við þarf, án þess að of mikið sé tekið af túninu, og með þessari stefnu verði hægra að lengja veginn á þann hátt, er æskilegur má virðast, svo að hann nær út að Eiðsgranda. L hofiligt
L a J

Byggingarnefndin álitur, að þaræð þessi gata eigi með tímanum að verða aðalvegur framá Seltjarnarnes og búast megi við talsverðri umferð á honum, þá veitir ekki af að vegurinn sé af sömu breidd og sá spotti, sem nú er lagður af veginum, eða cirka 7 álnir.

Hvað þvergötur áhrærir á lóðinni álitur byggingarnefndin, að það sé í alla staði hentast, að þær sé strax markaðar niður og fastsettar, svo að byggt verði eptir vissu áformi, því við það geti sparast fyrir bæjarsjóðinn kostnaður, sem leiðir af því, að ekki er byggt eptir vissu plani. En byggingarnefndin lætur þess þó getið, að engin þörf sé til nú strax að leggja þessar þvergötur, þó þær sé afmarkaðar, heldur ætti það að bíða þangað til lóðin er nægilega byggð.

Nefndin ályktar að tvær þvergötur muni geta nægt frá Hlíðarhúsaveginum niður að sjó, hin austari meðfram Hlíðarhúsabænum, vestanvert niður að sjó, og hin ytri fyrir vestan austssta hjallinn í Mýrarholti.* Þessar þvergötur þurfa að vera nokkuð breiðar, svo að byggingarstaðin geti skiptzt í stærri heildir, sem útilokist frá eldhættu annarstaðar frá, en í þessu efni ætlar nefndin sér ekki að taka neina beinlínis ákvörðun nú sem stendur, né heldur um breidd sjálfra gatnanna.

Nefndinni kom saman um að fela nefndarmönnum, bæjarfulltrúa H. Jónssyni og snikkara J. Asmundssyni að marka götur þessar nákvæmsr og einkanna breidd þeirra og stefnu, svo að það geti verið sjáanlegt. Svo álitur nefndin það og rétt hér með að lýsa því yfir, að þeir sem byggja (~~tímurhús eða~~) tímurhús eða önnur hús á Hlíðarhúsalóðinni ekki geti vænt að fá aðrar götur eða vegi byggða á bæjarsjóðsins kostnað, fyrr (~~en~~) að reglulegar kaupstaðarbyggingar almennt sé byggðar á þessu svæði.

Nefndin álitur, að eftirfylgjandi reglur eigi að gilda um byggingar meðfram Hlíðarhúsaveginum:

1. Á austari parti veggins má ei byggja nema tímurhús og skal byrja byggingarnar sem ~~vastast~~ austast og halda áfram vestureptir.
2. Á vestari parti veggins má byggja bæði moldarhús og tímurhús eptir sem byggjandinn sjálfur óskar, og byrja

[] strikað út.

* hefur staðið: bardhúsam, en strikað út og leiðitt.

byggingar sem vestast og og halda áfram austureptir.

3. Engum verða útvísaðar meira en 30 áln. út til vegsins ~~ans~~, nema hann með sérlegum ástæðum sanni, að hann þurfi meira lóðar út til vegsins.

Til þess að náð verði reglulegum byggingum, álitur nefndin að báðumegin vegarins eigi að vera til taks svæði hæfilegt fyrir hússtæði, og stingur því upp á, að lóðarstrengur 30 áln. breiður meðfram veginum verði áskilinn við leigumálann til byggingar. Þaræð nú ekki er þörf á svo miklu svæði nú sem á stendur til bygginga, vill byggingarnefndin fela bæjarstjórninni sérstakari ákvörðun í því efni, að því viðbættu, að byggingarsvæðisins næst bænnum muni þurfa mjög bráðlega, en þarómóti síðar um sjálft miðbik ~~svæðisins~~ vegarins, sem einnig kemur mjög vel heim, þar eð bæjarsjóðurinn með því getur haft lengur not af beztu graslandinu.

Nefndin stingur upp á því, að mýrin fyrir neðan veginn ~~verði~~ sé skorin fram og þurrkuð upp og síðar smátt og smátt útvísuð til tómhúsa eða annara bygginga, og þykist nefndin sjá fram á það, að með því móti muni smátt og smátt geta áunnizt að koma allmörgum byggingum saman í heild, sem ekki sé kostbær með tilliti til gatha, vatnsbóla o.s.frv. og á hinn bóginn líka veita innbyggjurunum hagsmuni, svo sem grenn við kaupstaðinn aðgang að uppsátri, sérlega góðu til brúkonar um vorvertið m.m. Nefndin álitur ekki gjörlegu að gera neina uppástungu um almeant uppsáturstæði á Hlíðarhúsalóðinni að svo komnu, og á sama hátt álitur nefndin, að hún ekki þurfi að athuga neitt við það, hvornig tónvellir verði leigðir burtu, efað bæjarstjórnin gengur inná uppástungur nefndarinnar að því leyti allt verulegt (snertir) áhrærir, og er þessu hémeð skotið til atkvæða bæjarstjórnarinnar.

Byggingarnefndin vill þessutan sérilagi leiða athygd bæjarstjórnarinnar að því, að það virðist vera mjög nauðsynlegt að Hlíðarhúsavegurinn verði lengdur sem fyrst um 56l ál. því að það, að vegurinn sé lagður nú þegar muni geta orðið afaradrjúgt í Mörgu tilliti og stutt að því, að margar ráðstafanir sem gera þarf að öðrum kosti, komast á af sjálfa sér, með því að menn ganga að veginum sem vísum en ekki sem vonarkefli, og þetta er sá eini vegur, með hverjum smátt og smátt má veita fiskimönnunum athvarf, í stað þeirra þrengsla, sem á sjálfri kaupstaðarlóðinni leiða af framförum kaupstaðarins.

2. Var fyrirtekið að útvísa tómhússtæði á Hlíðarhúsalóðinni handa Birni Guðlaugssyni á Mel og Þórði Gíslasyni frá Lambastöðum. Menn þessir, sem báðir mættu, æktu eptir að geta fengið tómhús á lóð Ananaustahjáleigu, og studdu beiðni sína við að þeir vildi vera nálægt sjó.

Byggingarnefndin yfirleit þá lóð er menn þessir vildu fá, og álita að mest allt lóðarstykkið yrði tæplega skoðað sem tún, þar eð það er grýtt og með mýrarkenndum grassverði, en efri hlutinn væri þó að líkindum ljáberandi.

Birni Guðlaugssyni var þarnæst útvísuð lóð, sem takmarkast niður að sjónum, eptir sem svarðfast land ræður, og er 45 ál. á lengd frá vestri til austurs en 32 álnir á breidd frá frá suðri til norðurs í ferhyrning. Af þessum lóðarbletti skal Björn Guðlaugsson, eða síðari eigendur, þó vera skyldur til endurgjaldslaust eptir ákvörðun byggingarnefndarinnar að afstanda þá krafist er, niður að sjó, hvort heldur kosinn er renningur þessi 5 álna breiður austanvert eða vestanvert af lóðinni.

Þegarbygging sú, er Björn Guðlaugsson byggir, á að snúa í sömu stefnu og Ingimundar Sigurðssonar frá Bakka, eptir sem næst verður komið og landslag leyfir.

3. Þórði Gíslasyni var þarnæst útvísað tómhússtöði þar austur af, og takmarkast það eptir sem svarðfast land ræður við sjóinn, og er 45 ál. á lengd frá austri til vesturs, á breidd að vestanverðu 32 ál., en 25 ál. að austanverðu í óreglulegum ferhyrning. Af þessum lóðarbletti skal Þórður Gíslason eða síðari eigendur þó vera skyldur til endurgjaldslaust eptir ákvörðun byggingarnefndarinnar, þá krafist er, að afstanda 5 ál. til gangstígs, niður að sjó, hvort heldur kosinn er renningur þessi 5 ál. breiður, hvort heldur vestanvert eða austanvert af lóðinni.

Þegarbygging sú, er Þórður Gíslason byggir, á einnig að snúa í sömu stefnu og Ingimundar Sigurðssonar frá Bakka, eptir sem næst verður komið og landslag leyfir.

Þessar tvær útvisanir samþykkir byggingarnefndin að sínu leyti, en þeim skal skotið til samþykktar Stiptamtsins, eptir að bæjarstjórnin hefir sem jarðeigandi ákveðið, hvort hún vill afstanda þetta sveði úr þeim núverandi leigumála, til hvers byggingarnefndin ræður, og hvern lóðartoll hlutaðeigendur skuli greiða.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Jón Þórðarson.
Jón Ásmundsson. Jón Jónsson.

Ár 1866, þann 26. júní, átti byggingarnefndin fund með sér:

Var fyrir tekið af því að bæjarstjórnin hefir neitað samþykkið, sem Egandi að Ananaustum til útmælinga þeirra erfundin hefir fyrir tekið þann 2 l. f.m., til Björns Guðlaugssonar og Þórðar Gíslasonar að útvísa mönnum þessum (~~byggingarlóðir~~) byggingarstæði á ný. B. Guðlaugsson og Þórðar Gíslason voru báðir mættir.

1. B. Guðlaugssyni var útmælt tómhússtæði fyrir vestan lóð Ingimundar Sigurðssonar á Bakka, og takmarkast lóðin sjálfarmegin eptir sem svarðfast land ræður, en lengd lóðarinnar frá vestri til austurs 50 ál. en frá suðri til norðurs 45 ál. Bæringn á að vera í sömu stefnu og bygging Ingimundar Sigurðssonar á Bakka.

2. Þórði Gíslasyni var fyrir ofan þessa lóð útmæld lóðarspilda af sömu breidd og lóð B. Guðlaugssonar frá austri til vesturs 50 ál. og frá suðri til norðurs 45 ál., þannig að lóð hans nær upp að lóð bæjarins Mýrarholti. Bæjarbyggingin á að vera í sömu línu og bær Einarssonar í Mýrarholti. Báðir þessir menn skulu skyldir að greiða lóðartoll samkvæmt tilsk. 26. Sept. 1860, eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar hverar ~~þess~~ samþykkið sem jarðeigendur svo og stiftamtsins skal leitað.

Byggingarnefndin áskilur ennfremur að af lóðum þessum megi taka renning (~~endurgjaldslaust~~) til gangstígs niður að sjó eða út að vegi ef að fleiri byggingar skyldu verða byggðar þar í grenni, eptir sem á kann að standa, þó má þessi renningur ekki vera meira en 5 ál. á breidd.

3. Kaupmanni R. P. Tørgesen ávísað pakkhússtæði í norðaustur horni lóðar hans í einnar álnar fjarlægð frá lóð þeirri, er áður hefir fylgt Geirshúsinu (?), á hús þetta að smíða frá *Scandinavien* norðri til suðurs og vera á lengd 8 1/2 ál., á breidd 6 ál. samt ~~st~~ast í samband við íveruhúsið með skúr 4 ~~ál~~ á lengd og cirka 3 1/2 ál. á breidd. Byggingarnefndin fellst á þessa útvísun, þó með geymdum rétti fyrir Eganda nábúa lóðarinnar Consúl E. Siemsen ef hann skyldi hafa nokkuð við það að athuga að bygging þessi kemur til að standa svo nærri hans nú óbyggðu lóð.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson.
Jón Jónsson.

Mér sýnd.

Íslands stiptamt.

Reykjavík, þann 30. júní. 1866.
Hilmar Finnson.

Ár 1866, þann 16. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér.

Adjunkt J. Þorkelssyni ~~vestantvert~~ ásað við húsi hans í Lækjargötu á ~~ásta~~ skúrstæði 3 ál. á hvo~~n~~ veg í ferhyrning með litlu risi.

Fundi slitið.

A.Thorsteinsson. Jón Ásmundsson. Jón Jónsson.

Ár 1866, þann 22. September átti byggingarnefndin fund, og voru allir nefndarmenn mættir.

Tilstaðar voru Stiftamtmaðurinn yfir Íslandi, Dómkirkju-
prestur Ó. Pálsson. Umsjónarmaður dómkirkjunnar E. Waage,
formaður bæjarfulltrúanna J. Guðmundsson.

Var fyrirtekið eftir beiðni hlutaðeigandi yfirvalda að útvísa stækkun á þeim kirkjugarði er nú fylgir Reykjavíkur-
Dómkirkju, og sem er þvínær útgrafinn, þannig að þar x mjög
fljótt mun skorta legstæði.

Eftir að búið var að yfirlíta þau svæði, sem liggja í
grennd við téðan kirkjugarð, varð það samhuga álit byggingar-
nefndarinnar og þeirra, sem hlut eiga að þessu máli fyrir hönd
dómkirkjunnar, að í alla staði mundi hentast að kirkjugarður-
inn yrði lengdur frá norðri til suðurs 35 faðma og í sömu breidd
og kirkjugarðurinn nú er frá austri til vesturs 43 1/2 faðmar
hérumbil í reglulegum ferhyrning, þannig að kirkjugarðstígurinn
heldur sinni beinu stefnu.

Byggingarnefndin samþykkti að sínu leyti þessa útvísun,
og þótti henni ekkert vera ámoti því að aflagður yrði sá vegur,
sem nú er yfir hið útvísda svæði, og að vegurinn gengi fyrir
sunnan viðaukann við kirkjugarðinn, sem ekki nemur miklu í
samanburði við það hagræði að kirkjugarðurinn þá ekki þarf að
skiptast í tvennt af veginum.

Formaður bæjarfulltrúanna lét í ljósi, að frá bæjarstjórn-
arinnar hendi væri ekkert því til fyllestöðu, að hið útvísada
svæði yrði afhent Dómkirkjunni til stækkunar á hinum núverandi
kirkjugarði, einsog byggingarnefndin hefir samþykkt.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.
Jón Þórðarson. J. Ásmundsson. J. Jónsson.

Ár 1866, þann 10. Nóvember, átti byggingarnefndin fund.

1. Fyrirtekin beiðni J. Ólafssonar, sem á tómhúsið nr. 8 í Grjótagötu, um að rífa bæ sinn og byggja einloftað timburhús 8-10 áln. á breidd og 10 áln. á lengd. Byggingarnefndin samþykkti þessa útvísun þannig, að austurhlíð hins nýja húss á að vera í ^{línu} sömu líni og mynduð af stefnunni af ~~vestan~~ vestanverðu ~~ri~~ húsi frú Sveinbjörnsson og Madame Robb, og verður það þannig vestanvert í þeirri götu, sem á að ganga frá sjónum og meðfram húsi frú Sveinbjörnsson. J. Ólafsson verður þannig að afhanda nokkuð af lóð sinni til götu, og mun byggingarnefndin síðar taka það til yfirvegunar, einkum að því hvort ekki megi veita honum nokkurt endurgjald með lóðarauka.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.
J. Jónsson. J. Ásmundsson.

ár 1866, þann 22. Nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru allir nefndarmenn mættir:

1. Ávísað á Hlíðarhúsalóðinni fyrir austan hús Péturs Gíslasonar á Ananaustum til Sveins Guðmundssonar tómthússtæði á breidd til hinnar fyrirhuguðu götu Hlíðarhúsavegsins að sunnanverðu 28 ál. og á lengd 75 ál. meðfram lóð Gísla Þorsteinsonar er verður útvísað hér á eftir og á breidd að neðanverðu frá austri til vesturs 26 ál. og verður því lóðin í óreglulegum ferhyrning og styðjast lóðartakmörkun að neðanverðu af garði Bjarna Oddssonar í Garðhúsum en að ofanverðu af Hlíðarhúsaveginum. Tómthúsið á að byggja meðfram veginum og ber hlutaðeiganda að leita byggingarnefndarinnar, sem lætur einn af meðlimum sínum ákveða nákvæmar hvernig húsin skuli sett. (1)

Útvísun þessi er fyrirtekin þannig, að bæjarstjórninni og stiftsamntinu er geymdur réttur til samþykktar á henni og þar á meðal ákveður bæjarstjórnin lóðartoll á lóðinni eftir tilsk. 26. sept. 1860.

Efað lóðin ekki er umgirt og bygging á hana sett innan 2ja ára, fellur hún aptur til bæjarins án þess Sv. Guðmundsson geti gért tilkall til hennar.

2. Ávísað á Hlíðarhúsalóðinni fyrir austan tómthúslóð þá, sem Sveini Guðmundssyni er útmæld í dag, tómthússtæði til Gísla Þorsteinssonar á breidd til hins fyrirhugaða Hlíðarhúsaveggs að sunnanverðu 28 ál. og á lengd 75 ál. meðfram þvergötunni niðurbhá Mýrarholti, og að breidd að neðanverðu frá austri til vesturs 26 ál. og styðjist lóðartakmörkin að vestanverðu af garði Bjarna Oddssonar á Garðhúsum en að ofanverðu af Hlíðarhúsaveginum. Útvísun þessi er fyrirtekin að áskildu samþykki Stiftamtsins og bæjarstjórnarinnar, þar á meðal ákveður bæjarstjórnin lóðartoll af tómhúsinu samkvæmt tilsk. 26. Sept. 1860. Tómthúsið á að byggja meðfram veginum (~~Byggingarnefndin~~) sem lætur einn af meðlimum sínum athuga nákvæmar hvernig húsunum verður hagað og þau sett.

3. Magnús Pálssyni var þar næst á Hlíðarhúsalóðinni útvísað tómthússtæði fyrir ofan hinn fyrirhugaða Hlíðarhúsaveg vestast á Hlíðarhúsalóðinni. Var lóðin ákveðin 35 ál. á lengd út til Hlíðarhúsavegsins, og tekur nefndin fram að það sé nauðsynlegt vegna skékkjunnar á lóðinni að láta lóðina vera svo langa út til götunnar, lengd lóðarinnar upp frá veginum á mótinu suðri 40 ál. og frá suðausturtakmarkinu og í garðinn sé hún jafnhliða Hlíðarhúsaveginum 15 1/2 ál.

Gaflinn á þænum á að snúa út á mótinu götunni, og vera stæðilegur. Að öðru leyti ber honum að láta byggingarnefndarinnar þegar hana fer að byggja þæinn, sem lætur einn af meðlimum sínum athuga nákvæmar hvernig þæjarhúsunum verður hagað og þau sett. - Útvísun þessa til Magnúsar Pálssonar var samþykkt af öllum byggingarnefndarmönnum nema H. Jónssyni, sem ekki gat fallist á hana þar hann álitur, að þeim megin götunnar ætti enginn að byggja timburhús.

Útvísanirnar nr. 2 og nr. 3 falla úr gildi nema hlutaðeig-
endur innan tveggja ára hafi umgirt þær og byggt ~~forvaranleg~~
tómhús á heim. ^{viðunan}

Útvísun þessi er fyrirtekin með áskildu samþykki stift-
amtsins og bæjarstjórnarinnar, þar á meðal ákveður bæjarstjórnin
lóðartoll af þessum tómhúsum samkvæmt tilskipun 26. sept, 1860.

4. Pétri Gíslasyni ávísað stæði fyrir hjall á eigin
lóð, 6 áln. á lengd og 5-6 áln. á breidd fyrir vestan íbúðarhús
hans.

5. Kaupmanni H. Th. A. Thomsen ávísað á eigin lóð að
hann megi umbyggja skúrana á milli íbúðarhúss hans og búðar-
innar 5 áln. breiða og jafnháa þakskegginu á húsi hans með þak-
inu hallandi út til götunnar.

6. Factor Th. Stephensen fyrir hönd Consúl M. Smith
við eignina nr. 4 í Hafnarstræti útvísað pakkhússtæði á stakk-
stæði hans. Breidd götunnar yfir að pakkhúsi hans var ákveð-
in á vesturhorninu 23 áln. og þannig að breidd götunnar á lóð
kaupmanns Thomsens vestanvert verði 18 áln. Breidd þvergötunnar
frá Austurstræti á að verða 13 1/2 al. og afmarkast eftir stefn-
unni á þvergötunni vestanmegin. Með þessari ákvörðun leyfist
beiðandanum að byggja pakkhús 16 al. á lengd 14 áln. á breidd,
einloftað svo hátt undir lopt að ekki verði minna en 4 áln. und-
ir bita og með hæfilegu vísu. Byggingin á að snúa frá austri
til vesturs og sett þannig að Hafnarstræti verði þar 23 áln.
á breidd við vesturtakmörkin þar sem vesturgaflinn á húsinu
nær að, einsog fyrr var sagt og þvergatan 15 1/2 al. á breidd
fyrir utan tröppur.

Fundi slitið.

G. Lambertson. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmunds-
son. Jón Jónsson.

Ár 1866, þann 30. nóvember, átti byggingarnefndin fund með sér.

Fundarefnið er í dag innkomið bréf frá factor Stephensen af 28. f.m. um að hann geti ekki fallið á útvísan byggingarnefndarinnar dags. 22. f.m. og tjáði hann að hann hefði hugsað sér annaðhvort að pakkhús það, er hann áformar að byggja, hefði átt að standa á norðvestur horninu á á stakkstæðinu eða þá í 18 ára fjarlægð frá verzlunarhúsinu principal hans, Consúl M. Smith, og svo að vesturgötl hússins hefði átt að standa nær götusundinu hérumbil eptir þeirri (~~götu~~) línu, sem myndast breiddina á þvergötunni frá búðarskúr O. Möllers og beint yfir í lítið pakkhús á lóð consúls Smiths í þvergötunni. *+ hinumegin*

Byggingarnefndin getur nú ekki álitid að hið áformaða pakkhús geti staðið í norðvesturhornin á stakkstæðinu Consúls Smiths, því ~~á~~ sú bygging komi hvorki til að standa í beinni línu við hina neðri eða efri húsaröð sem áformast ~~er~~ sjávarmegin í Hafnarstræti.

Byggingarnefndin getur heldur ekki fallið á að þvergatan fái minni breidd en 13 1/2 al. því af minni breidd veiti ekki fyrir slíkt götusund, einkum ef að bryggja verði byggð þar fyrir framan, og ef þáta þarf að setja upp um sundið í stórflóðum, einnig líka að 13 1/2 al. breidd ekki sé of mikil fyrir almennan umgang og stöðum af verzlunarfólki við geymsluhúsið. Byggingarnefndin álitur hliðina á þvergötunni svo mikilvæg lögulegri að vestanverðu, að breidd þvergötnnar og stefna eigi að afmarkast eptir henni.

Að því leyti að til álita kemur að gefa Hafnarstræti 18 al. breidd fyrir framan verzlun Consúls Smiths þá er byggingarnefndin því fjarlæg, þaræð þar með eykst sá stóri bugur og viðhelzt sem er á Hafnarstræti, hvarámóti að þessi bugur minnkar ekki allítið við þá afstöðu pakkhússins, sem að afmörkuð var þann 22. f.m. og verður þar við eptir þeirri uppmælingu er nú átti sér stað breidd Hafnarstrætis frá vestur horni pakkhússins ~~er~~ 23 al. og frá austurhorninu 20 1/2. Þess þer að géta, að verzlunarhús Consúls Smiths sunnantil í götunni fannst að vera bogið um miðjuna með 11 þuml. af því að húsið er byggt saman úr tveimur eldri byggingum. Nefndin gengur út frá því, að þegar kaupmaður Thomsen á eigninni Hafnarstræti nr. 3 byggir á stakkstæðinu, þá verði gatan þar hérumbil 18 ál. á breidd, og eins að þegar að byggt verði fyrir framan eignirnar nr. 5 og nr. 6 á stakkstæðinu, þá verði afstaða þessara húsa hagað hérumbil í þeirri beinni línu, sem myndast af hinu áformaða pakkhúsi og pakkhúsi því er grosser P. C. Knudtson á nú framm á stakkstæðinu, og sem fyrr hefir legið undir eigninni nr. 6 í Hafnarstræti.

Af þessum ástæðum getur nefndin ekki fallið á að breyta þeirri útvísan, sem hefir átt sér stað þann 22. f. m. . . .

Factor Th. Stephensen var staddur við gjörð þessa.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson. J. Jónsson. Th. Stephensen.

Ár 1866, ^{hann} 5. Desember, átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Útvísað á Selslóðinni viðauki við hús bræðranna J. og S. Steingrímssona, vestanvert við húsið 3 1/2 al. á lengd 10 al. á breidd, og inngangsskúr cirka 3 ferálnir. Austanvert við húsið fyrirfannst að vera byggður skúr 3 al. ~~og~~ 20 þuml. á lengd og 10 aln. á breidd í sömu línu og húsið sjálft. Við útvísun þessa er áskilið samþykki lóðareigandans.

2. ~~Tættur~~ J. Jonassen útvísað hjall og pakkhússtöði, á lóð Brekkubæjar og lýsti hann því yfir, að hann þartil hefði samþykki lóðareigandans, hattamakara E. Sæmundssonar. Húsið verður á lengd 9 al., breidd ~~og~~ 6 al.* og í sömu línu og breidd og lítið pakkhús þar norðuraf. Byggingarnefndin samþykkir þessa útvísun að sínu leyti, en geymir að öðru leyti rétt sinn óskertan.

Lóðareigandannum

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson. J. Jónsson.

* leiðrétth : 5 al. 10 þuml.

Ár 1866, þann 18. desember, átti byggingarnefndin fund með sér, og voru mættir allir byggingarnefndarmennirnir nema kaupmaður G. Lambertsen.

1. Fyrirtekin beiðni (P. Péturssonar biskups), um að byggja hús sitt austurávið svolangt sem byggingarnefndin sér sér fært, og undir öllum kringumstæðum 6 ál.

Nábúi, jómfú W. Waage, var aðvöruð en ekki mætt.

Byggingarnefndin álitur að næsta mikið tali fyrir því, að biskup P. Pétursson sé leyft að lengja hús sitt um 7 ál. í það allramesta, en þó með því skilyrði að hann láti byggja allan gaflinn upp af heilum múr, svo að þeim mun meiri trygging ávinnist fyrir eldshættu, en nú þegar er, þar sem gaflinn á skúr biskupsins er klæddur með skífu og húsgaflinn sjálfur með timbri. Að öðru leyti hlýtur nábúanum jfr. Waage að geymast réttur að því leyti hið fyrirskipaða 10 ál. millibil milli bygginganna skerðist, en þegar húsið er lengt um 7 ál. þá verður einungis 4 1/4 ál. millibil á milli bygginganna.

Byggingarnefndin áskilur að múrinn á gaflinum skuli verða eldfastur.

2. Var af byggingarnefndinni yfirlitin sú bygging er Factor J. Jonassen er byrjaður það reisa eftir þeirri útmælingu er áður hefir fram farið þann 5. þ.m. og síðar var samþykkt af antinu, og var sú ástæða til þess að byggingarnefndinni þótti sjálfri næsta vísjarvert að farið var að reisa bygginguna öðruvísi en byggingarnefndin hafði samþykkt, og eins að formaður nefndarinnar frá Factor J. Jonassen hafði fengið bréf dags. í gær, um það, hvort hann mætti halda byggingunni áfram, eins og hún er byrjuð. Húsið fyrirfannst að vera reist að grindinni til og hálf þakið rúmlega, og var byggingin reist að grindinni til áður Lector J. Jonassen hafði leitað byggingarnefndarinnar.

Það fyrirfannst að húsið stóð nú í níu álna lengd frá austri til vesturs í staðinn fyrir að byggingarnefndin hafði útvísað 6 ál. eða réttarasagt 5 ál. og 18 þuml. og að húsið frá suðri til norðurs var 6 ál. Ístað þess er byggingarnefndin hafði útvísað 9 ál. og snéru gaflarnir á húsinu frá austri til vesturs, ístað þess að byggingarnefndin eftir ósk Factor J. Jonasson hafði ákveðið að þeir skyldi snúa frá norðri til suðurs. Suðurhluti grunnsins fyrirfannst að ná svo langt fram, að nefndinni þykir næsta vafasamt hvort að hann nái ekki hérumbil 1 feti oflangt inn á lóð hins svonefnda Kristjánshúss, og geymir byggingarnefndin eigandanum að þessu húsi rétt sinn óskertan að þessu leyti. Austurgrunurinn fyrirfannst heldur ekki að vera rétt lagður eftir hinni ávísuðu línu. Eigandi lóðarinnar Einar Sæmundsson var mættur og lýsti því yfir að hann hefði ekki gefið Factor J. Jonassen neitt samþykki til þess að byggja hinn áformaða hjall þannig, sem Factor J. Jonassen tjáði byggingarnefndinni þann 5. þ.m. og hann þá kvaðst hafa samþykki til.

Ath. Óvíst er hvort orðið "Factor" eða "Lector", sem skrifað er hér á nokkrum stöðum á blaðsíðunni, er rétt. Vélr.

Factor J. Jonassen mætti ekki þó hann væri boðaður á fundurinn, sökum þess að hann væri veikur. Þar með nefndin álitur að bygging þessi ekki sé reist samkvæmt þeim ákvörðunum er byggingarnefndin hefir gert þann 5. þ.m. og síðar er samþykkt af Stifamtinu og byggingarnefndin heldur ekki fyrirfinnur neina ástæðu til þess að samþykkja að húsið sé látið snúa einsog það nú gerir, á móti hverju eru fleiri ástæður, ákveður nefndin að Factor J. Jonassen eigi að fyrirbjóða framhald byggingarinnar á þann hátt sem byrjað er, og rífast niður á hans kostnað, ef þessu ekki er fullnægt með hæfilegum fresti. Ákveðið með 4 atkvæðum gegn einu (formanns).

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Jón Þórðarson.
Jón Ásmundsson. J. Jónsson.

Ár 1867, þann 16. janúar, átti nefndin fund með sér.
Í stað formannsins, land- og bæjarfógeta Á. Thorsteinsen, sem
sökum lasleika ekki gat mætt, var mættur, cand. júris L. Blöndal
samkvæmt löggildingu Stiptamtsins af C. C. sem var framlögð
svohljóðandi # # # #

Nefndarmenn voru mættir nema kaupmaður Lambertsen og snikk-
ari J. Ásmundsson.

Var fyrirtekið að útvísa eotir ~~framlögðum~~ ~~framlagðri~~
svohljóðandi beiðni kaupmanns, H. C. Robbs - # # # viðauka
við hús hans í Lækis götu að vestanverðu jafnlangann skúr þeim,
sem þar hefir verið og af sömu breidd og hæð eins og hús hans.

Beiðandinn, kaupmaður Robb var tilstaðar og lýsti því yfir,
að hann til áður greindrar á húsi sínu hefði samþykki faktors ^{lengingar}
J. Jónassens sem nábúa fyrir hönd Henderson - Andersons verzlun-
unar.

Faktor Jónassen var mættur og samþykkti að öllu þá fyrir-
huguðu útvísun og viðauka við hús kaupmanns Robbs.

Viðaukinn við húsið að vestanverðu var útvísaður og útmæld-
ur 7 ál. og 5' og er þá 12 ál. millibil milli hans og verzlun-
arhússins Glasgow. Breidd viðaukans, sem er jöfn breidd húss-
ins, er útmæld 12 ál.

Nefndin tekur fram við kaupmann Robb, að viðaukinn við
húsið ekki nái lengra en útvísað er, svo að hann ekki komi í
bága við rennistein þann, sem er þar þétt við.

Fundi slitið.

Lárus Blöndal, est. H. Jónsson. Jón Þórðarson.
J. Jónsson.

Ár 1867, þann 14. marzmánaðar átti byggingarnefndin fund og voru allir byggingarnefndarmenn mættir að frásældum J. Ásmundssyni og J. Þórðarsyni.

Framlögð beiðni kaupmanns H.Th.A.Thomsen af 13. b.m. svohljóðandi: # # #

Kaupmaður Thomsen skýrði frá, ^{að hann} ef að hann ekki gæti komið sér öðruvísi hefði áformað að rífa búðarhús sitt eða flytja það burt og í stað þess vildi hann byggja nýtt búðarhús á eina eða tvær Etager með sömu línu til götunnar og hið núverandi gamla búðarhús, en breikkað inni garðinn 12 á 14 ál. eptir kringumstæðumum. Lengd hinnar nýju byggingar verður hin sama og á því gamla búðarhúsi.

Kaupmaður Thomsen skýrði ennfremur frá, að hann, ^{að} ef honum ²skyldi ekki opnast annar útvegur eptir samkomulagi við nágretta sína hefði í áförmi að flytja hið núverandi búðarhús í sama formi og það er nú á vesturhluta lóðar sinnar og yrði það því að standa frá norðri til suðurs og að cirka 35 feta breidd á götunni, eptir sem verður ákveðið um það leyti grunnurinn verður lagður.

Byggingarnefndin samþykkir þessar tilhaganir á húsbyggingum kaupmanns Thomsens að sínu leyti, en getur þó ei látið óathugað að það í engan stað er heppilegt að hið gamla ~~búðarhús~~ ~~það~~ ~~búðarhús~~ sé látið snúa frá norðri til suðurs, en annars ~~er~~ ^{urkostar} skerta sé ekki nema hann komi nær nábúum sínum en sem svarar 10 ál. Þar á móti lýsti kaupmaður Thomsen því yfir, að hann vænti þess að geta gert samkomulag við kaupmann Siemsen, að hann með cirka 35 ál. breidd á götunni, gæti byggt búðarhúsið upp á stakkstæðinu og látið hið núverandi krambúðarhús standa. Slík bygging yrði 22 ál. á lengd og 12 á 14 ál. á breidd. Byggingarnefndin álitur að með slíkri byggingu sé gengið (á) lóð nábúans, ~~Samúel G. Sveinsens~~ svo nærri, að hann samþykki þurfi en ef að það næðist, þá tali næsta mikið fyrir því að ~~Th.~~ ^{Hr.} Thomsen sé leyft að byggja á þennan hátt, þó svo að hann undirkastar sig því að hafa gaflinn móti austri nokkuð eldfastari, einsog áskilið hefir verið í líkum tilfellum, og nákvæmar yrði tiltekið ef til kæmi. Byggingarnefndin lætur þess getið að lóðir kaupmanns Thomsens og ~~Sveinsens~~ upprunalega hafa verið sameinada í einni útmælingu til kaupmanns Sál Sívertsen, dags. 16. maí 1835.

—* Siemsen

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.
J. Jónsson. H. Th. A. Thomsen.

x Consul E. Siemsen

Ár 1867, þann 25. Marsmánaðar, átti byggingarnefndin fund með sér. Forfall hafði tjáð meðlimur byggingarnefndarinnar, snikkari J. Ásmundsson.

Mætti herra organisti P. Guðjohnson og var þar næst fyrirtekin beiðni hans svolátandi: # # #

Við uppmælingu á lóð þeirri er fylgir hinu fyrverandi Etablássementi J. Markússonar á hvorri beiðandinn, sem réttur umráðandi nú hefir beiðst útmælingar, fyrirfannst hún hérumbil eins og til er tekið í útmælingargjörd 4. nóv. 1841. Beiðandi útvísunar þessarar lét í ljósi að hann óskaði hina áformuðu byggingu, sem á að vera alveg úr steini með járnþaki, setta út að strandgötunni með gaflinn hérumbil í sömu línu og norðurgafllinn á verzlunarhúsum Henderson-Anderson & Co. ^{útvísar} og með vesturhlidina út að því fortangi eða stétt, sem myndar gangstíg fyrir framan verzlunarhús Henderson & Anderson Co. Verður eptir því austurhlid byggingar þessarar í cirka 6 álna (fjarlægð) fjarlægð frá suðvesturhorninu á vestasta pakkhúsi eignarinnar nr. 12 í Aðalstræti og í 5 ál. fjarlægð frá norðvestur horni þess.

Factor J. Stephensen fyrir hönd kaupmanns W. Fischer, sem eigandi að eigninni nr. 12 í Aðalstræti, krafðist þess að byggingin yrði sett í 10 ál. fjarlægð frá vestasta pakkhúsinu við eignina nr. 12 þaræð þetta millibil ekki meti vera ~~meira~~ heldur en Placatið ^{minna} af 29. maí 1839 tiltekur.

Byggingarnefndin komst til þeirrar niðurstöðu að það að vísu væri svo, að 10 ál. millibil ætti að vera á milli allra bygginga, sem byggðar eru að nýju, og það væri þessi bygging ~~reist~~ að mestu, þar sem hún núverandi sölubúð á eignina nr. 1 í Lækjargötu, er á að rífast niður er einungis rúmur 1/4 hluti á móti hinn nýju byggingu allri, en hér við væri athugandi að bygging þessi ætti alveg að vera af steini, og því hvað eldsvoða áhrærir af óeldfimara efni en þar byggingar sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Það væri líka athugavert, að efað sú skyldi verða niðurstaðan við dómstólana að byggingin ekki mætti standa með hinum áformuðu gluggum nema í 10 ál. fjarlægð þá væri, enda þó byggingin stæði í 5 á 6 ál. fjarlægð frá pakkhúsinu við eignina nr. 12 byggingarlögunum alveg fullnægt með því að gluggarnir á þeim litla hluta hússins sem snýr útað byggingum á eigninni nr. 12 væri múraðir til eða lokaðir með eldföstum hlerum, og þar sem nú þetta hlyti að verða hin strangasta niðurstaða við dómstólana sem hugast getur og alveg fullnægjandi, getur byggingarnefndin ekki fundið neitt sérlega athugavert við að fallast á að byggingin sé reist á hinn áformaða hátt. Þess ber að geta að pakkhúsið það sem stendur vestast á lóð eignarinnar nr. 12, er mjög lágt, 7 fætur upp undir þakskegg 5 1/2 ál. á breidd og 18 álna 22 þuml. á lengd og stendur nokkuð afskekkt, þar sem fyrir austan það er garðurinn cirka 12 ál. frá austri til vesturs, sem aðskilur það frá öllum verulegum byggingum.

—X reyndar

1) Mun líklega ~~þífa~~ að vera "Planið".

eiga

—Vélr.

Hin áformaða bygging verður að norðanverðu, í hérumbil 12 1/2 ál. fjarlægð frá verzlunarhúsum Henderson Anderson & Co., og nokkuð meiri sunnar, í hið minnsta 15 ál. Þetta sund myndar nú gangstig fyrir framan húsið, sem er hérumbil á sama svæði og hún fyrverandi Borgarabæjarstigur. Byggingarnefndin finnur að sínu leyti ekki neitt sérlegt að því leyti henni viðvíkur að athuga við þessa afstöðu hússins að vestanverðu.

Factor J. Stephensen geymdi sér rétt sinn óskertan að því leyti hin áformaða bygging yrði sett nær lóð eignarinnar nr. 12 en 10 ál. Uppl.*

Herá Guðjohnsen geymdi sér einnig rétt sinn óskertan, til að fá það afgert við dómstólana hvort að hið vestasta pakkhús á eigninni nr. 12 hefði nokkurn rétt til að standa á þeim stað sem það nú er.

Er svo gjörð þessi þannig fyrirtekin af byggingarnefndinni að geymdum óskertum sérhvørs betra rétti með lögum og dómi.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H.Th.A.Thomsen. G. Lambertsen.
H. Jónsson. Jón Þórðarson. J. Jónsson.

x = uppl. á
~~blending~~ ~~stærð~~ ~~í~~ ~~þess~~ ~~gæti~~
~~með~~ ~~lit~~ ~~á~~ ~~þess~~

Ár 1867, þann 12. apríl, átti byggingarnefndin fund.

1. # Var fyrirtekin beiðni organista Guðjohnsens svohljóðandi, # um að fá leyfi til að umbyggja skúr, sem er norðanvert við húsið nr. 2 í Tjarnargötu og flytja hana nokkuð austur á við. Skúr þessi verður nú nokkuð lengri eða 10 ál. og á breidd 2 1/2 al. með lítilli bust.

Byggingarnefndin hefir ekkert við þessa útvísun að athuga, þó að geymdum rétti nábúans á eigninni nr. 1 í Tjarnargötu, þar hann ekki var mættur, ef hann skyldi hafa nokkuð að athuga við þessa útvísun.

2. Beiðni Lektor theol S. Melsted svohljóðandi: # # # um að um að rífa niður geymsluhús sitt á eigninni nr. 2 í Austurstræti, og byggja það upp í sömu línu og íbúðarhús hans. Nefndin samþykkti í öllu byggingarplan beiðandans, þó svo að geymsluhúsið hafi sömu hæð undir þak og íbúðarhúsið.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. J. Lambertsen. H. Jónsson.
Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson. J. Jónsson.

Ár 1867, þann 13. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér.

Fundarefni var að adjunkt G. Magnússon hafði mótmælt ~~útmælingu~~ (mælingu) útvísan byggingarnefndar í gærdag, með bréfi svohljóðandi: # # #

Mættir voru organisti P. Guðjohnsen og adjunkt G. Magnússon, hinn fyrri sem umráðandi eignarinnar nr. 2 og hinn síðari eigandi eignarinnar nr. 1 í Tjarnargötu. Hvorugur þessara manna gátu sýnt lóðarbréf eða útmælingargjörð fyrir lóðum þeim er fylgja eignum þeirra.

Á milli lóðanna frá austri til vesturs, fyrirfundust frá vesturtakmörkunum skíðgrindur, nokkuð sligaðar að ofan, sem höfðu stefnu nokkuð inn á tóptarhorn að austanverðu, ná grindur þessar austureptir fram á móts við norðvesturhornið á eigninni nr. 2, þaðan er tveimur borðum fest í nokkrum skáhalla inná skúr, sem er nú norðantil við húsið nr. 2. Skúr þessi er hér um bil 5 ál. á lengd og engin girðing fyrir austan aðalbygginguna. Á austurparti takmarkanna fyrirfannst tóptarbröt, hér um bil 6 fet 5 tuml. frá aðalbyggingunni nr. 2, og liggur suðurveggur þessarar tóptar meðfram húsinu í líkri afstöðu. Milli þetta fannst að vera alveg ógirt og vildi organisti Guðjohnsen helga sér það, sem eign sína, en adjunkt G. Magnússon norðurhlutann af því, allt að miðjum nærri nokkrum mjóum, *X ræsir(?)* sem er hérumbil um alin frá húsinu nr. 2.

Byggingarnefndin ályktaði, að úr því að svæði þetta frá tóptinni og yfir að húsinu nr. 2 væri alveg ógirt, þá ætti hvorugur ~~þessara~~ af nábuunum eignanna nr. 1 og 2 nokkurt tilkall til þess samkvæmt Pl. 29. maí 1839, 2. grein, með því þetta svæði ekki hefir verið afgirt hin síðustu tvö árin og enda mjög langan tíma. Eftir því nær lóð eignarinnar nr. 1 í Tjarnargötu einungis að suðausturhorninu á tópt þeirri, sem snýr út að Tjarnargötu.

Byggingarnefndin áleit, eftir að ekkert samkomulag gat áunnist milli hlutaðeigandi, að engin ástæða væri til að breyta útvísan byggingarnefndarinnar í gærdag, og væri ekki hér um neina nýja byggingu, heldur um lítilfjörlegan skúr að ræða, sem að verður 2 1/2 al. á breidd og 10 ál. á lengd, í stað þess skúrs, sem nokkuð vestar á sömu hlið er þar nú og verður rífin. En að öðru leyti, þar sem þessu er þannig varið, og hinn áformaði langskúr ekki væri útað götunni, að 10 ál. bilið milli eignanna nr. 1 og 2 eigi að reiknast eftir norðausturhorninu á aðalbyggingunni nr. 2, hefir þannig eigandinn að eigninni nr. 1 ekki misst neinn rétt til þess að lengja hús sitt ~~niður~~ við, ef hann með tímanum skyldi óska þess, en þessa hef- *stundur* ir hann ekki beiðst nú sem stendur, heldur haldið því fram, að eign hans ekki missi neinn rétt til lengingar suðurávið fyrir það að þessi skúr sé ~~ventur~~ *reistur* langs með eigninni nr. 2 að norðanverðu.

Byggingarnefndarmaður, Jón Ásmundsson, gat ekki samþykkt úrskurð byggingarnefndarinnar, þar ~~ad~~ hann álitði að húsið nr. 2 ekki muni eiga nema tæpar tvær álnir norður fyrir sig, og fer

X 11 = Placet

hann eftir nokkurskonar garðhryggur, sem er undir skíðgrindum heim, sem áður er talað um, í stað þess að byggingarnefndin á heim takmörkum hefir farið eftir þeim girðingum sem fyrirfundust.

inn
dó
ásig
VDSINU
stíttar

Að öðru leyti athugar byggingarnefndin að húsið nr. 2 upprunalega hefir verið torfbær og veggjunum rutt frá honum en tiljum slegið á umviðina. Hafi nú einnig þessi veggur einnig vanalega tíðkast á torfbæjum, verið 2 1/4 til 2 1/2 al. breiddur að neðan, þá hefir sú breidd að minnsta kosti heyrt til lóðinni, sem bærinn stóð á. Byggingarnefndin álitur að hvað eldsvoða áhrærir, þá sé eftir (sam)komulagi byggingunni nægilegt 10 al. svæði einsog það eftir ofansögðu verði talið, því að nokkur hluti af hinum áformaða skúr verði á því svæði reiknuðu frá byggingunni nr. 2, en þess ber að gæta að með þessu nú útvísaða skúr, þá er óbyggða svæðið milli húsanna nr. 1 og 2 fullkomar 10 ál.

Aðjunt G. Magnússon neitar því um veggbreiddina alveg sem ósönnuðu, því að gamall veggur hafi staðið þar til forna. Í öðru lagi vill hann álíta, að hann eigi útá miðjunni rému eins og útihúsbrott þar útvisar. Í þriðja lagi leyfir hann sér að efa að nábúi, sem eigi 5 ál. af lóð eða minna, megi byggja nær lóðartakmörkum bó að hinn nábúinn eigi meira en 5 ál. nema samþykki hans komi til. Loks mótmælir hann þessari útvisun byggingarnefndarinnar er framför í gær, og áskilur sér að öllu óskertan rétt sinn í þessu. Uppl.

Svo
bitra

Er nú gjörð þessari lokið, og verður skotið til aðgjörða stífamtsins - að geymdum sérhvors rétti^m að lögum og dómi.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þorðarson. Jón Ásmundsson. P. Guðjohnsen. G. Magnússon.

Ár 1867, þann 11. maí, átti byggingarnefndin fund. Í föllum land- og bæjarfógeta Á. Thorsteinsson var mættur cand. jüris Lárus Blöndal. Nefndarmaður Jón Þórðarson var ekki mættur.

Var þá fyrir tekin beiðni O. P. Hjaltested er var framlögð svohljóðandi: # # # um að mega færa trégafl þann, sem er í suðurenda torfbæjar hans að Þingholti, 1 1/4 al. suður á við jafnlangt kömbum eða torfveggjum bæjarins.

Beiðandinn var mættur, sömuleiðis snikkari og nefndarmaður Helgi Jónsson, sem nábúi beiðandans að sunnan.

Helgi snikkari Jónsson lýsti því yfir, að hann í krafti útmælingarskjals síns, frá 30. maí 1849, fyrir húsi sínu, er hann framlagði, og samkvæmt laganna fyrirmælum í Pl. 29. maí 1839, yrði að mótmæla þeirri fyrirhuguðu lengingu á suðurgafli bæjar beiðandans, þar sem millibilið milli þessa gafls, eins og það nú er, og húss hans aðeins væri tæpar 10 ál., og fyrirfannst þetta við útmælingu að vera svo.

Sökum þessara framkomnu mótmæla sá nefndin sér ekki fært að leyfa beiðandanum þá umtöluðu og áformuðu framlengingu á suðurgafli bæjar hans, einkum þarsem beiðandinn ekki gat tekið upp á sig, sem stendur, að hafa gafl þenna úr eldföstum steini.

Fundi slitið.

Lárus Blöndal, settur. G. Lambertsen. Jón Ásmundsson.
J. Jónsson. O. P. Hjaltested. nærstaddur H. Jónsson.

Ár 1867, þann 14. Maí, átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

1. Ítrekun Ólafs Hjaltested, um að honum mætti leyfast að færa fram suðurgaflinn, sem nú er af timbri, á (~~húsi~~) hans, bæ er hann nú hefir eptir bréfi dags. 13. þ.m., í áformi að byggja hann af eldföstum múr. Eptir að Helgi snikkari Jónsson hafði lýst yfir álitinu sínu um þessa breytingu í þá átt að hann ekki beinlínis vildi mótmæla henni, samþykkti nefndin að Ólafur Hjaltested megi færa út suðurgaflinn á bæ sínum, sem nú er úr tré 1 al. 6 þuml. með svofelldu móti, að gaflinn sé hlaðinn upp af eldföstum múr, eptir sem byggingarnefndin gerir sig ánægða með, og að öðru leyti efað bærinn skyldi verða (rifinn) og refin timburhús byggt í stað þess, að sú bygging ekki komi nær húsi snikkara H. Jónssonar en 10 ál. og eins að bærinn hafi sömu hæð og ekki hærrí en nú er.

2. Páls Eyjólfssonar beiðni um hús við alfaraveginna í Ingólfsbrekku eða Arnarhólsholti. Eptir að byggingarnefndin hafði athugað lóðatakmark að húsinu nr. sem járnsmiður J. Helgason á nú, samdist svo um með honum, að lóðartakmark hans að austanverðu skyldu héreptir vera nærhæfi í rétt vinkilhörn frá Þjóðveginum og í suðurhornið á garði hans úr steini rétt við veginn, sem hlutaðeigendur J. Helgason og P. Eyjólfsson lofuðu að merkja og auðkenna, og á Jónas Helgason að leggja til 10 ál. millibilið á milli bygginganna að ~~vestanverðu~~. Úr aust- þessum takmarkum fær Páll Eyjólfsson lóð, sem meðfram veginum er 30 ál. á lengd, og er áskilið 5 ál. sveði frá veggnum til ~~forlags meðfram veggnum~~ Hinnum. Lóðin frá suðri til norðurs nær að ~~vestanverðu niður~~ Hinnum suðurhornið á garði J. Helgasonar, og er þar 30 al. á breidd og heldur sömu breidd ~~suðurávið~~ austur ávið þangað til lóðartakmark ~~kans~~ (koma) í beinni vinkillinu frá alfaraveginum. Páli Eyjólfssyni var ávísað að hann mætti byggja hið áformaða hús 9 ál. á lengd frá austri til vesturs og 8 ál. á breidd úr timbri, á hæð undir lopt ekki minna en 4 ál. og risi ekki minna en í vinkil, og má það standa hvorumegin ræsisins, sem er undir alfaraveginum en vera skal. Páll Eyjólfsson ~~xx~~ eða síðari eigendur skulu skyldir að leggja til 10 ál. óbyggðar á austurhluta lóðarinnar til fjarlægðar frá öðrum byggingum. ~~Botnrás~~ undir alfaraveginum má ekki stöðvast eða hindrast. Vatns

Sé lóðin ekki byggð eða afgirt innan 2ja ára, fellur hún aptur til bæjarins.

Fundi slitið.

Á. Thorsteinsson. J. Jónsson. Jón Þórðarson.
P. Eyjólfsson. Jón Ásmundsson. O.P. Hjaltested. H. Jónsson.
J. Helgason.

Ár 1867, þann 25. Maí. átti byggingarnefndin fund og fyrir tekin :

1. Beiðni Þórðar Guðmundssonar um að fá útvísað tómhússtæði svo hljóðandi:

Lóðin, sem Þórði Guðmundssyni útvísað er þannig, suður-takmörkin á lóðinni eiga að vera alveg í sömu línu og norður-hlið túngarðsins á Grímsstöðum og 50 ál. á lengd. Austurhlið og vesturhlið lóðarinnar er 60 ál. á lengd hver og norðurhliðin 50 ál. Öll lóðin í lítið eitt tígulmynduðum ferhyrning, milli norðvesturhornsins á lóð M. Þorkelssonar á Grímstöðum og suðausturhornsins á lóð Þórðar Guðmundssonar verður 27 ál. langt svæði, sem er ætlað til vegar. Milli norðausturhornsins á lóð Þórðar Guðmundssonar og suðvesturhornsins á fjárhúsi M. Þorkelssonar eru 91 1/2 al.

Þórði Guðmundssyni er heimillt að byggja tómhús fyrir sig á þessari lóð, bó svo að í öllu tilliti sé sennilega frá því gengið.

Honum var tilkynnt, að hann af lóð þessari yrði að greiða tómhús toll eptir tilsk. með þeirri upphæð er bæjarstjórnin um leið og hún samþykkir útvisun þessa ákveður, og undirgekkst hann það.

Sé lóðin ekki byggð og afgirt eptir 2 ár, fellur hún aptur til bæjarins.

2. Beiðni Hans Jónssonar um útvisun á hjallstæði. Honum var ávísað stæði fyrir hjall 4 1/2 al. á breidd og 6 ál. á lengd fyrir norðan kálgarð Sigurðar Þórðarsonar á Hlíðarhúsalóðinni vestanvert við götusundið niður að sjónum í 1 al. fjarlægð frá téðum garði, og má vesturhlið hjallsins ekki ganga lengra út en vesturhlið kálgarðsins ræður. Við útvisun þessa er áskilið samþykki bæjarstjórnarinnar, svo og að Hans Jónsson endurgjaldslaust afstandi lóðina og flytji hjallinn burtu, ef þar sem hann stendur þarf að útvísa reglulegu húsabyggingarstæði eða götu eptir ákvörðun hlutaðeigandi yfirvalda.

3. Ólafi Guðlaugssyni á Hlíðarhúsum leyft á eigin lóð að lengja hjall sinn 3 ál. til austurs.

4. Jóni Guðmundssyni á Hlíðarhúsum leyft á eigin lóð að lengja hjall sinn 3 ál. til austurs.

Fundi slitið.

Á. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Ásmundsson.

Ár 1867, þann 29. júní átti byggingarnefndin fund með sér.

Í stað formanns, land- og bæjarfógeta Á. Thorsteinsson var mættur cand. juris Lárus Blöndal, samkvæmt löggildingu Stipt-
amtsins af C. C.

Meðlimir byggingarnefndarinnar voru allir mættir:

1. Var fyrirtekin beiðni frá Jóni Vigfússyni, um að honum yrði mæld út á lóð bæjarins Vegamót(a), staði undir bæ. Beiðandinn var mættur ásamt lóðareigandanum Jóni Jóhannes-
syni og var beiðandanum útmæld 45 ál. á lengd frá norðri til suðurs sunnan af lóðinni og 65 ál. á breidd frá austri til vest-
urs. Á þeirri þannig útmældri lóð var beiðandanum útvísað bæj-
arstaði 11 ál. á lengd og 15 ál. á breidd og var honum sagt að hafa bæinn í sömu línu og stefnu sem bærinn Vegamót er.

Beiðandinn lýsti því yfir að hann hefði fengið lóð þessa á leigu hjá lóðareigandanum, sem kvaðst framvegis svara tolli af allri lóðinni.

2. Var fyrirtekin beiðni Jóns Ólafssonar, í Finnboga-
bæ, sem var mættur, og var honum útmelt 2 ál. viðauki til norð-
urs við hússtaði það, sem honum þegar áður hefir verið útvísað á lóð sinni.

3. Þvínæst var fyrirtekin beiðni formanns skotfélagsins og þeim útmelt lóðarstrimill 30 ál. á breidd frá garði bakara-
túnsins (Melkotstúnsins) til suðurs, gengur lóðarstrimmill þessi í beinni línu með túngarðinum niður á við til austurs að tjörninni, en þó svo suðurlínan gengur beina sjónhending í tjörnina svo strimillinn verður mjórri þar sem túngarðurinn gengur eða beygir suður á við.

Var þessi útmæling þannig fyrirtekin af nefndinni upp á væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar.

4. Loksins var fyrirtekin beiðni Jóns Jónssonar á Mels-
húsum og honum útmelt á lóð sinni staði til hjalls 5 ál. á lengd og 4 ál. á breidd fyrir vestan bæ hans, í beinni stefnu og línu með hjöllunum þar norðurundan, þannig að milli þessa hjalls og hjalls Árna Bjarnasonar í Melshúsum sé ekki minna en 1 1/2 ál. og var beiðandanum (gert) gjört að skyldu að girða þetta millibil milli hjallanna, og hafa útgöngu úr hjallinum að austan.

Fundi slitið.

Lárus Blöndal, settur. G. Lambertsen. H. Jónsson.
Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson.

Ár 1867, þann 5. júlí, átti byggingarnefndin fund með sér. Tilefni fundarins var, að byggingarnefndin 29. f.m. hefir fengið bréf frá hr. S. Jacobsen, um það Henderson, Anderson & Co., ekki hafi sem réttasta hugmyndir um takmörk lóðar þeirrar, er fylgir húseigninni nr. 1 í Læknisgötu og hefur hann því að því leyti hann sé eigandi að téðri lóð, beiðst þess af nefndinni, að hún fyrirtaki nýja útmælingargjörð á nefndri lóð, svo sjá megi stærð og takmörk þessarar lóðar eptir útmælingargjörð 4. nóv. 1841. L 97

Byggingarnefndin álitur, að ný útmælingargjörð á þessari lóð ekki þurfi að eiga sér stað, ~~og þá~~ og að sérlegum vandkvæðum sé bundið að fyrirtaka uppmælingu á lóðinni eptir útmælingargjörð af 4. nóv. 1841, að hverri aðdragandi finnst í eldri útmælingum af 24. ágúst 1807 og 20. ágúst 1830, sem eru fyrirteknar þannig, að vart verður á heimbyggt með fullkominni vissu eptir svo langan tíma og breytingar á ýmsum auðkennum á lóðum eignarinnar nr. 12 í Aðalstræti og nr. 1 í Læknisgötu.

Sú lóð, sem eigninni nr. 1 í Læknisgötu fylgir, eptir hinni fyrirskipuðu og viðteknu mælingu bæjarstjórnarinnar ár 1860, eptir hverri lóðartollur er krafinn, er 26 ál. til suðurs, 59 ál. til vesturs, 27 1/2 al. til norðurs, og 53 ál. og 12 þuml. til austurs, eptir mælingunni 4. nóv. 1841, nær lóðin 25 ál. til suðurs, 54 ál. til vesturs, 25 ál. til norðurs og 54 ál. til austurs, og kemur þessi mæling að stærðinni til sem næst heim við mælingu á lóðinni, eins og drepið á í gjörð byggingarnefndarinnar dags. 25. maí þ.á., en af þessu leiðir/þeinlinis H 111111 ekki, að þessar lóðir séu þær sömu í bæði skiptin (identiske).

Byggingarnefndin tekur ~~þá~~ fram, að í þeirri lóð, sem mæld ~~er~~ er 1860, virðist að vera fallin lóðarpartur, sem þann 12 maí 1857 var af byggingarnefndinni ávísaður Vilborgu Jónsdóttur, sem eiganda að Borgarabæ, 24 al. frá austri til vesturs og 11 ál. frá suðri til norðurs, en sé svo, að þessi lóðarblettur, sem er hinn syðsti hluti af lóðinni eptir mælingunni 1860, og með kaupsali hefur fallið undir lóðina nr. 1 í Læknisgötu, meðan að H. C. Robb hefur átt þessa eign, hafi tilheyrt þeirri lóð, sem upprunalega var ávísuð eigninni 4. nóv. 1841, þá álitur nefndin það liggja fyrir utan sinn verkahring, að leggja dóm eða fullnaðarálit nú á, hvort þessi lóð hafi upprunalega heyrt undir lóð þá, er uppmæld var 1841, og ef svo er, hvert eða með hverjum rökum að þessi ~~hluti~~ hafi gengið undan eign- L 111111 inni nr. 1 í Læknisgötu, þangað til hann með sölu frá Borgarabæ aptur féll undir þessa lóð. Til hins fyrra ber sú ástæða, að nefndin ekki treystir sér að mæla upp lóðina eins og hún var ákvörðuð 1841, og til beggja stríðanna, að nefndin álitur, að ef ágreiningur milli nábúalóðanna á sér stað, þá heyra slík atriði öllu fremur undir úrgreiðslu dómstólanna og upplýsingar fyrir þeim eptir öllum þeim sönnunum, sem ~~á~~ máls á ýmsa vegu að geta útvegað sér.

Það virðist að vísu eptir afstöðunni að vera nokkur ástæða til þess að álíta, að lega og afstaða lóðarinnar eins og hún er ákveðin 1860 og 1841 falli saman, en að fullyrða það er ekki fært, ef ekki af öðrum ástæðum, þó með því að byggingarnefndin

hefur ástæðu til að halda eptir sögn einstaks manns, að lítið hús hafi staðið sunnan til á lóðinni í fyrri tíð, að bæjarstjórnin léti reyna til að grafa brunn einhverstaðar á þessu svæði á milli 1840 - 1850, að bæjarstjórnin og byggingarnefndin mótmælalaust árið 1857 hefur afstaðið öðrum lóðina, að það hvergi sést, að kaupmaður J. Markússon hafi helgað sér þessa lóð, en til þessa geta verið þrjár ástæður, sem byggingarnefndin ekki getur um borið, ni. annaðhvort, að hann alls ekkert tilkall nokkurntíma hafi átt til blettans, eða að hann hafi misst tilkall til blettans, eptir öpn. br. 29 - maí 1839, eða að hann hafi afstaðið rétt sinn yfir blettinum.

Fundi slitið.

- A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. J. Jónsson. Jón Ásmundsson.

... er ástæða til að halda eptir sögn einstaks manns, að lítið hús hafi staðið sunnan til á lóðinni í fyrri tíð, að bæjarstjórnin léti reyna til að grafa brunn einhverstaðar á þessu svæði á milli 1840 - 1850, að bæjarstjórnin og byggingarnefndin mótmælalaust árið 1857 hefur afstaðið öðrum lóðina, að það hvergi sést, að kaupmaður J. Markússon hafi helgað sér þessa lóð, en til þessa geta verið þrjár ástæður, sem byggingarnefndin ekki getur um borið, ni. annaðhvort, að hann alls ekkert tilkall nokkurntíma hafi átt til blettans, eða að hann hafi misst tilkall til blettans, eptir öpn. br. 29 - maí 1839, eða að hann hafi afstaðið rétt sinn yfir blettinum.

Ár 1867, þann 11. júlí, átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var fyrirtekin beiðni frá Hjálmarsen um að fá að byggja skúr á lóð ekkjufrúar E. Thorsteinsson, og var hin ^ááðar- nefnda til staðar og veitti þartil sitt samþykki eftir þeim skilmálum er þær báðar semja nákvæmar sín á milli. Skúrinn á að vera 3 ál. á breidd og 8 ál. á lengd, úr timbri, verður hann í 2 ál. fjarlægð frá austurhlíð á byggðri lóð húss M.ðme Thom- sen í Grjótagötu, og á að vera með norðurhlíðina í sömu stefnu og norðurgafllinn á móskúr þeim, sem er áfastur við norðurhlíð- ina á húsi frú Thorstensen. (Lengdarhlíð skúrsins snýr á mótí norðri og suðri.) Skúrinn á að vera með átta álna hliðina frá austri til vesturs, og verður með hálfþaki, sem snýr mótí norðri.

2. Beiðni jfrú Vígðísar Waage um að fá endurnýun á út- mælingu byggingarnefndarinnar, dags. 1. apríl 1864. Byggingar- nefndin neitar eftir kringumstæðunum að endurnýja útvísun þessa, og álitur þess ~~þetta~~ engi þörg þar lóðin sé fallin sem ónotuð aptur undir bæinn, og hún því ekki geti fengið neinn forgangs- rétt fyrir öðrum til að byggja á þessum stað. Bæjarfógeti A. Thorsteinsson tók fram, að hann stíð hefði verið á mótí þess- ari útvísun, sem óheppilegri og væri það enn.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Jón Þórðarson.
Jónsson. J. Ásmundsson.

* strikað út

Ár 1867, þann 23. Júlí, átti byggingarnefndin fund með sér:

Tekin fyrir beiðni járnsmíðs Sigurðar Jónssonar, 22. f.m. um að fá mælda lóð undir timburhús og smíðju 9 - 10 ál. á lengd og 6 ál. á breidd. Járnsmíður Jónas Helgason mætti og mótmælti þessari útvísun með því honum hafði verið útvísað þessi lóð 17. maí 1859 og á hana væri lagður lóðartollur til bæjarstjóðsins er hann greiddi árlega. Byggingarnefndin álitur að eptir þessu, einkum því að eptir lóðina sé goldið árlega, og bæjarstjórnin því heimilað J. Helgasyni hana til eignarhalds, verði ekki beiðandanum Sigurði Jónssyni útvísað svæði þetta, enda það það sé óafgirt, og létur þess getið að nægileg lóð undir smíðjur sé að finna á öðrum stöðum, sem óútvísaðar eru, og í öllu falli eptir byggingarlögunum hentari fyrir smíðjur.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. T. Lambertson. H. Jónsson.
J. Jónsson.

Finssen

Ár 1867, þann 16. ágúst átti byggingarnefndin fund.

1. ~~Dómskipsagent Óla Finssen~~ leyft að byggja saman mó- *Hi Dampf-*
skúr sinn og íbúðarhús með byggingu í sama formi og nú skúr-
inn er.

2. Biskup Pétur Péturssóni, Austurstræti, leyft að byggja
geymsluhús 12 ál. á lengd og 7 ál. á breidd, sem snýr frá suð-
ri til norðurs. Nábúi eignarinnar V. Waage var tilstaðar,
og hafði ekkert þar við að athuga, en biskupinn hefur rífið
niður geymsluhús, sem áður hefur staðið á sama stað að því
leyti norðurpart eða meiri helming byggingarinnar áhrærir.

3. Kaupmaður H. Th. A. Thomsen, Lækjartorgi nr. 1,
óskaði að byggja geymsluhús í fjörunni, þannig að hús þetta
snúi einsog hin önnur hús í Strandgötunni frá austri til vest-
urs, og að efri hlið hússins ekki komist lengra móti suðri
en suðurhlið á geymsluhúsi ~~Siemensens~~ *Siemensens* norður við sjóninn, samt að
vesturgöfl hússins verði í sömu línu og vesturhliðin á húsum
hans, og í beinni stefnu með þeim.

Byggingarnefndin samþykkir þessa útvísun einsog um er
beðið, þó þannig, að húsið, sem er ákveðið til að vera 17 ál.
á lengd og 10 ál. á breidd, ekki komi nær lóð konsúls Siemens
en svari "gennemsnits" fjarlægð af 10 ál., og leyfir byggingar-
nefndin að húsið megi verða þeim mun lengra móti austri, sem
verða má sé þessu skilyrði fullnægt.

Lóð kaupmanns Thomsen fær þannig viðauka til lóðartolls
sem er öldungis af sömu breidd og samsvarandi hans núverandi
stakkstæði, og verður síðar mæld.

Fundi sliðið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. J. Jónsson. Jón Ás-
mundsson. H.Th.A.Thomsen.

Ár 1867, þann 30. sept. átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrir tekið eftir beiðni húsmanns J. Guðmundssonar í Hala á Hlíðarhúsalóð, að útvísa honum hjallstæði. Hjallurinn verður ^{alt. 5} 6 ál. á lengd og 4 ál. á breidd og á að standa í sömu línu og suðurhlíðin á bæ hans fyrir vestan hann. Milli bæjarins og hjallsins verður sund, 3 ál. á breidd, sem aðskilur austurgaflinn á hjallinum frá ~~vesturgafli~~ bæjarins.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Jón Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson.

Ár 1867, hinn 4. október átti byggingarnefndin fund með sér:

Var fyrirtekið eftir beiðni Eiríks Ásmundssonar í Grjóta, að útvísa honum hjallstæði hjá bæ hans. Hjallurinn verður 6 álnir á lengd og 4 áln. á breidd, og á að standa í sömu línu og austurgaflinn á bæ hans fyrir norðan hann. Milli bæjarins og hjallsins verður 1 1/2 alin.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. J. Jónsson. Jón Ásmundsson.

Ár 1867, þann 8. nóvember, átti byggingarnefndin fund með sér:

Var framlögð beiðni hestaréttaradvokatans Hansen af 6. f.m. svohljóðandi: *H H H*

Eftir að byggingarnefndin hafði tekið málefni þetta fyrir til ihugunar varð það álit hennar:

1. Að beiðni þessa hvíðeins gæti orðið tekin til greina, að fyrverandi factor J. Jonassen afsali öllu því tilkalli, sem hann kynni að hafa til fremur öðrum að mega byggja á þessum stað eftir gjörð byggingarnefndarinnar af 16. sept. 1865, því er bæjarstjórnin hefir lagt til um mál þetta, og fram er tekið í dómsmála stjórnarherrafréfi, dags. 15. febrúar 1866.

2. Byggingarnefndin áleit, að hvað afstöðu á húsum og götu snertir, mætti útvísa byggingu á þessu svæði, en þar sem það hingað til hefði verið notað, sem uppsátursstaði fyrir *H brúkað* tómhúsmenn (tómhúsmenn), sem búa vestantil í bænum, og þeir kynni að missa mikills í atvinnu sinni við það, álitur byggingarnefndin að ekki sé fært að úthluta svæði þetta til húsabygginga, nema eftir að samþykki bæjarstjórnarinnar hafi verið útvegað, og sem hlýtur að vera komið undir, hvort að bæjarstjórnin áliti að hún sé búin að fyrirtaka það, sem í dómsmálastjórnarherra bréfi 15.2.'66 er tekið fram, sem nauðsynlegt til þess að svæðið verði tekið til byggingar.

3. Þarsem byggingarnefndin álitur það alveg komið undir atkvæðum bæjarstjórnarinnar hvort plássíð í Grófinni verði afstaðið til byggingar, verður afstaða byggingarinnar ekki tiltekin nú. Þó tekur byggingarnefndin fram, að húsið verður að standa í hið minnsta í 10 ál. óaggirtri meðalfjarlægð frá Bryggjuhúsinu, og í hæfilegri afstöðu frá bryggju Henderson Anderson & Co. Lengd lóðarblettis þess, sem byggingin á að standa á verður að ofanverðu frá suðvesturhorni bryggjuhússins og yfir að bryggju Henderson Anderson & Co., þarsem hún mætir þeirri núverandi götu ca. 70 áln. og 20 ál. neðar úr norð vesturhorninu ca. 62 1/2 ál. Byggingarnefndin tekur því fram, að í Grófinni getur þannig orðið pláts fyrir 45 - 50 ál. langa byggingu, en lega hússins getur ekki orðið nákvæmlega afsett fyrr en útgert er um hversu mikið skuli leggja til götunnar að ofan. Byggingarnefndin álitur mikið æskilegt að gatan geti breikkað með því að húsið nr. 1 í Læknisgötu verði rífið niður og lóðin lögð til götu, og skal um það segja nákvæmara álit sitt, þegar það er afgert að Grófinni skuli úthlutað, sem byggingarstaði. Ef þetta yrði niðurstaðan væntir byggingarnefndin að hin nauðsynlega skilyrði verði sett til þess að fullnægt verði hinni áformuðu breikkun á götunni. Byggingarnefndin vill ennfremur skjóta því til yfirvegundar bæjarstjórnarinnar, hvárt að hún ekki vildi stuðla til þess að öll lóðin, sem heyrir undir eigna nr. 1, ekki gæti orðið afstaðin til torgstöðis, ef að kringumstaðurnar við þetta tækifæri gæti lagast svo að það mætti ávinnast á einhvern viðunanlegan hátt, við þetta tækifæri.

Byggingarnefndin skýtur því þannig til ákvörðunar bæjarstjórnarinnar hvárt og með hverjum kostum byggingarstaði það, sem falað er í Grófinni verði afstaðið beiðandanum.

2. Beiðni þorláks Péturssonar um túnstæði í holtiinu fyrir austan Steinkudys. Beiðandanum vísað til bæjarstjórnarinnar og látið í té, að þegar hún hefði samþykkt að hann þar fengi tún og bæjarstæði og með hverjum skilmálum, mundi útvísun geta átt sér stað.

3. Torfa prentara Þorgrímssyni um að fá að byggja hjall á eigin lóð. Með meirihluta atkvæða ákveðið að hjallurinn 6 ál. á lengd og 5 ál. á breidd mætti standa út til götunnar eins og hin ÖNNUR HUS, þó með svo felldu móti að hjallurinn væri þéttklæddur úfað götunni og ekki lægri undir bak en sjálf hús Torfa prentara. Atkvæði móti þessari útvísun greiddu H. Jónsson og Lambertsen, er vildi að hjallurinn stæði í garðinum einsog áður hafði verið samþykkt af nefndinni.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson. Jón Jónsson.

Ar 1867, þann 25. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér.

Borin upp:

1. Beiðni factor# Levensen fyrir Henderson Anderson & Co. dags. 25. þ.m. um að fá svæði útvísað í Grófinni fyrir pakkhús 40 áln. á lengd 20 áln. á breidd og í 16 ál. götufjarlægð frá ~~eyrinni~~ nr. 1 í Læknisgötu. Byggingarnefndin létur þess getið að beiðendurnir hafa beiðið um svæði þetta árið 1862, en þeir hafi aldrei leitað samþykkis bæjarstjórnarinnar, til þess að fá svæði þetta afstaðið, og verði því beiðni þessi nú að álitast vera fallin úr gildi, úr því þeir ekki látið neitt í ljósi ~~sem~~ að þeim framvegis óskaðu byggingarstæðis þessa. Byggingarnefndin tekur fram, að eptir beiðni dags. 6. þ.m. frá S. Jacobsen & Co., hafi nefndin 8. þ.m. að sínu leyti samþykkt að útvisun mætti eiga sér stað ~~á~~ ^í hanni svonefndu Gróf á byggingin af viðlíka stærð og þeirri sem hér ræðir um af steini og 3 etagur á hæð, og bæjarstjórnin hafi einnig þann 15. þ.m. samþykkt að útvisun þessi gæti átt sér stað með vissum skilyrðum og eptir nákvæmari ákvæðum byggingarnefndarinnar, hversvegna nefndin ekki nú sem stendur sá sér fært að taka þessa síðari komnu beiðni Henderson Anderson & Co til greina framyfir beiðni Jacobsens Co. og beri auk þess að geta að nefndin í öllu tilliti verði fremur að taka byggingu Jacobsens & Co. ~~þann~~ stærri, úr óeldfimu efni, og sem þessutan veiti þann kost að gatan getur orðið breikkuð, ~~á~~ ^í stað þess að hún eptir áformi Henderson Anderson & Co. undir 16 áln. á breidd. Nefndin sér því ekki fært nú sem stendur að taka beiðni þessa til greina. *Síðar hafi* *verður*

2. Þess skal getið að bæjarfógetinn tilkynnti byggingarnefndinni álit bæjarstjórnarinnar um útvisun á byggingarstæði til S. Jacobsen & Co. í Grófinni, og las fyrir hana gerabók bæjarstjórnarinnar þann 8. þ.m.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson. Jón Ásmundsson.

Ár 1867, hinn 26. nóv. átti byggingarnefndin fund með sér hjá bæ Kristjáns Jónssonar á Vegamótum og var þá eptir beiðni hans frá 24. b.m. fyrirtekið að útmæla honum hjallstæði. Hjallurinn á að standa fyrir sunnan bæinn í réttri línu með vesturhliðinni á bæ hans. Hjallur þessi á að vera 6 áln. á lengd og 5 áln. á breidd. Sundið á milli hjallsins og ~~bejarinn~~ á að vera 8 álnir.

Þar næst var Kristjáni Jónssyni útmæld 14 álnir frá norðri til suðurs í viðbót við þá lóð er hann áður hefir fengið, þó þvíáðeins að bejarstjórnin síðarmeir samþykki það. ~~Lóðin~~ er í sömu stefnu og hin eldri lóð.

Fundi slitið.

- A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson. Jón Ásmundsson.

Ár 1868, þann 20. janúar, átti byggingarnefndin fund með sér:

~~Stjórn~~ ^{Adjunkt} J. Guðmundssyni var útvísað stæði fyrir geymsluhús sem er 5 ál. á breidd og 7 ál. á lengd, og er gömul uppstandandi káhetu bygging af húsi 2 1/2 ál. á hæð, er hann áformar að setja ofan á ca. 2 ál. háann grunn. Byggingarnefndin samþykkir að hús þetta verði sett í norðvestur hornið á kál-garðinum, og má húsið ei koma út fyrir húsabyggingarlínu þá, sem myndast af húsi kaupmanns E. Bjarnasonar, og hinni svo nefndu ~~strantentihúsi (P. C. Knudtjone)~~ á lóð P. C. Knudtjóns og hinum öðrum byggingum á sömu götuhlið. Þó samþykki byggingarnefndin því að eins þessa útvisun að eigandi nábúalóðarinnar, kaupmaður H. Th. Johnson samþykki að kumbaldi þessi megi setjast rétt upp að lóð hans, en hann var ekki til staðar.

2. Jóni Ólafssyni í Finnbogabæ útvísað inngönguskúr-stæði bak við hús hans 3 ál. á ~~eina~~ hlið 2 ál. 18 tommur á eina.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Jón Jónsson.

≡ Assistents

Árið 1868, h. 13. Marz, átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var fyrirtekið eptir beiðni H. C. Robb að útvísa honum pakkhússtæði á lóð eignar móður hans no. í Góthúsgtíg 1A 5 álnir á breidd og 8 álnir á lengd og var honum ávísað stæði fyrir þennan skúr í ca. 6 álna fjarlægð frá íbúðarhúsinu að norðvestanverðu, en samt var honum tjáð, að ef að móðir hans eigi gæfi honum neinn kost á að hafa húsið á þessum stað, mundi hann geta fengið að setja það sunnantil á lóðinni, einnig fyrir vestan húsið. Í ~~lóðinni~~ tilfellum, en áskilið, að hann útvegi samþykki nágranna, ef geymsluhúsið stendur nær lóð þeirra en 5 álnir.

2. Neitað beiðni Sigurðar Jónssonar með 5 atkvæðum af 6, að byggja hús 7 álnir á breidd og 10 álnir á lengd fyrir neðan Stöðlakotslóðina í horni af túni því er Einar prentari Þórðarson á. Var til þess sú ástæða að byggingarnefndin álitur að framhalda eigi eptir föngum húsaröðinni í Ingólfsbrekku, án þess að aðrar byggingar, ~~það~~ á milli hennar og Tjarnarinnar. Þegar hann þar næst beiðdist útvísunar á hússtæði fyrir framan Lækjarkot, var því einnig neitað og vísaði byggingarnefndin honum á hentugt byggingarstæði fyrir austan lóð þá er Páli Eyjólfssyni var ávísað í sumar, en hann vildi eigi byggja það.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson. J. Jónsson.

Ar 1868, þann 4. April átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var fyrirkæpt að útvísa hússtæði til viðbótar við sjúkrahúsið og er áformað að rífið verði niður hið gamla klúbbhús og byggt hús meðfram Tjarnargötu, sem sé á lengd 17 áln. og 12 áln. á breidd í sömu línu og höfuðbyggingin. Húsið á að vera 1 etage á hæð með skífubaki og úr timbri og múrsteini. Eigandi nábúalóðarinnar í Tjarnargötu Aðjunkt G. Magnússon hafði ekkert við þessa útvísun að athuga.

Byggingarnefndin samþykkir þessa útvísun.

2. Beiðni Assistents N. Japhetssonar um að fá útvísun ^{vísuð} lóð undir hús 1 etage á hæð, úr timbri og með skífubaki. Honum var útvísuð lóð fyrir vestan lóð madömu Þorbjargar Jónsdóttur (fyrir N. og E. Japhetssonar) meðfram Hlíðarhúsaveginum 35 áln. frá austri til vesturs. Frá suðri til norðurs á breidd lóðarinnar að vera 36 ál. og myndar lóðin þannig nærfellt reglulegan ferhyrning. Húsið, sem á að vera 15 áln. á lengd og 10 áln. á breidd, á að standa í 5 álna fjarlægð frá Hlíðarhúsaveginum. Lóðareigandanum er gert að skyldu að þola vatnsrennsli að rennu þeirri, sem er undir Hlíðarhúsaveginum austantil á lóð hans. □

Jafnframt og byggingarnefndin samþykkir þessa útvísun

áð sínu leyti skal henni skotið til samþykkis bæjarstjórnarinnar eptir 2. gr. þeirra skilmála með hverjum Guðmundi Erlendssyni við uppboð þann 28. des. 1866 var leigt þetta hús til fardaga 1877, og mælir byggingarnefndin fram með því við bæjarstjórnina að lóð þessi verði afstaðin.

N. Japhetssyni var tilkynnt, að hann innan 2 ára ætti að hafa umgirt lóð þessa til húsabygginga, því annars fellur hún til bæjarins aftur.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Jónsson. N. Jafetsson.

Ár 1868, þann 15. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér:

Var fyrir tekið:

Eftir beiðni consúls M. Smith, að ávísa honum staði til kolabýrgis á stakkstaði hans, og er beiðni þessi svohljóðandi: ##

Byggingarnefndin ákveður einsog fyrr hefur verið ályktað, að breidd götusundsins frá Austurstræti skuli vera 26 fet, og að þessi breidd skuli reiknast frá þeirri stefnu, sem er á vesturhlíð götusundsins.

Jafnframt og í öllu stendur óbreytt það, sem ákveðið er í gjörð byggingarnefndarinnar dags. 11. júní 1867 og bréfi bæjarstjórnarinnar dags. 20. s.m. ávísar byggingarnefndin consúl M. Smith 6 1/2 al. breiðan renning meðfram öllu stakkstaðinu að norðanverðu, og getur svo lóðareigandinn í norðvesturhorninu á þeirri lóð sem þannig myndast byggt hið áformaða kolabýrgi 22 áln. á lengd og 20 áln. á breidd og 3 - 4 áln. á hæð. Hvað girðingu þessa áhrærir þá skal þess getið, að lóðarrenningur sá, sem afstaðinn verður má á sínum tíma takast til götu ef með þarf, endurgjaldslaust.

Byggingarnefndin áskilur að þak verði ekki sett á kolabýrgi þetta, nema hún á þeim tíma gefi samþykki sitt til að hús þannig sett niður megi standa þar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.
J. Jónsson.

Ár 1868, þann 24. Apríl, átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrir tekið:

Beiðni ~~Arþessor~~ J. Péturssonar um að byggja geymsluhús 10 áln. á lengd frá austri til vesturs og 8 áln. á breidd frá suðri til norðurs. Beiðni þessi er svohljóðandi: # # #

Vesturgafli geymsluhússins, sem á að vera með mænir á miðju ~~ju~~ á að vera í sömu línu og vesturgafllinn á íbúðarhúsinu. Geymsluhúsið á að standa í ca. 3 ál. fjarlægð frá skúr þeim, sem er við norðurhlið hússins. Eftir að stiptamtmaðurinn, sem var til staðar hafði að sínu leyti, sem umráðandi að Arnarhólslóðinni, samþykkt að beiðandinn mætti fá þar ca. 20 ferálnir, sem húsið gengur inná tún hans, samþykkti byggingarnefndin einnig þessa útvísun.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen H. Jónsson. Jón Ásmundsson.

x á lengd, austurhlíðin er einnig
30 á

Ár 1868, þann 1. Maí átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Eftir ákvörðun bæjarstjórnarinnar á fundi þann 11. jan. f.á., var fyrirtekið að ákveða nákvæmar lóð þá er Skotfélagi Reykjavíkur var útvísað með gjörð byggingarnefndarinnar dags. 29. júní f.á. Beiðni Skotfélagsins er svohljóðandi: # # Lóðin ákveðist þannig: fyrst hérumbil reglulegur ferhyrningur hvers vesturtakmörk eru í sömu línu og vesturgarðurinn á Melkotstúninu, og er vesturhlíðin 30 áln. Á breidd og 207 álnir á milli vestur og austurtakmarkanna, eða suðurhlíð og norðurhlíð ferhyrningsins hvæs flatarmál þannig verður 6210 ferálnir. Fyrir austan ferhyrning þennan verður eftir ferhyrningur hvæs vesturhlíð mætir austurtakmörkum ferhyrningsins með 30 álna breidd, og hvers suðurhlíð nær frá suðaustur horni ferhyrningsins niður að Tjörninni og að suðurhlíð Melkotstúngarðs á 80. áln. lengd og eru norðurtakmörkin á þríhyrningnum túngarðsins á Melkotstúninu. X Flatarmál þríhyrnings þessa er því 1200 ferálnir og allur bletturinn því 740 ferálnir. Byggingarnefndin ákvarðar að blettur þessi verði afstaðinn Skotfélaginu gegn því árlegu afgjaldi, sem bæjarstjórnin hefur ákveðið og sem er 6 áln. fyrir dagsláttuna.

Þar næst var Skotfélaginu ávísað hússtæði og á byggingin að vera Pavillon 8 álnir á lengd og 6 áln. á breidd og gaflarnir að snúa á móta austur og vestur. Bakari Bernhöft var til staðar og leyfði að norðurhlíðin á húsi þessu mætti ganga inná hans lóð endurgjaldslaust sem mun svara þykkt grjótgarðsins.

Um leið og byggingarnefndin samþykkir þessa útvísun áskilur hún að á þeirri lóð, sem afstaðin er sé þolað vatnsrennslin ~~þess~~, sem við þarf, úr ræsum þeim, sem kemur til að liggja meðfram veginum út á Melana og að öðru leyti að bæjarstjórnin gefi út lóðarbréf sem verði þinglesið á kostnað Skotfélagsins.

2. Var athugað um afstöðu vegar, sem hefir komið í orð að leggja í Ingólfsbrekku frá húsinu nr. allt að hliði á lóð hins lærða skóla. Byggingarnefndin áleit að götulengingin ætti að vera í sömu breidd og af sömu gerð og gata sú sem nú er lögð þar fyrir norðan, en með því að ~~þrakkari~~ Einar Jónsson sem leiguliði að túninu þar fyrir ofan, er var mættur, heimtáði að grjótgarður væri hlaðinn fyrir ofan veginn, áleit byggingarnefndin að bæjarsjóðurinn ekki ætti að kosta slíka ~~saf~~ girðingu og ávísaði umsjónarmanni skólans J. Árnasyni er var til staðar, að engin ákvörðun yrði tekin um að byggja veg þenna fyrir en að hlutabæigandi með tilliti til girðinganna hefðu gert samkomulag.

3. Beiðni Ólafs fyrrum dyravarðar Ólafssonar, um byggingu sem á að vera 12 áln. á ~~lengd~~ 8 áln. á breidd, beiðni þessi er svohljóðandi: # # # Byggingarstæðið var útvísað þannig, að suðurgaflinn á að vera í sömu línu og suðurgaflinn á húsi snikkara B. Smiths (fyrr J. Jónssonar) vesturhlíðin í sömu línu og ~~vestur~~hlíðin á smiðju Guðm. Jóhannessonar, og

verður ~~þá~~ götubreiddin 16 álnir. Að öðru leyti verður end-
urskoðuð útvísun byggingarnefndarinnar af 28. júní 1864, og
þá tekið til álita að láta suðurtakmörk lóðarinnar verði í
viðlíka stefnu og suðurtakmörkin á lóð snikkara B. Smith.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.

Ár 1868, þann 4. Maí, átti byggingarnefndin fund með sér:

Var fyrirtekin beiðni organista Guðjohnsens um (að) fá fyrir eignina 273 í Tjarnargötu útvísaðan lóðarauka fyrir sunn- L & an hina núverandi lóð hússins og er beiðni þessi svohljóðandi: H H Lóð sú sem spursmál er um að útvísa er sund sem hefir legið fyrir sunnan ofanefnt hús, en sem er mjög blautt og ekki til neinna þarfa framvegis fyrir hin kringliggjandi hús, og ber þess að geta að pláts þetta hefir verið ómögulegt að fríða fyrir öskuburði þeirra sem í hágreinina búa. H Greiddinni

Byggingarnefndin áleit því að hin umbeðna útvísun ætti að eiga sér stað þannig:

Breidd lóðarblettisins gegn vestri 8 ál. breidd móti austri 10 ál. lengd hliðarinnar móti suðri 54 álnir en norðurhliðin liggur meðfram lóð hússins.

Að því leyti útvísun þessa áhrærir áskilur byggingarnefndin:

1. að lóð þessi verði afstaðin endurgjaldslaust til bæjarins ef ákveðið skyldi verða að brúka svæði þetta undir götu,

2. að bæjarstjórnin fái frían og óhindraðan gang að ræsum þeim, sem liggja meðfram hinnar útvísuðu lóð til hverskonar viðhalds endurbóta, snjómoksturs o.s.frv.

3. að öðru leyti má girða fyrir lóðina einsog til er tekið í beiðninni.

Útvísun þessari skal skotið til samþykkis stiftamtsins og bæjarstjórnarinnar.

2. Við endurmælingu á lóð fyrrverandi dyravarðar Ólafssonar, fannst hin umgirta lóð hans að vera hliðin á móti norðri 36 ál. á móti austri 36 ál. á móti suðri 41 ál. á móti vestri 27 áln. Byggingarnefndin ályktaði að við útvísun þá, sem gjörðist l. b.m. skyldi standa, en að beiðandinn geti farið framá, þegar hann væri búinn að reisa hið áformaða hús, um lítilfjórlegan víðauka á móti suðri, svo að öll lóðarhliðin móti vestri yrði ca. 33 ál. og móti austri 43 ál. og mundi honum ekki verða neitað um það, efað hús það er hann áformar að reisa skyldi sýna sig að verða sómasamlegt íbúðarhús.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsøn. H. Jónsson.

Ár 1868, þann 9. maí, átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Fyrirtekið eftir beiðni Consuls E. Siemsen að útvísa honum tómhússtæði. Beiðni þessi er svolátiandi: # # #
Lóð sú, sem útvisast liggur fyrir sunnan lóð þá er Kristjání Jónssyni var útvisuð fyrir vestan Vegamót þann 14. okt. 1865 og 26. nóv. 1867 og er norðurhlið þessi 26 ál. á lengd, vesturhliðin er 27 ál. á lengd, suðurhliðin 30 ál. (~~og er~~) en hún er meðfram lóðartakmörkum Vegamóta lóðarinnar. Lóðin myndar þvíóreglkulegan ferhyrning. Bær sá sem byggður verður á að snúa með gafl til austurs og vesturs og standa á norðvestur horni lóðarinnar. Vesturgafllinn má ei koma lengra fram til vesturs en vesturgafllur þessar er Kristján Jónsson á.
Beiðandanum var tilkynnt, að svo framarlega sem lóðin má væri ei umgirt innan 2 ára félli hún aptur, ~~sem~~ endurgjalds bæjarins, svo yrði lóðareigandinn að greiða lóðartoll eftir gjöldandi lögum og nákvæmari ákvörðun bæjarstjórnarinnar, til hvorrar og stiftamtmaður samþykki útvisan þessari verður skótið.

2. Húsmanni Jóni Jónssyni ávísað hjallstæði á eigin lóð og á hjallur þessi, sem nú stendur við Suðurbæ og þangað verður fluttur, ~~á~~ að standa í sömu línu og hinir aðrir hjallar vestantil á lóðinni.

3. Beiðni Gríms Guðnasonar, um tómhússtæði. Beiðandinn tjáði frá, að hann hefði samið svo við Svein Guðmundsson að hann eptirléti Grími lóð þá er téður Sveinn Guðmundsson fékk útvísaða þann 22. nóv. 1866, og tjáði byggingarnefndin honum, að hann fengi ekki nýja útvisun fyrir þessari lóð, en yrði að ganga inn í útmælingarrétt Sv. Guðm. Að öðru leyti voru honum ávísuð lóðartakmörkin, og ítrekað við hann að lengd lóðarinnar takmarkaðist af Hlíðarhúsaveginum að suðri og garði Bjarna Oddssonar að norðanverðu.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson. G. Lambertsen. Jón Ásmundsson.

Ár 1868, þann 6. júní átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Var fyrirtekið eptir beiðni faktor Chr. Zimsen dags.

5 . b.m. svohljóðandi: # # # að ávísu hússtæði:

Hið svonefnda Fálkahús eða krambúðarhúsið á að rífast nið-
ur.

Breidd götunnar ákveðist til 18 álna, og mælast eptir
snúru sem sé dregin frá norðaustur horninu á pakkhúsi eignar-
innar og norðvesturhorninu á krambúðarhúsi H. T. Johnson.
Austurgaflinn á að vera í sömu línu og vesturhlið götunnar
sem gengur úr Austurstræti að svo miklu leyti sem mögulegt er
og má undir engum kringumstæðum koma austur fyrir þessa línu.
Húsið kemur þannig til að liggja í norðurhlið Strandgötunnar
og lóð sú sem er undir hinu svonefnda Fálkahúsi gengur sem
gata beinlínis og endurgjaldslaust til bæjarins.

2. Bæjarfógetinn ber undir byggingarnefndina að Skóla-
varðan yrði endurreist á sama stað og áður og samþykkti nefnd-
in það.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Jón Þórðarson.
Jón Jónsson. Chr. Zimsen.

Ár 1868, þann 9. júní, átti byggingarnefndin fund. Var fyrirtekin beiðni:

1. S. Jónssonar, járnsmíðs, um að fá útvísað hússtæði á lóð Eyþórs Felixssonar. Beiðni þessi er svohljóðandi: #

Eftir að Eyþór Felixsson, sem eigandi að tómhúsinu Bjargi hafði lýst því yfir að hann hefði afstaðið járnsmíð S. Jónssyni kálgarð fyrir norðan bæ hans. Var Sigurði Jónssyni ávísað stæði undir hús, 14 ál. á lengd 9 ál. á breidd, sem á að snúa frá austri til vesturs og standa á norðvesturhluta lóðarinnar, 1/2 al. innar en garðurinn ræður og liggja á átta álna ~~fjarlægð~~ jafnri fjarlægð frá götunni upp Ingólfsbrekku. Húsið byggist úr timbri 3 1/2 al. undir loft með risi sem ei má vera minna en vinkilris. Beiðandanum tilkynnist að af því að tómhúslóðin að Bjargi þannig er skipt, verður lagður sérstakur lóðartollur á hina fráskildu eign og lóð þá, sem Bjargi fylgir eptirleidis. Byggingarnefndin áminnir hlutaðeigandi um að láta þinglýsa eignarheimild sína til lóðarinnar og útvísunargjörð þessa.

2. Timburmanns Jóns Jónssonar um að fá útvísun undir timburhús á lóð Guðrúnar Jónsdóttur nr. 20 í Arnarhólsholti. Eftir að Guðrún Jónsdóttir, sem eigandi að téðri eign hafði lýst því yfir að hún hefði gefið timburmanni Jóni Jónssyni leyfi til þess að byggja á lóð hennar var honum útvísað svæði undir timburhús 12 ál. á lengd 7 1/2 al. á breidd 4 ál. undir loft sem á að snúa frá austri til vesturs í 6 álna jafnri fjarlægð frá Vegamóta ~~veginn~~, og standa 10 ál. frá skúr þeim, sem er austantil við hús Guðrúnar Jónsdóttur. Beiðandanum tilkynnist, að af því að tómhúslóðin nr. 20 í Arnarholtsholti þannig sé skipt, muni verða lagður sérstakur lóðartollur á hina fráskildu eign. Byggingarnefndin áminnir hlutaðeiganda um að láta þinglýsa eignarheimildinni fyrir lóðinni og útvísunargjörð þessari.

3. Simoni assistent Alexíussyni útvísað hússtæði og lóð fyrir austan lóð þá er Póti gullsmíð Eyjólfssyni var útvísuð 14. maí 1867. Beiðni hans er svohljóðandi: # # #

Lengd lóðarinnar meðfram Vegamótsveginum var ákveðin 32 ál. frá austri til vesturs og á að vera í 5 ál. fjarlægð frá veginum. Breidd lóðarinnar frá suðri til norðurs er 35 ál. og myndar lóðin reglulegan ferhyrning. Austurhlið lóðarinnar er í sömu línu og hús snikkara B. Smith. Á lóð þessari var beiðandanum ávísað hússtæði 12 al. á lengd frá austri til vesturs og 7 ál. á breidd 3 1/2 al. undir loft, og ris ekki minna en í vinkil. Sé lóðin ekki byggð eða afgirt innan 2 ára, fellur hún aptur undir bæinn. Byggingarnefndin áminnir hlutaðeigandi um að láta þinglýsa lóðarleyfi þessu og var honum tilkynnt að lóðargjald eptir lóðina mundi verða ákveðið af þingbæjarstjórninni.

4. Lögregluþjóni Árna Gíslasyni leyft á eigin lóð,

Grímsbæ, að byggja hús úr timbri, 12 ál. á lengd 10 ál. á breidd 3 1/2 ál. undir lopt og ris ekki minna en í vinkil. Á hús þetta að standa í sömu línu og hin önnur hús í götunni og snúa frá suðri til norðurs og standa þar sem nú er hesthús, þannig að suðvesturhorn hússins sé sett á suðvesturhorn hins núverandi hesthúss, sem á að rífa niður.

5. Gullsmiður M. Hjaltsted, sem lýsti því yfir að hann væri eigandi að húsinu nr. 1 við Ingólfsbrekku leyft eptir beiðni svolátandi: Að lengja íbúðarhús sitt til norðurs um 9 ál. og á vesturhlíð húsalengingar þessarar að vera í sömu línu og vesturhlíð íbúðarhúss hans en nokkru breiðara móti austri allt að 10 ál. Hæð undir lopt 4 áln.

6. Fyrirtekin beiðni glerskera G. Zöega svolátandi: Honum var leyft að breikka hjallinn um 1 ál. móti suðri, en byggingarnefndin tók jafnframt fram að þegar hin efri hús yrði færð inn mætti hann eða síðari eigendur vera viðbúnir að flytja hjallinn burtu. Guðmundur Þórðarson sem nábúi var tilstaðar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson.

Ár 1868, þann 20. júní átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

1. Beiðni snikkara J. Jónssonar um breytingu á útmælingargjörð er átti sér stað á húsi til hans þann 9. f.m. svo hljóðandi: # Eftir að byggingarnefndin hafði íhugað afstöðu hins fyrirhugaða vegar, sem hlýtur að breykka á móti norðri á móts við Litlabæ og J. Jónsson hafði sýnt að hann ætti með austurhlutann á lóðinni hvergi eigandinn að nr. 20 í Arnarhóls- holti Guðrún Jónsdóttir, er var til staðar játaði. Kom nefnd- inni saman um að hús þetta mætti setja í stefnu frá austri til vesturs, þannig að það í suðvesturhornið yrði 12 1/2 al. frá heim núverandi stíg, og í suðaustur hornið 12 al. Beiðand- inn afmarkaði þetta staði, en óskaði jafnframt að honum mætti leyfast að setja húsið nokkru vestar, hvað nefndin leyfði með áskildu samþykki nágrannans og að hin gefna stefna héldi sér. Beiðandinn, Jón Jónsson skýrði nefndinni frá að hann skyldi verða þús til að afstanda renning af lóð sinni til breikkunar á götunni langs með lóð hans, endurgjaldslaut, þannig að gat- an yrði 3 al. breiddari, og 2 al. sveði gæti orðið fyrir skurð meðfram veginum. Hlutabeigendur J. Jónsson og Guðrún Jónsdótt- ir voru aðspurðir um hvort þau hefðu nokkra útmælingargjörð fyrir lóðinni, og vissu þau ekki til þess.

2. Fátækrafulltrúi J. Árnason beiðdi útvísunar á bæj- arstæði á Hlíðarhúsalóðinni. Hin útmælda lóð til þessa tóm- húss er ~~alveg~~ fyrir sunnan tómhúslóðina Mýrarholt, í ferhyrn- ing ~~álf~~ 35 al. frá suðri til norðurs og 40 al. frá austri til vesturs. Móti vestri liggur lóðin vestasta þvervegi á Hlíð- arhúsalóðinni, og móti vestri eru lóðartakmörk í sömu línu og austurtakmörkin á Mýrarholtslóðinni. strax

Beiðandanum vartilkynnt að bæjarstjórnin mundi ákveða lóðartoll af tómhúsi þessu, að lóðin falli eftir 2 ár aptur undir beinn, ef hún innan þess tíma ei yrði byggð og afgirt, svo var hann áminntur um að láta þinglýsa lóðarbréfi.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertson. H. Jónsson. Jón Jónsson.

Ár 1868, þann 26. júní átti byggingarnefndin með sér, og var fyrirtekið eftir beiðni Sig. Jónssonar frá Rauðaaá að út-
vísa honum bæjarstæði. Beiðni þessi var svohljóðandi: # #

Var honum þá næst óvísuð tómthúslóð fyrir sunnan Kasthús
30 ál. á hvern veg og fullar 5 ál. frá Rauðarárveginum. Bær-
inn sem hann byggir á að snúa frá austri til vesturs, standa
í suðvesturhorni lóðarinnar, og má vesturgafli hans ekki koma
lengra fram en vesturgafllinn á Kasthúsabænum. Beiðandanum
var tilkynnt, ef lóðin ekki yrði notuð og afgirt innan 2 ára,
falli hún aptur undir bæinn, ennfremur að hann verði að borga
lóðartoll, eftir ákvörðun bæjarstjórnarinnar, og einnig að
leysa lóðarbréf og að þinglýsa því.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson.

Ár 1868, þann 1. ágúst áttíu byggingarnefndarmennirnir Lambertsen, H. Jónsson, J. Þórðarson, J. Ásmundsson og J. Jónsson fund og var tilefni fundarins að þessir byggingarnefndarmenn fyrir nokkru ásamt bæjarfógetanum höfðu komið saman á lóðinni nr. 20 í Arnarhólsholti og íhugað hvernig byggingarnefndarmaðurinn J. Jónsson hafði lagt grunn að téðu húsi.

Fannst þá við eptirmælingu að húsið á austurgaflinum stæði stæði 13 þumlungum of langt frá veginum og 7 þumlungum of nærri honum í vesturgafli, og þannig rétt á hérumbil ~~XXXX~~ ~~XXXX~~ fyrsta þriðjunga takmörkum að vestanverðu.

Byggingarnefndinni kom saman um að nauðsynlegt væri að laga afstöðu hússins frá veginum svo að hún samsvaraði hinnu upprunalegu útmælingu, sem frekast væri mögulegt, einkum að neðra vestur hornið væri flutt í rétta fjarlægð frá veginum, og er það allt að 7 þumlungum. Var ákveðið, eftir að Jón Jónsson hafði tjáð sig fúsann að laga þessa galla, sem á hefðu orðið, eptir megni, að fela byggingarnefndarmönnum H. Jónss² og Lambertsen að hafa eptirlit um breytingu á hússtöðinu, sem verður að fara eptir því sem kringumstöðurnar gera mögulegt.

Þess skal getið að það sem húsið er sett í öfuga stefnu sýnist að vera framkomið við að vesturgrunnurinn hafi skekkst til í meðferðinni.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Jónsson. Jón Ásmundsson. Jón Þórðarson.

Ár 1868, þann 3. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrirtekið eftir beiðni yfirstjórnar hins lærða skóla svohljóðandi: # # #

Að útvísa hinum lærða skóla lóðarviðauka á norðausturhorni lóðarinnar, sem nú er *sljóft*.

Mættir ^{vorn} ~~tvö~~ir beiðendur útvísunarinnar yfirkennari J. Sigurðsson, aðjunkt H. Friðriksson og umsjónarmaður skólans, J. Árnason. Sem eigandi lóðarinnar að erfðafestu mætti snikkari E. Jónsson og skýrði frá, að hann fyrir sitt leyti ekki hefði á móti að skólinn fengi þenna lóðarauka, sem fannst að vera:

Ferhyrningur ^{ur hvors} ~~slinnur~~, norðurhlið er í sömu línu og norðurtakmörk skólalóðarinnar 16 1/2 al. á lengd á vestur og austurhlið 17 1/2 al. á ~~þrjú~~ lengd, og á norðurhliðinni 17 1/4 al. Þríhyrningur ^{ur reglulegur} ~~slinnur~~, sem á norðurhliðinni er 17 1/4 al. og á austurhliðinni 30 al. á lengd.

Með þessari lóðarviðbót verður lóð skólans að norðaustanverðu hérumbil reglulegur ferhyrningur.

Byggingarnefndin féllst á þessa útvísun eftir að snikkari E. Jónsson hafði tjáð, að hann eftir kringumstæðunum skyldi láta sér nægja með 1 ál. afslátt í leigu eftir tún hans frá nýjári 1869 að telja og mælir nefndin fram með því að svo verði ákveðið eftir samkomulagi, án þess að þurfa að útnefnda óvillhalla menn til að meta lækkun afgjaldsins. Að öðru leyti var beiðendunum tilkynnt, að þeir frá nýjári 1869 yrði að greiða toll af lóðaraukanum eins og af óbyggðri lóð og afgirða blettinn.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Jónsson. Jón Sigurðsson. H. Friðriksson. Einar Jónsson.

Ár 1868, þann 13. ágúst, ^{átti} byggingarnefndin fund með sér, og var tilefni fundarins að ákveða stefnu Þjóðvegarins og um hvað þurfi að taka af lóðum þeim, sem vegurinn gengur yfir.

Mættir voru auk bæjarfógetans kaupmaður G. Lambertsen, bæjarfulltrúi H. Jónsson og snikkari J. Jónsson eins formaður bæjarfulltrúanna ~~Sivertsen~~ og bæjarfulltrúi J. Pétursson ~~Assessor~~.
Innköllunin til byggingarnefndarfundarins er svohljóðandi: # # #

Eptir að gengið var á vegarstæðið afmarkaði byggingarnefndin alla norðurhlið vegarins þangað til að hún kemur á mót við vesturhliðina á íbúðarhúsi járnsmiðs Jónasar Helgasonar, og ~~hæggur~~ vegurinn alla þá leið frá Skólavörðu í beina línu.

Til þess að vegurinn geti haft þessa breidd er nauðsynlegt að fá lítinn renning af lóð Litlubergstaða, sem að ofanverðu ekki nemur meira en garðlagsstykkinni, en að neðanverðu nemur rúmlega garðlagsstykkinni. Eigandinn Jón Jónsson var tilstaðar og eptir að honum var tjáð að þessa lóðarauka þyrfti við tjáði hann að frá sinni hálfu væri ekkert ámóti innfærslunni eptir hörfum, eptir að byggingarnefndin hafði álitid að það væri sjálfsagt að bæjarstjórnin annaðist forsvaranlega innfærslu á grjótgarðinum, eða semdi um það nákvæmar við hann ef hann kysi heldur annað, svosem að selja garðinn. Af lóð ~~Magn~~ ^{Alexinsar} úsar Arnasonar þarf einnig að taka rúmlega garðstykkina, en byggingarnefndin tjáði honum, ervar tilstaðar, að af garðinum mundi verða tekið eptir hörfum, samkvæmt því, sem áskilið er í byggingarnefndargjörð af 19. maí 1865, en bæjarstjórnin yrði að halda hann skaðlaus ~~ann~~ að girðingu.

Af lóð ~~þessari~~ ^{þessari}, sem er fyrir framan hús byggingarnefndarmannsins Jóns Jónssonar þarf einnig renning, og tjáði hann að stæði óbreytt við gjörð byggingarnefndarinnar af 20. júní 1868.

Af þeirri lóð, sem svo er eptir tilheyrandi eigninni nr. 20 í Arnarhólsholti tilheyrandi ekkjunni Guðrúnu Jónsdóttur, þá álitur byggingarnefndin að þurfi:

1. Óreglulegann ferhyrning meðfram veginum, ofantil á breidd 7 ál. en neðantil 10 ál. og á lengd meðfram veginum 32 ál. og er suðvesturhornið í rétta línu við vesturhliðina á sjálfu íbúðarhúsi klénsmiðs Jónasar Helgasonar.

2. Þríhyrning sem gengur í 32 ál. lengd frá norðri til suðurs í sömu línu og vesturhlið á íbúðarhúsi J. Helgasonar, og sem er 13 1/2 ál. frá austri til vesturs meðfram ~~Vega~~ ^{Vega} mótis ~~húsinu~~, en þriðja hliðin gengur meðfram Skólavörðustígum. ^{í brúnni} Latur byggingarnefndin þess getið, að til vegarins sjálfs sé ekki beinlínis hörf á þessum þríhyrning öllum, en nauðsynlegt hó að fá hann, til þess að komast hjá þrengslum og aðfenni við vegamótin.

Flatarmál þríhyrningsins er ca.	216 ferálnir
- " - ferhyrningsins er ca.	272 ferálnir.
	<u> </u>
	= 488 ál

Öll lóðin er eptir útmælingu til lóðartolls 3724 ál. hvort eru borgaðar 14 ál. í lóðargjald á ári. Þess skal getið að lóðarstrimmill sá, sem þarf undir veginn, ekki er hæfur til byggingar, og að lóðin einsoðg hún verður eptir að hún er skert,

mikið óveruleg til kálgarðsafnota, hversvegna byggingarnefndin
álitur að fara megi eptir tiltölu þess, sem afstaðið verður
miðað við alla lóðina, með nokkru álagi fyrir rýrnun, og áleit
byggingarnefndin að endurgjaldið á þessum ca. 488 ferálmum
væri hæfilega metið til 25 rd., en það væri vitaskuld að bæj-
arstjórnin yrði að flytja grjótgarðinn og hlaða hann upp á
réttum stað úr sama efni faðm fyrir faðm á sinn kostnað nema
öðruvísi umsemdist þessu atviki.

Fyrir hönd ekkjunnar, Guðrúnar Jónsdóttur mætti klénsmið-
ur Jónas Helgason og tjáði að hann fyrir hönd hennar gengi að
þessum kostum.

Af lóð Skapta Skaptasonar Miðbýli þarf nokkurt horn af
kálgarðinum fyrir neðan bæinn og álitur byggingarnefndin ekki
nú nauðsyn að ákveða nákvæmar þarum eða hvernig vegurinn skuli
sameinast, því það muni geta fallið eðlilega þegar veginum er
þar að komið. Hlutaðeigendum sem hafa afstaðið lóðir er á-
skilin endurskoðun af hendi bæjarstjórnarinnar til lóðar-
gjalds.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.
Jón Jónsson. Jónas Helgason.

Ar 1868, þann 5. sept. 1868 átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekin:

1. Beiðni ~~Matteasar~~ snikkara Markússonar, sem er eigandi að Efstaholti, um að byggja nýtt tómhús á lóð ~~XXXX~~ sinni: # Beiðni þessi er svohljóðandi: # ~~Matteus~~ Markússon tjáði frá að hann úr föllnu ~~kefageymsluhúsi~~ á lóð sinni áformaði að byggja upp tómhús með sérstöku eldstæði, og að lóðin sem tómhúsið á að standa á ekki yrði skipt út úr lóð þeirri er eign hans fylgir.

Nefndin samþykkti að beiðandinn byggi hús þetta, baðstofu og eldhús, og snúi gaflarnir til austurs og vesturs og má vesturgafllinn ekki koma útúr þeirri línu, sem Efstaholt nú hefir að vestanverðu. Byggingarnefndin tók fram að M. Markússon eða eigandinn að lóðinni Efstaholti yrði að greiða lóðartoll af þessu nýja tómhúsi eptir mati bæjarstjórnarinnar.

2. Mætti fyrir nefndinni Jón Þórðarson frá Hlíðarhúsum og óskaði lengingu á pakkhúsi sínu, sem stendur sunnanvert við Hlíðarhúsaveginn, og hefir honum verið ávísað stæði undir geymsluhúsi þetta af byggingarnefndinni 18. okt. 1859. Lenging sú sem beiðandinn óskar eptir er 6 al. Með því geymsluhús beiðandans stendur þétt við Hlíðarhúsaveginn, en öll þau hús sem við hann verða byggð, eiga að vera í 5 ál. fjarlægð frá veginum getur byggingarnefndin ekki fallið á að húsið sé langt, nema það sé áður flutt, og virtist þeim mönnum í byggingarnefndinni, er höfðu á því sérstaka þekkingu að þetta væri gjörlegt án þess að kostnaðurinn við það yrði tiltakanlegur og héldu þeir að þetta mundi gjörlegt fyrir rúma 30 rd. án þess þó að vilja fullyrða að þessi upphæð væri alveg áreiðanleg. Beiðandinn vildi ekki ganga að því að flytja húsið með tilhlýðilega lögðum grunni, jafngöðum þeim sem nú er undir því fyrir þetta verð eða aðra þóknun, en áskildi þarómóti að húsið væri flutt á nýjan grunn í 5 al. fjarlægð frá götunni á kostnað bæjarsjóðsins, og leggur byggingarnefndin það til við bæjarstjórnina að hún gangi að þessum kosti og skal þá beiðandanum heimillt að lengja húsið um 6 ál. og 6 1/2 al. á breidd, þegar húsið er flutt verður lóð undir það tiltekin nákvæmar.

3. Bæjarfógetinn skýrði frá að milli funda nefndarinnar hefði Consúll Randrup fengið ~~leyfi~~ án þess að nefndin hefði verið tilkölluð uppá væntanlegt samþykki, vilyrði fyrir að lengja inngönguskúr. Símon Alexíusson og M. Hjaltested að byggja inngönguskúra við hús sín.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Jón Þórðarson. Jón Ásmundsson. J. Þórðarson

[xx bæjarfltr. frá Hlíðarhúsum]

[* Litlega undirskrift Jóns Þórðarsonar frá Hlíðarhúsum]

Ár 1868, þann 30. Október átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekin:

1. Beiðni Sigurðar Jónssonar beykis, sem núverandi eigandi að húsinu nr. 2 í Kirkjugarðsstræti svohljóðandi: #

Beiðandinn fráféll að lengja húsið vesturávið, og ávísaði byggingarnefndin þaræft eftir beiðni hans lengingu á húsinu ^{áustur} ~~norður~~ á eigin lóð ^{minnst} ~~um~~ 4 ál. á lengd.

2. Yfirlitin stefna á vegi meðfram túni E. Þórðarsonar yfirprentara, og var hann til staðar. Nefndinni kom saman um að vegarbreiddin ætti að vera klifgeng eða circa 6 álnir, og að öðru leyti fæ girti prentarinn tún sitt í stefnu á ^{neðra} ~~norður~~ hornið á merkisstein í kálgarði Jóns Arasonar, sem myndar ~~þá~~ þessi túntakmörk.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. G. Lambertsen.

Jón Þórðarson.

Ár 1868, þann 5. nóv. átti byggingarnefndin fund með sér, og voru allir byggingarnefndarmennirnir mættir nema J. Þórðarson.

1. Bæjarfógetinn skýrði frá því að á milli funda þá hefði Factor Ziemsens beiðst að mega byggja innngönguskúr fyrir vestan hús sitt og hefði hann leyft það með væntanlegu samþykki byggingarnefndar.

2. Fyrirtekin beiðni Factor Ziemsens (Havsteinsverzlun) um að mega byggja skúr (hálfþaks) fyrir vestan geymsluhús sitt, og sem nær yfir að norðvestur horninu á íbúðarhúsi hans 6 ál. á breidd með plánkaverki út að götunni, og 20 ál. á lengd. Með því að sundið á milli bryggjuhússins alls fyrir þetta verður rúmar 10 ál. og nægir gangstíga og fjarlægð milli bygginganna eins og lögákveðið er. Verðnað eptir. Þellst byggingarnefndin á þessa útvísun að undanteknum bæjarfulltrúa H. Jónssyni, sem greiddi atkvæði á móti útvísuninni. Að öðru leyti geymir byggingarnefndin sér rétt til þess að bygging þessi ekki skuli standa í vegi frá eigandans hálfu ef að einhverntíma þarf að hoggja götu á milli húsanna, sem nú sem stendur ekki virðist nauðsynlegt.

3. Adjunct J. Þorkelssyni í Lækjargötu leyft að byggja heilþaksskúr áfast að á sunnanverðu við hús sitt 6 ál. á lengd og af sömbreidd og húsið.

4. Beiðni Jörgens Þorgilssonar um tómhússtæði í Skuggahverfi svohljóðandi: # # #

Útvísun á lóð átti sér stað sem fylgir: Breidd lóðarinnar frá suðri til norðurs var mæld frá stórum steini í miðri norðurhlíð garðs þess, sem fylgir bænum Veghúsum tilheyrandi Ástu Guðmundsdóttur 35 ál. en lengd lóðarinnar frá austri til vesturs var ákveðin 40 álnir og á sú dregna breiddarlínu að standa lóðrétt á lengdarlínuna. Lóðin verður þannig hérumbil í reglulegum ferhyrning að því leyti neðri takmörkin áhrærir, en efri takmörkin mætast við ~~Veghúsa~~ Veghús lóðina. Vesturtakmörk lóðarinnar verða í meðalstefnu af Kasthúsabæjum, á þá bæjargafli og dyr að snúa gegn vestri. Beiðandanum tilkynnt að útvísun þessari yrði skotið til samþykkis bæjarstjórnarinnar, og að stiftamtinu, að hann sé skyldur eptir mati bæjarstjórnarinnar að greiða lóðartoll. Loks að hann skuli leysa lóðarbréf og þinglýsa því, en ef hann ekki noti lóðina innan 2 ára, falli hún aptur til bæjarins að lögum.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Ásmundsson. Jón Jónsson.

Ar 1868, þann 13. Nóvember átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekin beiðni umsjónarmannsins yfir sjúkrahúsinu O. ~~Ein~~ⁿⁱ um að fá útvísað stæði á eigin lóð sjúkrahússins fyrir baðhús, kvotthús, líkstofu og salerni í einum skúr 18 ál. löngum og 7 ~~1/2~~ al. á breidd. Gengur skúr þessi, sem á að vera með heilbaki og skifu, langsmeð suðurtakmörkum lóðarinnar og verður áfastur við hina nýju tilbyggingu. Útvísun þessi var samþykkt eftir beiðninni.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. G. Lambertsen. H. Jónsson. Jón Jónsson. Jón Ásmundsson.

Ár 1869, þann 20. Janúar átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekin beiðni verzlunarmanns J~~oh~~^{H.} Jónass~~son~~^{son} um að fá hússtöði útvísað á Hlíðarhúsalóð og var beiðni þessi fram~~lögð~~^{lögð} svohljóðandi: #

Factor J. Jónass~~on~~^{son} var til staðar og tjáði frá að hann auk íbúðarhúss þessa, sem á að vera einloftað og ekki ~~meyra~~^{meyra} en 3 1/2 al. undir loft af timbri og steini áformar að byggja skúr fyrir vestan húsið 10 ál. á lengd, en íbúðarhúsið sjálft á að vera 20 ál. á lengd og 12 ál. á breidd.

Byggingarnefndin útvísaði þar næst beiðandanum lóð, sem með því hús lengdink alls á að verða 30 ál., ákvarðast til 40 ál. á lengd meðfram Hlíðarhúsaveginum, og á breidd frá ~~suðri~~^{norðri} til ~~norð-~~^{suðri} ~~urs~~ 36 ál. en húsið, sem á að verða í sömu línu og hús N. Jafets-sonar (útvísunargjörð 4. apr. 1868) á að standa 5 ál. frá Hlíðarhúsaveginum.

Af lóð þessari á að vera 5 ál. breitt svæði óbyggt (að ^{bæði} austan og vestanverðu, til þess að lo ál. fjarlægð verði á milli nábúa húsanna. Jafnframt og byggingarnefndin að sínu leyti samþykkir þessa útvísun, skal henni skotið til samþykktar bæjarstjórnarinnar, eptir 2. gr. þeirra skilmála, með hverjum Guðmundi Erlendssyni við uppboð 28. des. 1866 var lengt ~~tú~~^{tú} þetta til fardaga 18~~67~~⁶⁷ og mælir byggingarnefndin með að lóð þessi verði afstaðin með ~~sömu~~^{sömu} skilmálum.

Beiðanda útvísunarinnar var tilkynnt, að hann innan 2 ára ætti að hafa umgirt og hagnýtt ~~því~~^{því} lóðina eptir gildandi lögum.

Fundi slitið.

W. Bernhöft. H. Jónsson. Jón Þórðarson. J. Jónsson.
Jón Ásmundsson.

Ár 1869, hinn 29. Janúar átti byggingarnefndin fund með sér, í tilefni af beiðni frá Sverrir steinhöggvara frá 21. jan. f.á. um leyfi til að lengja hús sitt til austurs að pakkhúsi Cancelliráðs A. Thorsteinson, og að stækka skúr sinn að vestanverðu að húsi biskups Péturs Péturssonar. Beiðnin er svohljóðandi: # # # Ennfremur var framlögð skipun stiftamtsins frá 25. f.m. til sýslumannsins í Gullbringusýslu H. Clausen, til að vera formaður í byggingarnefndinni í stað Cancelliráðs Thorsteinson, svohljóðandi: # # #

Viðstaddur var Cancelliráð Thorsteinson, sem hvað áhrærir lengingu á húsi Sverris upp til húseignar hans, mótmælti henni, og sagðist einusinni áður hafa verið búinn að leyfa Sverri að lengja hús sitt inná hans grunn, svo að fjarlægðin eða milli-bilið milli húsa þeirra ekki verði nú nema einungis 2 al. 14 tommur. Hann mætti því álíta lengingu hússins hættulega bæði með tilliti til eldsvoða og Assurancegjaldsins, sem auðsjáanlega myndi hækka ~~þá~~ hans síðu. Byggingarnefndin varð því að álíta, bæði með tilliti til mótmæla Cancelliráðs Thorsteinsons sem og ~~þá~~ með tilliti til ákvarðananna í byggingarlögunum 29. maí 1839, gr. 3b að beiðni Sverris Runólfssonar ekki mætti fá framgang.

Biskup P. Pétursson var mættur og tjáði frá, með tilliti til beiðnar Sverris um að hækka skúr hans, að hann öldungis mætti mótmæla því, að hann fengi að hækka skúrinn, þar ~~er~~ það yrði til þess að aldímmt yrði í kokkhúsinu hjá honum, þar ~~er~~ bilið milli húsa nú er ekki nema 4 ál., en hann hefði ekkert á móti að skúr sá, sem nú er og sem hann áður hefur leyft ~~Sverri~~ um mætti standa, sé í sama ástandi og nú hvað hæðina snertir, og ef hann vill þá megi Sverrir lengja skúrinn ~~til~~ suðurs um 5 al. á móts við hornið á pakkhúsi hans (biskupsins), en með sömu hæð og skúrinn nú er, þó hefir hann ekkert á móti að skúrinn byggist þannig, að bakið eða hesta hlið skúrsins snúi til austurs, þannig að ~~hægti~~ veggurinn til vesturs ekki verði hærr en hann nú er, í miðjunni 3 ál. 2 fuml., þó með því skilyrði að skúrinn verði þaktur með skífu og ekkert eldstæði ~~í~~ honum ~~haft.~~ ~~verði~~

Með tilliti til skúrsins (forms (eða stærðar), varð byggingarnefndin að álíta, að viðkomendur yrðu að koma sér saman um það, og sem gegn mótmælum biskupsins ekki verður tekið til greina. Biskupinn bað því viðbætt, að ef Sverrir byggði skúrinn þannig, að vatnsfallið af skúrnum rynni inná lóð biskupsins, þá yrði Sverrir að láta setja vatnsrennu á skúrinn. Þess skal getið að, að svo miklu leyti sem biskupinn leyfir þessa skúrbyggingu, ~~er~~ frá byggingarnefndarinnar síðu er ekkert því til fyrirstöðu, þó með því móti að ekkert eldstæði megi setjast í skúrinn, og þessi væntanlega lenging til austurs ekki komi í bága við ákvarðanir byggingarlaganna, um 10 ál. bil milli húsa. Clausen.

Þarnæst tók land- og bæjarfógeti A. Thorsteinsen sæti í byggingarnefndinni og var tekin fyrir hin önnur beiðni Sverris Runólfssonar um að fá að geyma grjót fyrir sunnan kirkjuna á stæði sem honum 18. feb. 1863 og 24. feb. 1865 ~~veri fallin~~

* en mótmælið að hann verði þessi en hann nú er

var útvísað til hússtæðis. Eftir að byggingarnefndin hafði athugað að útvísun nefndarinnar af 24. febr. 1865 væri fallin úr gildi eftir innihaldi hennar, lét hún í ljósi að hún fæli bæjarfógetanum á hendur eftir samráði við bæjarstjórnina að leyfa Sverri Runólfssyni að leggja grjót á þennan umrædda stað.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. H. Jónsson. V. Bernhöft. Jón Þórðarson.
J. Jónsson.

Aar 1869, den 24. Marts afholdt Reykjavíks Kjöbstaðs
Bygningscommision Møde.

Tilstede var Consul Randrup og fremlagde en Requisition
af 22.d. om at der ^{for det keiserlige franste} kunde fremstaa ^{Marieministeriums} Regning, der har
afkjøbt fra Ejendommen Nr. 7 i Hafnarstræti et paa Byens Øster-
vold ud til Austurstræti som Nr. 9 ~~2~~ beliggende Pakhus med
tilhørende Grund, maa opføre en Bygning af Tømmer og Mur paa
1 Etage med Skifertag. Rekorsitionen er saalydende: # #

Bygningen kommer til at vende med Gavlen imod Austurstræti
og Østervold og ligger langs med Pakhuset, og samtykker Byg-
ningscommissionen at den requirerede Bygning bliver opført,
dog saaledes at der i Henhold til Bygningsloven bliver en
Afstand af 5 Al. af Requisitionens egen Grund i Brede (Brede)
ubebygget henimod Nabogrunden, der paa sin Side ogsaa holder ca.
5 Al. ubebygget Grund hvortil i Beregningen for sidste Vedkomm-
ende beregnes Stakitter ~~udenom endmere~~ de Stolper hvortil samme
er fastgjort ^{da} Stakitter er opstaaet fra Nabogrunden mod
Øst.

2. Eptár beiðni kaupmanns H.C. Robbs, svo hljóðandi: #

Var honum leyft að byggja kvist á hús sitt og móður hans V.
Robb í Hafnarstræti nr. 8, út til garðsins á þann hátt að kvist-
bygging þessi verði 3 - 5 al. á lengd fram í garðinn og 7 al.
og 9 þuml. á breidd með Frontispæði.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. V. Bernhöft. H. Jónsson. Jón Þórð-
arson. Jón Asmundsson. Jón Jónsson. P. Randrup.
H. P. Robb.

Ár 1869, þann 3. Apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrirtekið eftir beiðni bæjarstjórnarinnar að útmæla 2 túnbletti fyrir neðan Hlíðarhúsavegin.

ast 1. Var samþykkt að þessir tveir blettir skyldi aðskilja við stefnu bá, sem þverskúrðurinn í miðri mýrinni ávísar upp að Hlíðarhúsaveginum, verður hinn fyrsti blettur í mýrinni - Nr. 5 - 130 al. á lengd meðfram veginum og myndist stefna hans frá ~~suða~~ austurhorninu á túninu beint niður í munninn á austasta þverskurðinum og verður breidd hans niður ~~í~~ strönd hin sama og millibilið á milli skurðanna.

Bletturinn Nr. 6 sem byrjar fyrir vestan blettinn Nr. 5 á að vera á ~~langd~~ frá austri til vesturs meðfram Hlíðarhúsaveginum 130 al. og heldur þessari breidd til sjávar.

Byggingarnefndin leggur það til að allir sömu skilmálar sé hafðir við leigumáka á blettum þessum, sem á nr. 1 á Hlíðarhúsatúninu, að því viðbættu að túnleigendurnir ekkert endurgjald fái, efað þurfi eftir ákvörðun bæjarstjórnar og byggingarnefndar að taka 20 faðma breiddan svarðfastan renning til bygginga, uppsáturs eða vegar meðfram sjónum.

2. Byggingarnefndin tók þar næst eftir þartil gefnu til efni af hendi gullsmíðs S. Vigfússonar til yfirvegunar hvernig best mætti fara ~~um~~ veg eða stíg að húsi hans á túnblettinum Nr. 1 á Hlíðarhúsalóðinni og fellst á að af Hlíðarhúsaveginum ætti af hlaðinu fyrir framan Hlíðarhús að leggja 5 al. breiður stígur upp að téðu húsi, til þess að S. Vigfússon hefði frían gang að húsi sínu. Nefndin álitur enga ástæðu til þess að slíkur vegur sé kostaður af bæjarsjóðnum. Formaður bæjarstjórnarinnar var nærstaddur og hafði ekkert við þessar ákvarðanir að athuga.

Fundi slitið.

A. Thomsteinsson. V. Bernhöft. H. Jónsson. Jón Þórðarson.

Ar 1869, þann 18. Maí átti byggingarnefndin fund með sér.
Var fyrirtekið að útvísa:

1. Byggingarstæði undir hús til snikkara Helga Helga-sonar eptir beiðni hans Þaraðlútandi, sem var framlögð svohljóðandi: # Byggingarnefndin ávísaði þar næst hið umbeðna hússtæði fyrir sunnan lóð snikkara Helga Jónssonar nr. 7 Ingólfsbrekku, og ~~ákveðst~~ ~~á~~ húsíð, sem verður einloftað með risi ekki ~~meira~~ en í rétt horn, og ekki lægra undir loft en 3 1/2 al., að standa í 7 ál. fjarlægð frá lóð eignarinnar nr. 7 í sömu línu ~~línu~~ og vesturhlið téðs húss útvisar. Húsíð, sem á að vera 14 ál. á lengd og 9 1/2 al. á breidd, á með vesturhludina að standa í sömu stefnu og samhliða húsi snikkara H. Jónssonar útvisar.

Lóðin ákveðst þannig, austurhliðin takmarkast af lóð lög-regluþjóns A. Gíslasonar og vesturhlið lóðarinnar á að vera í sömu línu og sama hlið á lóð snikkara Helga Jónssonar. Breidd lóðarinnar frá suðri til norðurs á að vera 26 ál. í línu, sem er dregin frá vesturhliðinni á húsi Helga Jónssonar, en suðausturhlið lóðarinnar á að mynda reglulegt rétt horn.

Beiðandanum var tilkynnt að honum væri útvísað lóð þessi með því skilyrði, að hann borgi hæfilegt lóðargjald eptir lóðina auk húsaskatts eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar á vanalegan hátt, ennfremur að hann afstandi sjö álna óbyggða spildu fyrir norðan húsíð, sem og hæfilegt svæði eptir ákvörðun byggingarnefndarinnar fyrir vestan húsíð, ef að þörf skylði verða á þessu svæði að leggja götu eptir ákvörðum byggingarnefndarinnar eða bæjarstjórnarinnar.

Beiðanda útvisunarinnar var tilkynnt að hann innan tveggja ára epti að hafa umgirt og hagnýtt lóðina eptir gildandi lögum. E. Jónsson Snikkari, sem hefir tún það á leigu, er hús þetta liggur á, áskildi sér eptir skilmálum þeim með hverjum hann hefir leigt húsíð að fá fullt endurgjald fyrir þann part af túninu sem þannig er tekin til bygginga, og að lóðin verði forsvaranlega umgirt, svo að hann ekki verði fyrir átroðningi.

2. Factor Rh. Stephensen leyft að byggja skúr 2 1/2 ál. á breidd við norðurhliðina á húsinu nr. 3 á Austurvelli þó svo að hann víki götunni dálítið við og breikki hana móti norðri.

3. Jóni Þórðarsyni í Hlíðarhúsum í framhaldi af byggingarnefndargjörð 5. Sept. 1868 útvísað lóð meðfram Hlíðarhúsaveginum að sunnanverðu þannig:

Austurhlið lóðarinnar fellur saman með lóð þeirri sem Factor J. Jónasson var útvísað þann 20. Janúar þ.á. og á lóðin að verða 36 ál. á lengd meðfram veginum frá austri til vesturs og af sömu lengd að sunnanverðu, en á breidd frá suðri til norðurs 36 ál. Á móti við lóð Factors J. Jónassens á að leggjast 5 al. breitt svæði svo að hið lögskipaða 10 al. millirúm milli bygginganna geti náðst. Einsog til er tekið í gjörð byggingarnefndarinnar, dags. 5. Sept. 1868, á beiðandinn að flytja pakkhús sitt í 5 ál. fjarlægð frá Hlíðarhúsaveginum, og verður hús þetta

• einsog hinar aðrar lóðir.

— ólasilegt!

lengt á móti austri, og öll byggingin að standa í 5 ál. fjarlægð frá veginum. ^{Samþykktar}

Jafnframt og byggingarnefndin/ að sömu leyti samþykkir útvísun þessa skal henni skotið til bæjarstjórnarinnar til samþykktar, eptir 2. grein þeirra skilmála með hverjum Guðmundi Erlendssyni við uppboð 28. Des. 1866 var leigt tún þetta til fardaga 1877, og mæli byggingarnefndin með að lóð þessi verði afstaðin með sömu skilmálum.

Beiðanda útvísunarinnar var tilkynnt að hann innan 2 ára etti að hafa umgirt og hagnýtt lóðina eptir gildandi lögum.

4. Sigurði Friðrikssyni, sem hafði beið um útvísun á tómhússtæði hjá Steinsholti var neitað þarum, þaræð nefndin álitur hússtæði þetta alveg óhafandi er það mundi gera átroðning á túnunum og ekki verða mögulegt að leggja veg þar nálægt, en honum var ávísað að byrja um tómhússtæði í Skuggahverfi eða við Hlíðarhús.

FFundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.
Jón Þórðarson. Jón Jónsson. Einar Jónsson.

Formst.

Íslands Stiftamt, Reykjavík 1. júlí 1869.

~~A. Thorsteinsson.~~

Hilmar Finsen

Ár 1869, þann 16. Júlí átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

a) Beiðni cand. O. Gíslasonar dags. 14. þ.m. um að fá viðauka við hús sitt í Bröttugötu, 6 ál. á lengd og 8 ál. á breidd tvíloftaðan á eigin lóð, hvör beiðni var framlögð svohljóðandi: #
Byggingarnefndin samþykkir þessa útvísun að sínu leyti.

b. Beiðni Magnúsar Arasonar um að fá lóð og byggingarstæði á Hlíðarhúsalóðinni fyrir austan lóð Ingimundar Sigurðssonar. Byggingarnefndin ákveður að fyrir framan lóð þessa skuli vera óbyggt svæði til vergagna meðfram sjónum, sem á að vera renningur meðfram sjónum 10 faðmar á breidd, mældar á miðbiki lóðarinnar og á svarðföstu landi. Ákvörðun þessi er í framhaldi þess er byggingarnefndin hefir ályktað á fundi 3. Apríl þ.á. og má svæði þetta ekki notast nema til uppsáturs fyrir skip og báta, en jafnframt og þeir, er búa á Hlíðarhúsalóðinni fremur öðrum skulu hafa kost á að setja báta sína og skip upp á þessari lóð, mega þeir ei fyrirmana öðrum að setja báta sína þar upp eptir því sem þörf kann á að vera.

Lóðin afmarkast móti norðri við þetta almenna uppsáturs-
svæði, móti vestri við skurð þann sem er við takmörk á lóð Ingimundar Sigurðssonar. Breidd lóðarinnar frá austri til vesturs ákvarðast til 35 ál. og frá norðri til suðurs 35 ál.

Þaræð Magnús Arason ekki gat ákvarðað stærð, efni eða lögun byggingar þeirrar er hann ætlar að setja á lóð þessari var honum tilkynnt að hann yrði að leita byggingarnefndarinnar á sínum tíma til þess að tiltaka nákvæmar stefnu þá sem hús þess ber að setja í. þana

Af þeim lóðarbletti sem Magnúsi Arasyni þannig er útvís-
aður skal hann eða síðari eigendur skyldur til endurgjalds-
laust, eptir ákvörðun byggingarnefndarinnar, að afstanda þá kraf-
ist er renning 5 al. breiddan með útköntum lóðarinnar til vegar
eða gangstígs.

M. Arasyni var tilkynnt að ef lóðin yrði ekki notuð innan
2 ára, þá falli hún endurgjaldslaust aptur til bæjarins samkvæmt
byggingarlögunum, að lóðargjald mundi verða ákveðið af bæjar-
stjórninni samkvæmt tilsk. 26. maí 1860 og verður nú útvísun
þessari skotið til samþykktar stiftamtsins. 500

3. Beiðni Þorláks Péturssonar um útvísun á túnstæði
og bæjarstæði á Skáholtinu við Oskjuhlíð svohljóðandi: # Bygging-
arnefndin fann ekki ástæðu til að ávís þessa lóð og bæjar-
stæði, þaræð hún álítur að þeir ekki eigi að byggjast á þessum
stað og aðrir blettir liggja nær til útræktunar. Þorl. Pétursson
hefir einnig fyrir nokkrum árum síðan fengið útvísuðan blett
til ræktunar meðfram Tjörninni, sem hann ekki hefir notað.

4. Beiðni gullsmiðs M. P. Hjaltsted um að fá lóð sína
uppmælda. Byggingarnefndin vísar þessu til aðgjörða bæjarfó-
getans, sem sér um að lóðin verði mæld upp.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.
Jón Þórðarson. Jón Jónsson.

Ár 1869, þann 5. ⁴Agúst átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

1. Eftir beiðni kaupmanns H. Th. A. Thomsen að útvísa honum byggingarsteði fyrir hálfbaksskúr fyrir norðan geymsluhús hans í fjörunni. Beiðni þessi var framlögð svohljóðandi: #

Byggingarnefndin samþykkir þessa útvísun þannig, að té - ur skúr verði ca. 7 fet á breidd og 36 fet á lengd með risi sem snýr að norðurhlið geymsluhússins. Hæðinni á skúrnum hagar hann eftir kringumstæðunum, þannig að þakið mæti þakskeggi geymsluhússins eða ef hann kys það heldur, nái upp undir glugga á efra lopti á húsinu.

2. N. Jafetssyni er leyft að byggja skúr vestanvert við hús hans nr. á Hlíðarhúsavegi á eigin lóð, 6 álnir á lengd og 10 álnir á breidd með bustarþaki og þakskeggi ekki lægra en hliðar hússins.

3. Þ. Guðmundssyni leyft að byggja skúr vestanvert við íbúðarhús hans á Hlíðarhúsavegi nr. samt á eigin lóð 4 álnir á lengd og 8 álnir á breidd með bustarþaki, þakskeggið ekki lægra en hliðar hússins, þó var við þessa útvísun áskilið, að eigandinn að nábúalóðinni Jón Oddsson í Dúkskoti fyrir sitt leyti legði samþykki á þessa tilbyggingu er beiðandinn þegar skúrinn er byggður eftir sýndu eignarskjali einungis á 3 álna breitt fyrir vestan skúrinn óbyggt, og athugast að vesturhlið skúrsins verður í 10 álna fjarlægð frá bæjargaflinum í Dúkskoti. 4. Byggingarnefndin samþykkir að sínu leyti ~~at~~, að bæjarfógeti á milli funda hefur leyft bygginguna á litlu salerni við eign hinnar frönsku herskipastjórnar á Austurstræti nr. 9 á eigin lóð. *x svoti*

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. H. Jónsson.
Jón Þórðarson. Sigurður Guðmundsson. Jón Jónsson.

Ár 1869, þann 10. Ágúst, átti byggingarnefndin fund með sér, (~~og voru mættir byggingarnefndarmennirnir Lambertsen og J. Jónsson.~~)

Var fyrirtekin beiðni ~~adjúnc~~ts J. Guðmundssonar að fá að lengja skúr yfirað múruðu geymsluhúsi hans á eigin lóð. Eigandinn að nábúalóðinni, kaupmaður H. ~~J.~~ Johnsen var einnig mættur.

Hin framlagða beiðni er svohljóðandi: # Byggingarnefndin samþykkti þaræst að sínu leyti hina umbeðnu skúrbyggingu 5 ál. á lengd og 3 ál. 6 þumlunga á breidd.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. Jón Þórðarson.
Jón Jónsson.

Ár 1869, þann 4. sept. átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekin beiðni Einars Einarssonar um að fá útvís-
aða lóð á Hlíðarhúsaveginum að sunnanverðu fyrir vestan lóð þá,
sem J. Þórðarsyni var útmæld 18. maí þ.á., undir timburkúsi
10 1/2 al. á lengd og 6 3/4 al. á breidd.

Lóðin var útvísuð sem fylgir: 30 ál. á lengd meðfram veg-
inum frá austri til vesturs, og sama lengd á suðurhlíð lóðarinn-
ar. Breidd lóðarinnar frá suðri til norðurs 36 ál. eins og á
hinum öðrum lóðum, sem útvísaðar hafa verið. Húsið á að standa
í 5 ál. fjarlægð frá veginum, hvort millibil frá veginum hald-
ist autt, en að öðru leyti eiga gaflar hússins að snúa frá aust-
ri til vesturs og í 10 ál. fjarlægð frá öðrum húsum, þannig að
beiðandinn leggi til minnst 5 ál. af lóð sinni til millibilsins
að austan og vestanverðu.

Jafnframt og byggingarnefndin að sínu leyti samþykkir þessa
útvísan skal henni skotið til bæjarstjórnarinnar eptir 2. grein
þeirra skilmála með hverjum Guðmundi Erlendssyni við uppboð
28. Des. 1866 var leigt tún þetta til fardaga 1877 og mæli
byggingarnefndin með, að lóð þessi verði afstaðin með skilmál-
um þeim sem þar eru tilteknir.

Beiðanda útvísunarinnar var tilkynnt, að hann innan 2 ára
setti að hafa umgirt og hagnýtt lóðina eptir gildandi lögum, og
að hann yrði að greiða lóðartoll eptir mati bæjarstjórnarinnar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
Jón Þórðarson. Jón Jónsson.

Ár 1869, 22. September átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

1. Eptir beiðni S. Þórðarsonar svolátandi: # # # að útvísa honum bæjarstæði með tilheyrandi lóð á Hlíðarhúsalóðinni fyrir neðan garð Jóns Þórðarsonar á Hlíðarhúsum. Lóðin ákveðst þannig, móti vestri sé vesturhliðin 23 ál. á breidd, móti norðri og suðri 30 ál. á hvora hlið og móti austri 19 ál. Bæjarbyggingin á að standa í suðvesturhorni lóðarinnar í nokkurri fjarlægð frá garði Jóns Þórðarsonar í Hlíðarhúsum. Bæjarhúsunum á að snúa lítið eitt upp á við að austanverðu til þess að gangstígur sá sem er meðfram sjónum geti viðhaldið til almennra afnota. Flatarmál lóðarinnar verður ca. 630 ál.

Jafnframt og byggingarnefndin að sínu leyti samþykkir þessa útvísun skal henni skotið til samþykktar bæjarstjórnarinnar og ákvörðunar á lóðargjaldi. Beiðanda útvísunarinnar var tilkynnt að hann innan 2 ára ætti að hafa umgirt og hagnýtt lóðina eptir gildandi lögum og að hann yrði að greiða lóðartoll eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

2. Ekkju Ásmundar Guðmundssonar í Hlíðarhúsum, Halldóru Þorvaldsdóttur var til kálgarðsræktunar útvísað lítið vik uppí lóð hennar að norðanverðu og fannst lóðarauki þessi að vera 148 ferálnir og verður því skotið undir ákvörðun bæjarstjórnarinnar hvort og að hve miklu leyti lóðargjaldið skuli hækka.

3. Hans Jónssyni í Hlíðarhúsum var leyft að breikka hjall þann er hann fékk leyfi til að byggja með útvísun byggingarnefndarinnar 25. Maí 1857 um 3 ál. en hjallurinn er 6 ál. á lengd og á viðauki þessi að vera við norðurhlið hjallsins. Byggingarnefndin samþykkir þetta með sama skilyrði og tiltekið er í ofanefndri útvísun að Hans Jónsson eða eptirfylgjandi eigendur skuli skyldir að afstanda lóðina og flytja hjallinn með tilbyggingu burtu efað á svæði þessu þarf að útvísa reglulegt húsabyggingarstæði eða götu eptir ákvörðun hlutaeigandi yfirvalda.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. H. Jónsson. Sigurður Guðmundsson.
Jón Þórðarson. Jón Jónsson.

Ár 1869, þann 9. október átti byggingarnefndin fund með sér, og mætti í forföllum formanns, konselliráðs og bæjarfógeta A. Thorsteinsons, skrifari hans cand. juris Skúli Magnússon.

Var fyrirtekið:

1. Eptir beiðni Guðmundar Erlendssonar svohljóðandi: #
að mæla honum út viðauka við lóð hans. Var honum útmæld spilda norðanvið austurhluta á fyrri lóð hans, er nær eins langt austur og fyrri lóðin, og í vestur að þeirri línu, er eystri húsgafl hans myndar. Að norðan nær viðbótin eins langt og græsgrær eða allt að því niður að sjónum. Viðaukinn er á stærð að austan 21 $1/3$ að sunnan 35 og að vestan 44 $1/2$ al.

2. Eptir beiðni Gísla Björnssonar á Bakka svolátandi: #
að útmæla honum hjallstæði. Var honum útmælt það 5 álna breitt og 6 álna langt, og skyldi hjallurinn standa fyrir vestan húsföður hans Bjarnar Guðlaugssonar og hafa sömu stefnu og nyrðra húsið, Bjarnar, þannig, að norðurhlið þeirra lægi í sömu línu. Útmælt á eigin lóð.

Fundi slitið.

Skúli Magnússon, settur. G. Lambertsen. H. Jónsson.
Sigurður Guðmundsson. Jón Jónsson. Jón Þórðarson.

Ár 1869, hinn 25. okt. átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrir tekið:

Eftir beiðni húsmanns Jóhannesar Ólsens í Lækjargötu 5 nr. 4 að útvísa honum stæði undir geymsluhús. Hin framlagða beiðni er svohljóðandi: #

Byggingarnefndin samþykkti að beiðandinn á lóð sinni mætti byggja geymsluhús með ~~húll~~ baksrísi, að norðanverðu á lóð sinni, í sömu stefnu og hjallur, sem einnig er norðantil á lóðinni, þó með áskildu samþykki nágranna síns í Vigfúsarkoti, þaræð húsið kemur til að standa mjög skammt frá lóð hans. Lengd hússins ákvarðast allt að 6 álnum og breidd 5 álnir. Húsið á að snúa frá austri til vesturs í 6 álna fjarlægð frá hjallinum, ~~þ~~ allt úr timbri.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.

H. Jónsson. Jón Þórðarson.

Ár 1869, þann 13. Nóv. átti byggingarnefndin fund. Var fyrirtekið:

1. Beiðni Jóns Ólafssonar í Hlíðarhúsum um hússtæði og lóð, fyrir vestan lóð þá, sem ~~Einari Guðnarssyni~~ var útvísuð 19. sept. þ.á., á að verða 6 al. breiður renningur, sem skilst ~~ist~~ eptir fyrir gangstíg að hinu svokallaða Doktorshúsi samkvæmt því, sem var ákveðið á fundi byggingarnefndarinnar 3. apríl þ.á. Fyrir vestan götusund þetta, sunnanvert við Hlíðarhúsa- veginum, var Jóni Ólafssyni mæld lóð sem fylgir: Á lengd meðfram veginum 36 ál., á lengd sunnanvert ca. 36 ál., hérumbil í réttan ferhyrning, þaræð breidd lóðarinnar frá suðri til norðurs ákvarðast líka til 36 ál. Lóðartakmörkin ákvarðast að öðru leyti með tilliti til vesturhlíðarinnar, þannig að lóðin ekki má ná vesturfyrir beina línu, sem dregin er frá norðvesturhorninu á hinni útvísuðu lóð í norðvesturhornið á túni G. Zöega sem kallaður er Góthúsavöllur.

Húsið sem eptir beiðninni er 10 ál. breitt og 12 ál. á lengd á að snúa með gaflana frá austri og vestri, standa eins og hin önnur hús í 5 ál. fjarlægð frá Hlíðarhúsaveginum. Húsið á að standa 10 ál. frá gangstígnum að Doktorshúsinu og byggingarnefndin áskilur sér með tímanum að ákveða að 5 ál. í hið allraminnsta verði óbyggðar af vesturhlíð lóðarinnar.

Þarsem þannig er ákveðið að lóðin skuli vera óbyggð á vissum stöðum, eiga slík svæði að haldast ~~auð~~, og svo er líka með það 5 ál. millibil sem verður ámilli vegsins og hinnar útvísuðu lóðar.

Húsið má ekki vera lægra en 3 1/2 al. undir þakskegg.

Jafnframt og byggingarnefndin að sínu leyti samþykkir þessa útvísun skal henni skotið til samþykktar bæjarstjórnarinnar eptir 2. grein þeirra skilmála með hverjum Hlíðarhúsatún eru ~~veggð~~, og ber þess að geta að af lóðinni verður 22 ál. á lengd meðfram veginum á túni Guðm. Erlendssonar, en 14 ál. á túni Jón. Olsen. Byggingarnefndin mælir með að lóð þessi verði afstaðin með skilmálum þeim, sem þar eru tilteknir.

Beiðanda útvísunarinnar var tilkynnt að hann innan 2 ára ætti að hafa umgirt og hagnýtt lóðina eptir gildandi lögum og að hann yrði að greiða lóðartoll eptir mati bæjarstjórnarinnar.

2. Byggingarnefndin ákvarðaði, að hinn austasti þvervegur í Hlíðarhúsalóðinni fyrir hverjum er gert ráð fyrir í gjörð nefndarinnar 21. júní 1866 skyldi ganga í beina stefnu hvað austurtakmörk vegsins áhrærir frá norðvesturhorni á Góthúsatúni og í norðvestur hornið á lóð J. Ólafssonar, sem nú var mæld og sjónhending eptir þeirri stefnu niður í sjó. Breidd götunnar ákvarðast til 30 ál. og að hún skuli standa í minnst 10 ál. fjarlægð frá veginum að vestanverðu, og hérumbil 15 ál. ~~minnst~~, fjarlægð að austanverðu. Byggingarnefndin áskilur sér síðar að ákveða hvort ekki væri réttast að mynda dálítið torg við sjóinn fyrir neðan Hlíðarhúsavéginna og vestan þessa götu. Þessari ákvörðun skal skotið til bæjarstjórnarinnar til samþykktar og stiftamtsins.

3. Beiðni ekkjunnar Rannveigar Jóhannesdóttur um út-

vísun á á Hlíðarhúsalóð. Nefndinni kom saman um að beiðandi
ætti að gera sennilegt hvort hún gæti byggt, og verður þá nákvæm-
ari ákvörðun tekin.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Labertsen. H. Jónsson. Sig-
urður Guðmundsson. Jón Þórðarson.

[The following text is extremely faint and largely illegible due to bleed-through from the reverse side of the page. It appears to be a detailed report or minutes of a meeting, discussing various matters related to the Hlíðarhúsalóð project mentioned in the first paragraph. Some words like 'veginum', 'ástandið', and 'ákvæði' are faintly visible.]

Ár 1869, hinn 16. Nóv. átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrirtekið:

Beiðni ekkjunnar Rannveigar Jóhannesdóttur um hússtæði fyrir austan Litlubergsstaði. Fyrir hönd R. Jóhannesdóttur mætti steinhöggvari Sv. Runólfsson og skýrði frá, að hún með tilstyrk hans og nokkurra annara áformar að byggja steinhús, 10 - 12 ál. á lengd og 12 - 13 á breidd. Byggingarnefndin útvísaði þá næst lóð undir byggingu þessa sem fylgir:

Fyrir austan Litlu-Bergstaði, er skilinn eptir auður renningur 5 ál. á breidd meðfram lóð þessa bæjar, og 10 ál. breiðar renningur meðfram Þjóðveginum. Afmarkast lóðin svo að hún skuli vera í ferhyrning 30 ál. á hvern veg innan þeirra tilteknu takmarka, nefnilega 10 ál. fjarlægð frá veginum og 5 ál fjarlægð frá Litlubergsstaðalóðinni. Hin áformaða bygging á að snúa með hliðina á mótum veginum, standa enn fremur í 5 ál. fjarlægð frá vesturhlið lóðarinnar, hvar við framkemur 10 ál. millibil milli þessa húss og Litlabergsstaða. Hvað mikið óbyggt svæði skuli leggja til af lóðinni að austanverðu mun síðar verða ákveðið eptir kringumstæðum. Húsið á að vera ekki minna en 3 1/2 al. undir lopt.

Beiðanda útvísunarinnar var tilkynnt, að eptir lóðina og húsið skuli borga toll eptir mati bæjarstjórnarinnar, svo og að lóðin félli aptur undir bæinn án endurgjalds ef skilmálum byggingarlaganna ekki verið fullnægt innan 2 ára.

Útvísun þessari verður skotið til samþykktar stiftamtsins.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sverrir Runólfsson. H. Jónsson.
Sigurður Guðmundsson. Jón Jónsson.

Ár 1869, h. 3. des. átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrir tekið:

1. Beiðni verzlunarmanns Eyþórs Felixsonar dags. 22. f.m. svohljóðandi: # E. Felixson skýrði frá að hann hefði keypt hús það, er járnsmiður Sig. Jónsson byggði þar í fyrra sumar. Var svo beiðandanum útvísað staði fyrir húslengingu fyrir austan hús hans af sömu breidd og húsið og að lengd 6 ál. til austurs. Af þessari lengd heyrir beiðandanum til einungis 5 ál., en með því að svæðið þar fyrir austan er alveg ógirt áleit byggingarnefndin að honum mætti vera heimillt að byggja skúrinn eða lengja húsið einni alin lengra eða allt að 6 álnum.

Beiðandanum var enn fremur útvísað staði undir inngönguskúr, 2 1/2 og 3 ál. í ferhyrning við suðurhlið hússins.

2. Jóni silfursmið Þorbjarnarsyni leyft að byggja inngönguskúr, 9 ferálnir í réttum ferhyrning fyrir austan íbúðarhús hans að Melshúsum á eigin lóð.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.

Jón Jónsson.

Þann 24. des. 1869, átti byggingarnefndin fund með sérgögum og var fyrirtekkið:

1. Beiðni járnsmiðs Sigurðar Jónssonar svolátandi: #
Var beiðandanum þar næst útvísað hússtæði í Lækjargötu fyrir sunnan hús yfirkennara Jóns Þorkelssonar. Breidd götunnar er ákveðin í gjörð byggingarnefndarinnar af 14. ágúst 1865. Hið áformaða hús á að verða 16 ál. á lengd og 10 ál. á breidd og ris ekki minna en í rétt horn, minnst 4 ál. undir loft, samt ætlað fyrir íbúðarhús. Að norðanverðu byrjar lóð beiðandans við lóðartakmörk J. Þorkelssonar og verður á lengd meðfram læknum 23 ál. Húsið á að byggjast í sömu línu og hin önnur hús í götunni og standa í 5 ál. fjarlægð frá húsi J. Þorkelssonar að norðanverðu. Með tilliti til skilgarðs við lækinn og viðhald á hleðslu fyrir framan hana undirgöngi beiðandinn sömu skilyrði og adjúkt J. Þorkelssonar og hinir aðrir húseigendur í götunni hafa undirgengi. Að vestanverðu takmarkast lóðin af lóð húss þess er dýralæknir Teitur Finnbogason nú á. Hósti. Beiðandanum var tilkynnt að hann yrði að nota lóðina samkvæmt byggingarlögum innan 2 ára. *Upplestið S. Finsson (sign)*

2. Beiðni Vigfúsar Guðmundssonar um hússtæði svolátandi: #
Beiðandanum var fyrir vestan erfðafestutún Jóhannesar Zöega meðfram Hlíðarhúsaveginum, sunnanvert við hann útvísað lóð á lengd meðfram veginum 36 ál. þ.e. frá austri til vesturs, og frá norðri til suðurs 36 ál. Myndar lóðin móti norðri, vestri og suðvestri horn, en að austanverðu horn það sem myndast af tungarði Jóh. Zöega. Hús það sem beiðandinn áformar að byggja á að standa í 5 ál. fjarlægð frá veginum, hvert millibil frá veginum haldist autt. Gafla hússins eiga að snúa til austurs og vesturs og beiðandinn að leggja 5 ál. til af lóðinni bæði að austan og vestanverðu til þess að hið lögskipaða millibil á milli bygginga á *naðna* lóðunum geti náðst. Húsið á að vera 9 ál. á breidd og 12 ál. á lengd, samt 6 ál. skúr af sömu breidd við vesturendann, 3 1/2 ál. undir loft og ris ekki minna en í rétt horn.

Jafnframt og byggingarnefndin að sínu leyti samþykkir þessa úrvísun skal henni skotið til samþykkingar bæjarstjórnarinnar og stiftamtsins og mælir byggingarnefndin með að lóð þessi verði afstaðin. Beiðanda útvísunarinnar var tilkynnt að hann innan 2 ára ætti að hafa hagnýtt lóðina samkvæmt byggingarnefndarlögum, og að hann yrði að greiða lóðartoll eptir mati bæjarstjórnarinnar.

3. Munnleg beiðni Ivars Jónatanssonar um að byggja hús 7 ál. á breidd og 11 ál. á lengd á Selslóð fyrir neðan bæinn að Litlaseli. Byggingarnefndin veitti þessu sitt samþykki svo framarlega sem að beiðandinn útvegar leyfi Magnúsar Jónssonar, sem eiganda að jörðinni "Seli" til þess að hús þetta megi byggjast þar á lóðinni.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson.

Ár 1870, þann 14. febr. átti byggingarnefndin fund með sér, og tók sæti í nefndinni eptir kosningu bæjarfulltrúanna, hr. O. P. Finsen í stað H. Jónssonar.

Var fyrirtekið:

1. Beiðni Hans Jónssonar og Einarssonar hins fyrnefnda um að fá lítinn lóðarauka við hjall, sem hann hefir byggt fyrir neðan kálgarð Sigurðar Þórðarsonar eptir útmælingargjörð byggingarnefndarinnar dags. 25. Maí 1857, en hinn síðarnefndi hefur óskað að fá svæði fyrir hjall 6 álna langan og 6 al. á breidd þar fyrir ofan. - Byggingarnefndinni kom saman um, að einsog hún við hina fyrri útmælingu ekki hefði viljað ráðstafa lóðum á þessu svæði til fastra bygginga eignarhalds, þá geti hún ekki heldur nú lagt það til, en á hinn bóginn væri ekkert á móti því, að Hans Jónsson gerði skurði í kring um hjall sinn og legði grjót þar til stakkstæðis og vergagna, þó þannig að aðrir getu fengið að setja skipastól sinn þar upp um vetrar tím-ann, og að hann að öðru leyti ekki fengi frekari umráð yfir lóð þessari, allt einsog áskilið er í ofanefndri útvisunargjörð. Nefndin leyfir Einari Jónssyni að setja þar ofan hjall þann er hann áformar að byggja, vestantil við garð Sigurðar Þórðarsonar, rétt upp við hann, þó þannig, að hjallurinn með gaflana snúi frá austri til vesturs, og norðurhlið hússins ekki komi niður fyrir þá stefnu, sem hjallur B. Kristjánssonar og O. Guðlaugs-sonar ávísar, svo og þessi lóðarútvisun sé bundin því skilyrði, að hann endurgjaldslaust skuli flytja bygginguna burtu og af-standa lóðina, svo framarlega, sem að nefndin eða bæjarstjórnin finni ástæðu til að nota lóðina á annan hátt. Að öðru leyti leyfist honum á sama hátt og Hans Jónssyni að skera fram mýrina þar í kring og leggja stakkstæði.

2. Beiðni Sgr. Björns Pálssonar um að byggja bæ svo-hljóðandi: # # Þar næst var honum útvísað bæjarstæði þannig, að bærin standi fyrir austan bæ þann er fátækra sjóðurinn nú á, og snúi einsog hann frá austri til vesturs, og ákvarðast lóðin 36 álnir á hvorn veg í ferhyrning. Vesturhlið lóðarinnar fellur saman við austurhlið lóðarinnar að fyrrtéðum bæ, og suðurhliðin fellur sem næst í sömu línu og suðurhliðin á sömu lóð (fátækra sjóðsbæjarins). B. Pálssyni var tilkynnt að hann innan 2 ára yrði að hafa hagnýtt lóðina, samkvæmt byggingarlagunum, að hann yrði að greiða tómhústoll eptir eignina samkv. mati bæjarstjórnarinnar, og loks sé hér með sú kvöð lögð á eign þessa, að byggingarnefndin á sínum tíma geti ákveðið, að gangstígur fyrir nábuabæ megi endurgjaldslaust leggjast yfir lóðina, þegar henni byki þess þurfa.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. O. Finsen. Jón Þórð-
arson. Sigurður Guðmundsson. Jón Jónsson.

Ár 1870, hinn 8. marz átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrirtekið:

1. Beiðni Ingjalds Ingjaldssonar að fá tómhússtæði útmælt á Hlíðarhúsalóðinni svohljóðandi: # Fyrir austan nyrðri helm-ing Garðhúsalóðarinnar var beiðandanum útmæld lóð, sem fylgir: Móti suðri í beina línu með norðurhlið gangstígsins vestur að Garðhúsum yfir að suðausturhorninu á kálgarðinum, 40 álnir; móti austri verður lóðarlengdin 34 álnir og takmarkast lóðin þar af götu þeirri, sem á að liggja frá Hlíðarhúsaveginum niður til sjáfar; móti norðri ákvarðast lóðin með 31 alin yfir í norðaust-urhornið á Garðhúsalóðinni; vesturhliðin fellur saman með ný-nefndri lóð. Verður því lóðin alls ca. 1200 ferálnir. Í Ing-jaldssyni var tilkynnt, að hann innan 2 ára ætti að nota lóðina samkv. byggingarlögunum, og að hann yrði að greiða tómhústoll eptir mati bæjarstjórnarinnar.

2. Beiðni Páls Stefánssonar um að fá útmæld tómhússtæði svolátandi: #

Byggingarnefndin ávísaði hússtæðið fyrir sunnan Steinsstaða-lóð, þannig að þærinn komi til að standa í þeirri línu, sem suðurgafi á húsi B. Smiths og suðurhlið á lóð Ólafssonar Ólafssonar útvísar, en á móti vestri á þærinn að standa í sömu línu og þærinn Steinsstaðir. Lóð sú, sem að verður lögð undir tómhús þetta, mun síðar verða ákveðinn. Beiðandanum var tilkynnt, að hann innan 2 ára ætti að nota lóðina samkv. byggingarlög-unum og greiða tómhústoll eptir mati bæjarstjórnarinnar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.
Jón Þórðarson. Jón Jónsson.

Ár 1870, hinn 31. marz átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrir tekið.

1. Beiðni faktors Stephensens, fyrir ~~hónd~~ herra Konsúls ~~ráðs~~ M. Smiths um útmælingu undir hús á stakkstöði hans. Beiðnin er svohljóðandi: # #

Eftir að faktor Th. Stephensen hafði skýrt frá, að húsið ætti að vera á lengd 20 - 25 ál. og á breidd 12 ál., útvísaði nefndin stöði fyrir húsið, sem á að vera (minnst) einloftað, og minnst 4 1/2 al. undir loft úr timbri og sem á að snúa frá austri til vesturs með gaflana þannig, að húsið á að liggja með suðurhliðina í h. u. b. sömu stefnu og myndast af suðvesturhorni á geymsluhúsi Consúls Siemsens og suðvesturhorni á geymsluhúsi P. C. Knudtzons, hverja hús bæði liggja á stakkstöðunum. Vesturgافل hússins á að liggja í sömu línu og vesturhlið kolabyrgis þess, er Konsúll Smith hefur á stakkstöðinu.

2. Beiðni E. Zöega, um túnstöði svoláttandi. Með því þorlákur Pétursson í Litlaholti ekki hefir notað útmælingu þá, er honum var veitt ~~hinn~~ 13. Maí 1864, áleit byggingarnefndin, að hann samkv. gildandi lögum, ekki hefði neinn rétt til þessa bletts nú framfar, og að frá hendi nefndarinnar væri ekkert að athuga við það, að bæjarstjórnin afsalaði þenna blett til túnræktunar með þeim skilmálum er hún finndi bezt henta, þó að til væri tekið hvort af blettinum mætti taka til bygginga eða vegar.

3. Beiðni G. Lambertsems kaupmanns, svohljóðandi: # #
Byggingarnefndin hefir ekkert við beiðni þessa að athuga og vísar til gjörðar byggingarnefndarinnar af 22. Maí 1866, að því viðbættu að blettur þessi sýnist eins vel að geta fylgt tjarnarendanum.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. O. Finsen. Jón Þórðarson. Sigurður Guðmundsson.

Ár 1870, h. 11. Maí átti byggingarnefndin fund með sér:

Var fyrir tekið:

1. Beiðni Magnúsar Magnúsar og
2. ^{do} Beiðni Guðmundar Guðmundssonar, um að fá bæjarstæði hjá Grímsstöðum svohljóðandi: # # # Byggingarnefndin ályktaði, að útvísanir þessar ekki gætu átt sér stað á þeim umbeðnu stöðum, þaræð óráðlegt sé, ýmsra orsaka vegna, að fjölga tómthúsum á stöðum þessum; þar á móti tjáir nefndin sig fúsa til að vísa mönnum þessum á tómthússtæði á Hlíðarhúsalóðinni eða í Skuggahverfinu, ef þeir óska þess.
3. Útaf beiðni Jóns Ólafssonar og Jóns Guðmundssonar, svohljóðandi: samt ennfremur munnlegri beiðni Guðlaugssonar² 1) Ólafs, álitur nefndin að 20 faðma breiðan renning megi taka sem fiskverkunarpláss af Hlíðarhúsablettanum nr. 5 og 6, samkv. ~~er~~ útmælingargjörð byggingarnefndarinnar af 18. Maí 1869. Beiðandanum var tilkynnt, að þeir mætu taka lítið svæði af þessum renningi til stakkstæðisbrúkuar, en þeir fengi engan eignarrétt yfir slíku svæði, heldur leyfi til að nota það þangað til byggingarnefndin eða bæjarstjórnin ákvæði öðruvísi. Á svæði þessu mega þeir ei byggja eða gjöra nein varanleg auðvirki, og heldur ekki mega þeir hindra uppsátur.
4. Beiðni Sigurðar Þórðarsonar um útvísun á lóð fyrir neðan bæ hans svohljóðandi: Nefndin finnur enga ástæðu til að veita hinn umbeðna lóðarauka, en þangað til öðruvísi verður ákveðið, má beiðandinn fremur öðrum verka fisk á klöppunum fyrir neðan lóð hans.
5. Beiðni Guðrúnar Kristjánsdóttur um útfærslu á húsinu nr. 1 í Göthúsastíg svohljóðandi: Nefndin samþykkir að húsið verði breikkað allt að 4 ál. og lengt til suðurs um 3 ál.
6. Beiðni Sigurðar Jónssonar járnsmíðs, um að fá að byggja upp smíðju sína í Stuðlakoti - svohljóðandi: # # # Eptir talsverðar umræður tjáði S. Jónsson frá, að hann væri fús á að flytja smíðju þessa, sem er á óhentugum stað, og útvísaði byggingarnefndin honum þar næst, eptir beiðni hans, lóð þá, sem hann 14. Maí 1867 var útvísuð Gullsmíði Páli Eyjólfssyni, enn sem hann ekki hefir yrkt eða notað í 3 ára tíma og hann því ekki hefir rétt til. Beiðandanum var tilkynnt að hússtæðið yrði nákvæmar tiltekið eptir sömu grundvallarreglum, sem teknar voru til greina við hina fyrri útvísun. S. Jónsson fráféll eptir áskorun byggingarnefndarinnar útvísun þeirri, er hann fékk í Lækjargötu fyrir sunnan hús yfirirkennara Jóns Þorkelssonar þann 29. Des. 1869.

Fundi slitið.

A.Thorsteinsson. G.Lambertsen. O.Finsen. Sigurður
Guðmundsson. Jón Jónsson.

Ár 1870, átti byggingarnefndin fund með sér, og tók sæti í nefndinni í stað kansalliráðs, bæjarfógeta A. Thorsteinson, skrifari hans cand. jur. Skúli Magnússon, samkv. löggildingu stiptamtsins af. D. D.

Var fyrirtekið eptir beiðni ^{Ingjalds} Ingjaldssonar svohljóðandi: #

Að útvísa honum bæjarstæði á Hlíðarhúsalóð. Eptir að nefndin með atkvæðafjölda ^(3 mið: 2) hafði ákvað að bæjarstæðið skyldi útvísast fyrir sunnan Hlíðarhúsavegin, var beiðandanum, er ekki vildi ganga að útvísun ^{heim}, er nefndin gaf honum kost á á þessum stað, tilkynnt frá nefndarinnar hálfu, að hún eigi sæi sér fært að útvísa honum bæjarstæði á hinum umrædda stað á þann hátt er hann óskaði, þaræð það gæti komið í bága við væntanlegan veg eða götu um það svæði.

Fundi slitið.

Skúli Magnússon, settur. Sigurður Þórðarson. Jón Þórt-
~~Þórðarson~~(Þórðarson.).

Ár 1870, þann 15. Júní, átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var fyrirtekin beiðni Ingjalds Ingjaldssonar um útvísun á bæ handa honum, eptir að hann á ný hefir borið sig upp fyrir nefndinni.

Nefndinni kom saman um að beiðandanum mætti útvísa lóð fyrir sunnan bæinn Hala ca. 20 ál. á breidd frá austri til vesturs og ca. 40 ál. frá suðri til norðurs, og af því að nákvæm mæling ekki getur átt sér stað í þetta skipti var Sigurði Guðmundssyni málara falið á hendur að fyrirtaka hana og gera plan til útmælingarinnar.

2. Jón Þórðarson í Hlíðarhúsum hefir byrjað á að endirbyggja bæ sinn og hefir horn á honum staðið úti Hlíðarhúsavegginn. Hann fyrirfannst að vera búinn að hlaða upp austurvegginn, sem stóð út í veginn góða alin, en hann hafði áður en hann byrjaði þessa byggingu talað við bæjarfógetann og byggingarnefndarmanninn O. Finsen, og þeir lagt það til við hann að vegurinn skyldi verða alveg laus við bæjarveggina. Eptir að málefni þetta hafði verið borið undir byggingarnefndina, varð hún samhuga á því, að vegurinn yrði losaður við vegginn, og að Jón Þórðarson ætti að skyldast til þess að gera þá breytingu, sem við þarf í þessa átt, en honum mætti leyfast breikkun hússins og útfærsla hérumbil 1 al. austur á, svo framarlega að hann gangi að þessum kostum. Jón Þórðarson var til staðar, en tjáði frá að hann ekki gæti gengið að þessum kostum nú þegar en í kvöld mundi láta í ljósi hvort hann sæi sér það fært.

3. Sigurður Gullsmíður Vigfússon óskaði sér útmældan lóðarauka og var honum útvísaður: 1) ferhyrningur fyrir vestan hús hans framundan vesturhlíð hússins, móti suðri, 14 1/2 al., móti vestri 10 al., móti austri 14 1/2 al. 2) ferhyrningur fyrir framan hús hans að norðanverðu á lengd suðurhlíð og norðurhlíð 22 ál., móti vestri 17 1/2 al., móti austri 15 al.

Beiðandanum var tilkynnt að hann yrði að greiða lóðartoll eptir þenna viðauka samkvæmt mati bæjarstjórnarinnar, og úmgirða hann. Það athugið að ferhyrningurinn nr. 1 stendur hjallur, sem er byggður fyrir mjög mörgum árum síðan.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. Sigurður Guðmundsson. G. Lambertsen.
O. Finsen. Jón Þórðarson.

Að því leyti gjörð byggingarnefndarinnar mér viðvikjardi áhrærir, þá geng ég að því að láta austurvegginn á bæ mínum vera hlaðinn svoleiðis upp, að hann ekki nái út í götuna, gegn 5 rd. Þóknun, sem bæjarfógetinn lofar að sjá um að verði greiddar mér.

J. Þórðarson.

* ólasilegt, lík: friðar!

Ár 1870, þann 25. júlí átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

1. Beiðni snikkara E. Jónssonar nr. í Ingólfsbrekku:## um lengingu á geymsluhúsi hans, sem er bak við íbúðarhús hans, 7 1/2 al. á breidd og 2 1/2 á lengd. Með því 10 al. millibilið milli þessarar byggingar og nábúahússins viðheldist hefir byggingarnefndin að sínu leyti ekki á móti þessum húsauka; þó þannig að beiðandinn áður en hann byggir, útvegi sér samþykki nábúans, ekkjufrúar Th. Thorsteinsen af því að húsið stendur innan 5 al. fjarlægðar frá lóð hennar.

2. Beiðni járnsmiðs Jóns Jónssonar um smiðju svohljóðandi: ## ## Byggingarnefndin áleit ekki tiltækilegt að ávísa beiðandanum smiðjustæði á þeim umbeðna stað og var honum svo ávísað stæði fyrir smiðjuna fyrir norðan ~~á lóð~~ hús Mðme Einarsen [fyrr Sigurðar Þórðarsonar á Hlíðarhúsalóð], þannig að suðurhlíð smiðjunnar á að standa í 16 al. fjarlægð frá húskofa, sem stendur norðantil á lóð húss þessa og 10 al. frá austurhlíðinni á kálgarði Halldóru Þorvaldsdóttur ekkju Ásm. Guðmundssonar. Húsið á að byggjast úr tré og snúa með gaflana til austurs og vesturs.

Þegar smiðjan er sett niður á að tilkalla formann slökkviliðsins, til að gefa álit sitt.

Beiðandanum ber að greiða tómhústoll eða lóðartoll, eptir mati bæjarstjórnarinnar, og verði honum afmörkuð lóð síðar eptir sem við kann að þurfa.

Verði bygging þessi ekki reist innan 2 ára, fellur útvísun þessi úr gildi.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson. Jón Jónsson.

Ár 1870, hinn 10. Sept. átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrirtekið:

1. Beiðni konsúls M. Smiths, um að fá kolabyrgi sítt stækkað á móti austri um 6 ál. svolátandi: # # #

Með því götusund það, sem er á milli húsa konsúls Smiths og kaupmanns ~~Thomsens~~ Thomsens, heldur breidd sinni 6 al. og 15 fuml. og konsúl Smith tjáði sig fúsan að láta norðausturhorn kola- byrgisins sneiðast af með 2 ál. ánorður og austurhlíð, ~~hvarri~~ fyrir ~~Sig,~~ - Samþykkir byggingarnefndin útvísun þessa þannig, eða með nefndri breytingu, þó með geymdum rétti til frekari ákvörðunar ef nábúinn kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefir nokkuð við útvísun þessa að athuga. -

2. Beiðni fyrverandi verzlunarmanns Th. ~~Sjöberg~~ ^{Suhr}, um að fá byggingarstæði útmælt í "Grófinni" svohljóðandi. # #
Byggingarnefndin getur ekki lagt það til að útvísun þessi eigi sér stað. Það athugast sérstaklega, að þegar útvísun á hússtæði átti sér stað á svæði þessu fyrir nokkrum árum síðan, þá var helzta ástæðan ~~túl~~ þess, að við það gat áunnizt breikkun götunnar, með því húsið nr. 1 í Læknisgötu átti þá að færast inn.

Konsúll M. Smith fráféll að svo komnu beiðni sinni, um skúr fyrir utan búðardyr sínar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson. M. Smith.

Imod ovenstaaende Udvisning af Byggegrund til et Planke- værk af Hr. Konsul M. Smith, ~~har~~ jeg Undertegnede Intet at er- indre, dersom dette Plankeværks Opførelse ikke bevirker at ~~jeg~~ senere forbydes at benytte min egen Grund til Opførelse af et Hús, om ønskes, der kommer til at naa ligesaa langt vestefter ~~Jen~~ de andre Bygninger af mit Etablissement.

H. Th. A. Thomsen.

Ár 1870, 16. Sept. átti byggingarnefndin fund með sér,
og var fyrirtekið:

Beiðni Madame Guðrúnar Kristjánsdóttur um að fá breytingu
á húslengingu þeirri er hún fékk þann 11. Maí þ.á. Beiðnin er
svohljóðandi: # #

Byggingarnefndin samþykkir að húsið verði sett vestantil
á lóðinni, nær hæfis í sömu línu að austanverðu og hús cand.
O. V. Gíslasonar, Brattagötu nr. 1, en þó svo að vesturhlíð húss-
ins komi til að standa 5 fet frá kálgarðinum í Brekkubæ, eða
þeirri lóð, og samþykktir hinn núverandi eigandi nefndrar lóðar
(Madm. Guðrún Ólafsdóttir), sem var til staðar að þetta mætti
svo vera. Húsið er á lengd 8 7/10 al. og á breidd 9 4/5 al.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.
O. Finsen. Jón Þórðarson.

Ár 1870, hinn 29. September átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

1. Beiðni læknis J. Jónassonar, um hússtöði, svohljóð # #
~~andi~~: Fyrir sunnan hús yfirkennara J. Þorkelssonar í Lækjargötu var beiðandanum útvísað lóð, 27 ál. frá suðri til norðurs og á austurhlið lóðarinnar að vera í sömu línu og hinar aðrar húsalóðir í götunni. Húsið á að standa með gaffla til norðurs og suðurs, á mótí austri í sömu línu og hin önnur hús í götu þessari, vera 18 ál. á lengd með 6 ál. skúr að norðanverðu. Þessi bygging 24 ál. á lengd á að standa í rúmri 10 ál. fjarlægð frá byggingu yfirkennara Jóns Þorkelssonar. Húsið skal vera minnst 4 ál. undir lopt með kvisti. Risið ekki minna en í rétt horn og á breidd 12-14 ál. Á mótí suðri á hin útvísada lóð að mynda rétt horn við austurhlið lóðarinnar. Mót vestri takmarkast lóðin af austurhlið á lóð dýralæknis T. Finnbogasonar; mót norðri af suðurhlið lóðar yfirkennara J. Þorkelssonar. Beiðandi útvísunar þessarar, lofar og undirgengst að láta byggja skíðgarð með fram ~~lóðum~~ ~~læknum~~ á sinn kostnað, og viðhalda honum á sama hátt og hinir aðrir húseigendur í götu þessari hafa undirgengið.

2. Beiðni járnsmíðs Sigurðar Oddssonar, um pláss fyrir smíðju á Hlíðarhúsalóð svolátandi: # Beiðandi óskað útvísunar á smíðju norðanvert við Hlíðarhúsaveg á móts við Dúkskot, eða norðanvert við sama veg fyrir austan Hlíðarhúsabæina.

Þar með byggingarnefndinni virtist hið fyrra stæði ónógt fyrir smíðju, liggja of lágt og innikreppt milli bygginga, og hið síðara of lítið fyrir smíðjustæði, og nauðsynlegt að halda óbyggðu til að greiða í sundur tómt húslóðir, er standa of þétt saman, - gat nefndin ekki gengið að því að vísa beiðandanum stæði fyrir smíðju á þessum stöðum, en bauð honum þar á mótí stæði fyrir smíðju norðanvert við Hlíðarhúsaveg fyrir ofan lóð B. Pálssonar, eða á móts við lóð V. Guðnasonar og í annan stað fyrir sunnan hús Madm. Knudsen á Kirkjugarðsveginum, og með því beiðandinn ekki gat notað þessi pláss eða vísað á önnur hvar hann vildi byggja, varð eigi frekar við þetta gjört.

3. Pétri Gíslasyni á Ánanaustum vísað á stæði ~~undir~~ skúr 5 ál. breiddan og 6 ál. langan fyrir austan kálgarð Guðm. Gíslasonar á Ánanaustalóðinni austantil og uppundan vörinni og á skúrinn að standa meðfram garðinum að ofanverðu, snúa frá austri til vesturs og þó svo, að gangrúm sé á milli garðsins og skúrsins. Þess ber að geta að engin lóð er að svo komnu lögð til að fylgja með skúr þessum.

4. Bréf Valda Valdasonar, dags. 15. f.m. til bæjarstjórnarinnar og af henni vísað til álits byggingarnefndarinnar.

Nefndin hefir ekkert að athuga við það, að beiðandinn, samkvæmt skilmálum þeim, með hverjum jústisráði J. Hjaltalín er leigt Melshúsatúnið og með samþykki hans, leggi gangstíg þann, er hann hefir beiðið um, og á að ganga skemmstu leið frá Kirkjugarðsveginum upp að bæjardyrum á Skólabe. Vera 2 ál. á ~~breidd~~ og svo frá honum gengið, að ~~veginn~~ átroðningur orsakist við veginn um túnið.

Ár 1870, þann 12. Nóv. átti byggingarnefndin fund með sér Fjarverandi var kaupmaður Lambertsen og veikur J. Þórðarson.

Var fyrir tekið:

1. Að útvísa geymsluhússtæði fyrir faktor Th. Stephensen á eigin lóð. Beiðandinn óskaði að setja húsið, sem á að vera 6 ál. á breidd og 9 ál. á lengd á norðausturhorni lóðar hans, og samþykkti byggingarnefndin þetta með 3 atkvæðum gegn 1 (O. Finsen) með því skilyrði, að hús þetta skyldi án endurgjalds verða flutt burtu ef að ákvarðað yrði að lengja Lækjargötu þar meðfram læknum sem húsið stendur, og undirgekkst faktor Th. Stephensen þetta.

2. Beiðni Sigurðar Magnússonar í Hala um lóðarauka. Nefndin fann ekki ástæðu til að taka beiðni þessa til greina.

3. Beiðni Ingimundar Sigurðssonar á Bakka svohljóðandi: # Nefndin getur ekki veitt neinn lóðarauka til austurs, en þar á móti ákvarðar hún að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar, að Ingimundur Sigurðsson megi færa lóð sína út á móti suðri ámóts *vísing* við Björns Guðlaugssonar, þannig að suðurtakmörk lóðarinnar verði í sömu línu og sú, sem skurðurinn fyrir fram lóð B. Guðlaugssonar ávísar, og á hann að girða lóðina í sömu stefnu og B. Guðlaugsson. Austurtakmörk lóðarinnar eru skurður sá sem að nú takmarkar hina eldri lóð að austanverðu.

4. Beiðni M. Vigfússonar um að byggja bæ á Selsslóð. Nefndinsamþykkir að ~~þær~~ þessi að áskildu samþykki jarðareigandans standi hjá hinum gömlu fjárhústóptum hjá Litlaslóð.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. H. Jónsson.
Sigurður Guðmundsson

Ár 1871, hinn 3. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér.

Tók sæti í nefndinni cand. theol. ~~Eddur~~ Oddur O. Gíslason í stað ~~KJ.~~ Þórðarsonar, sem hefir fengið lausn.

bæjarfulltrúa

Var tekið fyrir:

1. Guðrúnu Ólafsdóttur í Lækjarkoti leyft að lengja bæ sinn milli bæjarkampa um 2 ál., og á sér þannig engin útfærsla stað á veggri heim, sem er sunnan undir bæjarhúsunum..

2. Beiðni Ólafs Þorkelssonar um hússtæði á Lækjarkotslóðinni 9 ál. lang og 8 ál. breidd.

Beiðandinn breytti beiðni sinni á þann hátt, að hann nú vildi byggja húsið 9 ál. á lengd og 8 ál. á breidd, í suðvesturhorni lóðarinnar í línu við hús Jakobs Sveinssonar. Eigandi lóðarinnar Guðrún Ólafsdóttir, mætti ásamt lögverja hennar Jóni Árnasyni, og með því ekkert samkomulag varð milli hennar og Ólafs Þorkelssonar um afsölu lóðarinnar, neitaði byggingarnefndin að útmæla hússtæðið.

3. Beiðni ~~Jóns~~ Inspektors Jóns Árnasonar um lengingu ~~& mynd-~~ anvertageymsluhúsi hins lærða skóla 8 1/2 á breidd og 5 árir á lengd svolátandi: # #

Nefndin samþykkir þenna viðauka við húsið.

4. Beiðni Þorsteins næturvarðar Jónssonar svolátandi # Beiðandanum var leyft að byggja hjall, 6 ál. á lengd og 5 ál. á breidd austanvert við bæ hans á eigin lóð.

5. Beiðni Þórðar Stefánssonar um að byggja bæ fyrir austan Litlabæ í Skuggahverfi: # # #

Með því ~~er~~ beiðandinn þuggur af sveit að staðaldri, og byggingarnefnd álitur að hann ekki muni geta borgað eftirgjald fyrir bæinn, setti hún sem skilyrði fyrir útmælingunni, að hann útvegaði tryggingu fyrir, að lóðargjald yrði borgað, eða sérstaklega heimild að byggingin verði gjörð með ráði fátækra stjórn- arinnar.

6. Bakar~~a~~ Bernhöft leyft, eftir munnlegri beiðni, að byggja viðauka sunnanvert við íbúðarhús sitt nr. í Ingólfsbrekku, 11 ál. á ~~breidd~~ 6 ál. ~~þbreidd~~ lengd, ~~sömu~~ hæð undir þaki og íbúðarhúsið með þakrisi nokkuð minna.

7. Beiðni Péturs Valgarðssonar um hússtæði hjá Stuðla-
koti svolátandi: # # # Byggingarnefndin gat eigi fallið á, að beiðandanum væri útvísað byggingarstæði í Stuðlakotstúninu og ~~reið~~ ~~reið~~ hann þar næst um hússtæði í Skuggahverfi meðfram hinum gamla Þjóðvegi.

Nefndin ákvarðaði að breidd áformaðrar götu niður í Skuggahverfi skyldi frá stétt fyrir austan hús Simonar Alexíussonar vera 16 ál. Götubreiddin á mótis við hús snikkara B. Smith, ~~er~~ nr. er 15 ál. Vesturhlíð lóðarinnar takmarkast af þessum

vegi og var hún þarnæst útvísuð, sem fylgir: 33 ál. á lengd frá austri til vesturs, 31 al. frá norðri til suðurs, í fimm álna fjarlægð frá hinum gamla Þjóðvegi. Hús það er beiðandinn byggir á að standa í sem næst 5 al. fjarlægð frá veginum og í sömu línu og hin önnur hús í götunni, vera með stöðilegum grunni, hæð undir lopt minnst 3 1/2 al. ris á þaki ekki minna en í rétt horn. Húsið á að standa í suðvesturhorni lóðarinnar. Sé lóðin ekki byggð eða afgirt innan 2ja ára fellur hún aptur undir bæinn. Byggingarnefndin áminnir hlutaðeigandi um, að láta Þinglýsa lóðarbréfi þessu, og var honum tilkynnt að lóðargjald eftir lóðina mundi verða ákveðið af bæjarstjórninni.

Fundi sliðið.

A. Thorsteinson. V. Gíslason. Sögurður Guðmundsson.
H. Jónsson.

Ár 1871, hinn 15. Febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrir tekið:

1. Beiðni snikkara Ó. Þorkelssonar um hússtöði svolátandi: #

Járnsmiður I. Helgason var til staðar og tjáði nefndinni frá, að hann fráfélli til ofantjéðrar lóðar eptir útmælingu byggingarnefndarinnar af 17. maí 1859, þar næst átti sér stað fylgjanði útvísun. Lóðin, sem er fyrir norðan Loptsbæ í Þingholtsbæjarinu byrjar á suðurhlíð í 5 ál. fjarlægð frá norðurvegg bæjarins, liggur í 3ja ál. fjarlægð að vestanverðu frá Þvergötu Þeirri, sem liggur í suður frá Bakarastígnum, í 9 1/2 ál. fjarlægð að norðanverðu frá Bakarastígnum. Að austan takmarkast lóðin af Myllulóðinni, og verður þannig öll lóðin á breidd frá austri til vesturs 13 álnir, frá suðri til norðurs (á lengd) 21 alin.

Híð áformaða hús verður 9 ál. á lengd og 8 ál. á breidd með risi ekki minna en í rétt horn, minnst 3 1/2 ál. undir lopt með hæfilegum grundvelli, á að standa í 9 1/2 ál. fjarlægð frá Bakarastígnum í sömu línu og hin önnur hús í gönni með gafla til austurs og vesturs og skal sérstaklega farið eftir húsi E. Felixsonar og M. Hjaltsteds. Svo framarlega, sem beiðandinn ekki innan 2 ára hefur notað lóðina samkvæmt byggingarlögum, fellur hún aptur endurgjaldslaust til bæjarins. Þess skal getið, að húsið á að standa á norðausturhorninu hinnar útvísuðu lóðar.

2. Beiðni umsjónarmanns hins lærða skóla um húsauka svolátandi: #

Var ~~þar~~ næst útvísað hinn umbeiðni húsauki 8 1/2 ál. á breidd og 3 ál. á lengd ásamt viðauka þeim sem útvísaður var 3. þ.m. verður öll húslengingin 8 1/2 ál. á breidd og 8 álnir á lengd.

3. Beiðni gestgjafa N. Jørgensens m. fl. um að fá stæði fyrir ískjallara í Melshúsabrekku til að geyma matvæli 1, 8 áln. á hvorn veg og grafinn inn í brekkuna.

Að áskildu samþykki túneigandans dr. I. Hjaltalíns samþykkir nefndin að þessi bygging megi eiga sér stað.

4. Beiðni kaupmanns H. St. Johnsons um lengingu á skúr, 4 ál. á breidd og 7 ál. á lengd á eigin lóð milli húsa hans.

Nefndin samþykkir þessa lengingu á skúrnum, en með því hann er með hálfbakrisi móti austri, áskilur nefndin, að norðurgafll skúrsins myndi jafnhátt plánkaverk út til götunnar, og undirgekkst beiðandi þetta.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson. O. Finsen.

Ár 1871, hinn 11. Apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og var fyrir tekið:

Beiðni verzlunarmanns Eybórs ~~Fel~~lisonar um að mega byggja kvist á húsi sínu við Bakarastíginn.

Nefndin útvísaði honum stæði fyrir slíkan kvist á miðju húsi hans norðanverðu, 8 álna breiðan með bustarþaki og jafnháan húsinu. Þaræð ekki var fleira fyrir að taka, var fundinum slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson.

Ár 1871, hinn 22. apríl átti byggingarnefndin fund með sér. Var fyrirtekið:

1. Eftir munnlegri beiðni stiptamtmannsins, er var til staðar á fundinum, að mæla út staði til hegningarhúss. Lóðin liggur á milli lóðar Þeirrar, er Rannveigu Jóhannesdóttur var útmæld hann 16. Nóvember 1869, og lóðar yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur; verður hún á lengd á móti suðri, í 10 álna fjarum bil frá suðri til norðurs ákvarðast fyrirfram til 50 ál. og er fráskilinn 10 ál. breiður renningur meðfram Þjóðveginum. Útmæling þessi er einungis til bráðabirgða, og áskildi stiptamtmaðurinn sér geymdan rétt til þess að fá meira eða minna eftir þörfum, af því svæði sem er óútvísað og óbyggt og svæði því, sem er milli Vegamótsgötunnar og Þjóðvegarsins.

2. Beiðni Sveins Runólfssonar, um staði fyrir vatnsmyllu í læknum fyrir utan Lækjarkotslóð.

Með því að myllan verður að standa á svæði, sem ætlað er til götu, hótti nefndinni ekki ráðlegt að veita hið umbeðna.

3. Beiðni sama um húsastaði í tjarnarhólmanum.

Þaræð beiðandinn ekki að svokomnu gat skýrt frá stærð eða lögun byggingarinnar, áleit nefndin ekki gjörlegt að gefa endilega útvísun, en tjáði beiðandanum að ef hann kæmi með uppdrátt til hússins, er nefndin geti samþykkt, mundi frá hennar hendi ekkert verða til fyrirstöðu, að staði þetta sé útvísað til byggingarinnar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. O. Finsen.
Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.

Ár 1871, þann 7. Júlí átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Bjarna Bjarnasyni frá Esjubergi var á eigin lóð, eigninni nr. 69 í Skuggahverfi fyrir tilheyrandi B. Smith og J. Jónssyni leyft að setja geymsluhús 9 ál. á lengd og 7 ál. á breidd, einloptað með gafla frá austri til vesturs.

2. Guðmundi Jóhannessyni smið, ávísað á eigin lóð í Skuggahverfi nr. 68, að bræyta skúr, sem er við vesturhlið húss hans í Skuggahverfi í kvistbyggingu, sem stendur 4 ál. fram fyrir húsið og verður á lengd 7 ál. = 28 al², en flatarmál skúrs þess, sem ventanlega verður afnuminn er 5 al².

3. Guðmundur Guðmundsson frá Sauðagerði hafði beiðst þess að mega byggja bæ í Sauðagerði og var hann aðvaraður um fundinn, samt boð sent til hans, með því að hann ekki var mættur á skrifstofu bæjarfógeta kl. 7 e. m. varð ekkert aðgært og fundinum slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. O. Finsen.
H. Jónsson.

Ár 1871, þann 7. Ágúst átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Var fyrirtekin beiðni H. C. Robb kaupmanns um útfærslu á bæ Vilhelms Hólterá í Kasthústúni: # # # Byggingarnefndin samþykkti að frambærinn yrði lengdur norðurávið um 3 ál. og breikkaður nokkuð.

2. Teitur Finnbogason óskaði útfærslu á lóð sinni móti suðri og gat nefndin ekki fallist á það, hversvegna honum var neitað að færa lóðina út.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson. O. Finsen. H. C. Robb.

Ár 1871, hinn 14. Sept. átti byggingarnefndin fund með sér. Var fyrir tekið:

1. Beiðni skólakennara Gísla Magnússonar svolátandi: Beiðandinn óskaði að fá að lengja íbúðarhús sitt, nr. 1 í Tjarnargötu, til suðurs, sem er 9 ál. breitt, um 6-7 ál. jafnbreitt sjálfu húsinu. Millibilið milli húsanna nr. 1 og 2 í Tjarnargötu fannst að vera 12 1/2 al. talið samkv. byggingarnefndargjörð 12. apríl 1867 frá ~~var~~ðurhlið aðalbyggingarinnar á nr. 2 í Tjarnargötu.

Með því lögskipaða 10 ál. millibili á milli bygginga verða því ekki meira en 2 1/2 al. til húslengingarinnar, en með því að nefndin ekki gat fundið annan vel hentugan stað, til að koma geymsluhúsinu fyrir á, og húsin nr. 1 og 2 eru fremur mjó og lág að risi, þá vill hún fyrir sitt leyti ekki mæla á móti því að þessi húsalenging um 6 ál. eigi sér stað að áskildu samþykki eigandans að nr. 2 í Tjarnargötu. Eigandinn að nr. 1 í Tjarnargötu, beiðandi þessarar útvísunar, - tjáði frá að það mælti með útvísun þessari, að eignin nr. 2 í Tjarnargötu leggjur svo *gott sem* að segja ekkert til 10 ál. millibilsins, en hann álíti að honum ekki sé skylt að leggja til meira en 5 ál. af 10 ál. bilinu.

2. Húsmanni Jóni Björnsyni á Ánanaustum leyft samkv. beiðni, dags. 13. f.m. svol. # að flytja hjall, sem hann á niður við sjó nokkuð ofar, sunnan við kálgarð norðurbæjarins að Ánanaustum, að áskildu samþykki leiguliðans að Ánanaustum, endurgjaldslaust af bæjarins hálfu, svo og að hjallinn megi flytja og gjöra lóðina aptur tæka undir Reykjavíkurbæ, ef hennar, eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar, þarf við til vegar eða húsabyggingar.

3. Beiðni Jónasar Jónássonar, dags. 29. ág. f.á., um leyfi til að byggja bæ svohljóðandi: # # #
Með því beiðandinn eptir skýrslu bæjarfógetans þiggur fasta meðgjöf af Miðdalahreppi og einungis að svo komnu er leyft að vera hér í bænum, var honum neitað um útvísun á tómhúsi, en tjáð þá að ef hann kæmi með álitlegan ábyrgðarmann, sem svaraði til lóðartolls, mundi koma til álita hvort honum gæti orðið leyft að byggja.

4. Bjarna Oddssyni í Garðhúsum, neitað um að fá hesthús byggt fyrir utan hans eigin lóð.

5. Birni Pálssyni á Hlíðarhúsalóð leyft að byggja á eigin lóð (Litlavelli) torfhús norðan ^{vert} við bæ hans, og á torfhús þetta að standa í sömu stefnu og bær hans, og ekki ná útfyrir hann að austanverðu og vestanverðu. -

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.

Ár 1871, hinn 3. Október átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrir tekið:

1. Beiðni Geirs Zöega frá í gær svo ^látandi: # # #
Eftir að byggingarnefndin hafði farið á ýmsa staði til að útsjá hentugt byggingarstæði fyrir ~~bréð~~sluhús, kom henni saman um, að ekki gæti verið um annað stæði að gjöra, en fyrir vestan austasta skurðinn á Hlíðarhúsalóðinni í héraumbil 22 ál. fjarlægð frá byrjun svarfaste lands (~~svanfaste lands~~), að norðaust-
anverðu. Samkvæmt þessu var útvísanin veitt þannig, að húsið á að standa með gafla til austurs og vesturs, og austurgafllinn að standa rétt við austasta skurðinn. Húsið á að vera 14 al. langt og 7 al. breitt, með lagu risi og einloftað, héraumbil 1 1/2 al. á hæð. Með tilliti til tilhögunar við húsið til lýsisbræðslu ber beiðandanum að snúa sér til slökkviliðs ^{forbjórnans} hér í bænum. Beiðandanum var tilkynnt, að hann yrði að flytja burt húsið endurgjaldslaust, ef þess byrfti við til götu eða torgs.

2. Silfursmið Jóni Þorbjörnssyni í Melshúsum leyft að flytja hjall, er nú stendur við syðsta bæinn í Melshúsum yfir á eigin lóð, og á hann að setja hann í línu við norðurgافل í-búðarhúss hans.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.
G. Zöega.

Leiðrétting: Í lið 1., 3. línu að neðan hefir misritazt slökkviliðsstjórnans, á að vera: slökkviliðs ^{forbjórnans}.

Ár 1871, þann 20. Desember átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Var fyrirtekin beiðni prestsins Hallgríms Sveinssonar, dags. 15. þ.m. svolátandi: # #

Lóðin, sem liggur fyrir vestan lóð snikkara J. Sveinssonar ákvarðast þannig á ~~lengd~~ frá austri til vesturs að norðanverðu 36 ál., frá norðri til suðurs 40 1/2 ál., frá austri til vesturs að sunnanverðu 26 ál. Fjarlægð lóðarinnar frá Dómkirkjunni má hvergi vera minni en 40 ál., og svo mega vesturtakmörk lóðarinnar ekki ganga framfyrir vesturhlíð (á) fordyrum á Dómkirkjunni.

Séra Hallgrímur Sveinsson lét í ljósi áform sitt að byggja hús 22 ál. á lengd, af timbri, steini og skífu, og sé 12 ál. á breidd, ásamt skúr 8 ál. á lengd austanvert við húsið í 5 ál. fjarlægð frá lóð J. Sveinssonar. Af nefndarmönnum álitu 4, snikkari H. Jónsson, málari S. Guðmundsson, bæjarfulltrúi O. Gíslason og kaupmaður G. Lambertsen að ekki ætti að leyfa byggingu þessa nema úr steini eingöngu þaræð þetta hefði verið haft í skilyrði við steinhöggvara Sverrir Runólfsson þá er hann fékk útmælingu yfir bletti þessum 24. febr. 1865, og þetta sé nauðsynlegt vegna nálægðar við Dómkirkjuna. Aftur á móti áleit bæjarfógeti A. Thorsteinson og póstafr. O. Finsen að ekki yrði fyrirmunuð samkvæmt byggingarlögunum, að byggja húsið á vanalegan hátt úr timbri og steini einsog fram á er farið. Séra Hallgrímur Sveinsson lýsti því yfir, að hann ekki sei sér fært að byggja húsið úr steini sem stendur, en yrði að álíta að sér ekki yrði fyrirmunuð á þessu stæði að byggja húsið úr því efni sem vanalega viðgengst hér í þenum af timbri steini og skífu. Er svo því, er fram hefir farið skotið til úrskúrðar stiftamtsins.

2. Sigurbjörg Sigurðsdóttir ~~hefði~~ beiðni um útfærslu á bæ B. Pálssonar á Hlíðarhúsalóð hverju nefndin neitaði, þaræð lóð bæjarins þyrfti að auka og áformar hún síðan að biðja um serstaka útmælingu fyrir lóð. Verður því þetta seinna tekið fyrir.

3. Beiðni Gísla Jónssonar um bæjarstæði á Hlíðarhúsa? lóð svol. # # #

Lóðin afmarkast 36 ál. á hvern veg í h.u.b. réttum ferhyrning fyrir austan lóð Bjárna Pálssonar með suður og norðurhlíðar takmörkun í sömu línu og lóð Bjárna Pálssonar. Þerinn á að standa frá austri til vesturs í línu með bæ B. Pálssonar, og svo að 2-3 álna breið stétt sé fyrir sunnan bæinn. Beiðandi þessarar útvísunar var tilkynnt að hann yrði að borga lóðartoll samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar, að hann yrði að þola gangnágrannanna yfir lóðina eftir nákvæmri ákvörðun, og loks að útmæling þessi fellti úr gildi eptir 2 ár ef hún þá ei væri notuð samkvæmt byggingarlögunum.

4. Beiðni Jónasar Jónssonar um útvísun á ~~lóa~~^{bæ} í Hlíðar-
húsalóðinni:

Lóðin ákvarðast til 36 ál. á hvørn veg í tvínær réttan
ferhyrning. Suðurhlíð lóðarinnar fellur saman við lóðartakmörk
Björns Pálssonar, en vesturhlíðin við lóð Jóns Oddssonar í Mýr-
arholti. Berinn á að standa á suðurhlíð lóðarinnar, snúa með
gafla frá austri til vesturs og á móti suðri að vera eptir skil-
ið pláss fyrir stétt 2-3 álnir á breidd. Beiðanda útvísunarinn-
ar var tilkynnt, að hann yrði að borga lóðartoll eptir mati
bæjarstjórnarinnar, sem og að hann yrði að þola gang nágrannanna
yfir lóðina eptir nákvæmari ákvörðun, og loks að útmæling þessi
félli úr gildi, ef hann innan 2 ára ekki hefði notað lóðina
sankvæmt byggingarlögunum.

Það dagur var að kvöldi kominn var frekara ekki fyrir
tekið.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. ~~Þ.~~ Gíslason. Sigurð-
ur Guðmundsson. H. Jónsson. O. Finnsen.

Sama ár og dag (20. des. 1871) átti nefndin fund með sér og var fyrirtekið:

5. Beiðni Sverris Runólfssonar um útvísun til húsauka svolátandi: # #

Þar sem hið umbeðna svæði til húsaukans fannst að vera á umgirtri lóð biskups P. Péturssonar, áleit nefndin sig engan myndugleika hafa til að fyrirtaka hina umbeðnu útvísun nema biskup P. Pétursson gefi leyfi til þess að af hans lóð væri numið hið litla svæði sem Sv. Runólfsson hefir beiðið um.

Stud med. ~~X~~ B. Pétursson var til staðar á fundinum og tjaði ~~frá frá~~ að faðir hans að svokomnu ekki vildi afstanda þá lóð, sem um er að gera. Hið annað atriði í beiðni Sv. Runólfssonar um að fá stæði til að leggja grjót á fyrir sunnan kirkjuna er fallið með útmælingu til séra H. Sveinssonar í dag.

A. Thorsteinson, G. Lambertsen, H. Jónsson, O. Finsen, Sigurður Guðmundsson, O. Gíslason.

* et chir.

Ár 1872, hinn 30. Jan. átti byggingarnefndin fund með sér.
Var tekið fyrir:

1. Beiðni Sigurbjargar Sigurðardóttur um útvísun á tómhúsi.

Beiðandanum var útvísað lóð fyrir sunnan Litlugrund 22 1/2 al. á breidd og 30 al. á lengd. Norðurtakmörk lóðarinnar falla saman við ~~sou~~ðurtakmörk Litlugrundar. Austurtakmörk verði í sömu línu sem á Litlagrund. Bærinn á að byggjast með gafla til norðurs og suðurs, standa suðvestantil á lóðinni í sömu línu og ~~Litlagrund~~ bærinn Litlagrund.

Beiðandanum var tilkynnt, að hún yrði að nota lóð þessa innan 2 ára eptir byggingarlögunum, þar hún annars félli undir bæinn, svo og að hún yrði að borga lóðartoll samkvæmt opnu bréfi 26. sept. 1860, eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

2. Jens Jóhannessyni ^{útvísað} eptir beiðni svolátandi: # # bæjarstæði fyrir sunnan Steinstaðalóð, rúmar 45 ál. frá Vegamótaveginum. Bærinn á að standa í ~~þessu~~ fjarlægð frá veginum og á móti austri í línu með austurhlíð Steinstaðagarðar miðaða eptir hornum garðs ~~anna~~. Bærinn á að snúa með gafla til austurs og vesturs. Beiðandanum verður síðar ^(úthlutað) útvísað lóð, er fylgi tómhúsinu, og var honum tilkynnt, að ef hann ekki innan 2 ára hefði hagnýtt lóðina, félli hún aptur til bæjarins samkv. byggingarlögunum, sem og að hann yrði að borga lóðargjald, eptir opn. br. 26/9. 1860, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

3. Bæjarfulltrúa Jóna Arnasyni, samkvæmt beiðni svolátandi # # leyft að byggja um svonefndan Narfabæ, þannig: að vesturgافل að veggjum og tiljum komið í sömu línu og vesturgafnar á bæ næturvarðar Þorsteins Jónssonar, og á bæ þeim er Jón Arnason nú býr í.

4. Eptir beiðni Páls Eyjólfssonar svol: # # var skoðuð lóð hans, og fann byggingarnefndin enga ástæðu til að breytt væri girðinum þeim, er hann nú þegar hefir sett.

5. Faktor Th. Stephensen, eptir munnlegri beiðni, leyft að færa út kolabyrgi sitt 8 ál. til sjávar, og í 27 1/2 ál. lengd eins og kolabyrgið nú hefur.

6. Gestgjafa ~~N.~~ Jörgensen, eptir munnlegri beiðni, leyft að byggja skúr á eigin lóð, austur úr suðurhorni aðalbyggingarinnar með hálfbakrisi, 11 ál. á lengd og 5 1/2 al. á breidd.

Fundi slitið.

A.Thorsteinsson. O.Finsen. G.Lambertsen. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson. Þ.Gíslason.

Ár 1872, hinn 19. feb. stti nefndin fund með sér.

Var tekið fyrir:

1. Beiðni Þorsteins Þorsteinssonar um ^{Timbur} ~~Timbur~~hússtæði sva-
látandi: Beiðandanum var útvísað lóð, hveðrar suðurhlið verð-
ur Vegamótsveginum í sömu línu og Þóð Péturs Valgarðssonar út-
vísað 3. ~~100~~ f.á. í 5.ál. fjarlægð frá veginum. Lengd lóðar-
innar, sem myndar hérumbil réttan ferhyrning ~~húsa~~ á suðurhlið með-
fram veginum 35 ál., dýpt frá norðri til suðurs 31 ál. og eru
há taldar 5 ál. frá veginum. Timburhús það, er beiðandinn ætl-
ar að byggja, á að vera einloftað með risi ekki minna en í rétt
horn, á að standa með gafla til austurs og vesturs, í sömu línu
og hús P. Valgarðssonar og S. Alexíussonar, ekki minna en 5 ál.
frá götunni og 5 ál. frá austur og vesturtakmörkum lóðarinnar,
er mynda hið lögskipaða millibil á byggingum.

Sé lóðin ekki byggð eða umgirt innan 2 ára, fellur hún
aftur undir bæinn.

Byggingarnefndin áminnti beiðandann um, að láta þinglesa
lóðarbréf þetta, og var honum tilkynnt að lóðargjald eptir lóð-
ina mundi verða ákveðið af bæjarstjórninni.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson. B. Gíslason. Þ. Þorsteinsson. O. Finsen.

x með fram

Ár 1872, hinn 2. Maí átti nefndin fund með sér.

Var tekið fyrir:

1. Að ákvaða stefnu fyrir hið nýja hegningarhús. Byggingarnefndin ákvarðaði að byggingin skuli standa í 12 ál. fjarlægð frá Þjóðveginum. Lóð sú, er fylgja á húsi þessu, verður síðar ákveðin.

Lóð, neqilegri fjarlægð frá aðbúðalífinum.

2. Beiðni Sveins Bjarnasonar í Sauðagerði, um túnstæði svolátandi: #

Byggingarnefndin veitir því sitt samþykki að beiðandinn fái allt ~~2ja~~ 2ja dagslatta viðauka, til útfærslu á túni sínu, en honum ber í þessu efni að semja við bæjarstjórnina, sem, ef hún vill veita viðaukann, tiltekur þau skilyrði, með hverjum Sveinn Bjarnason ~~er~~ blett þenna.

geti fengið

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.

Ár 1872, þann 11. Maí átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Þorsteinn Þorsteinnsson, sem hefir (~~Reppi~~) keypt Norðurbæ að Stuðlakotlóskar eftir beiðni dags. 8. þ.m. svol: # að fá útvísað stæði undir timburhús 6 ál. breidd og 11 ál. á lengd. Byggingarstæðið var útvísað í 3 ál. fjarlægð frá stétt fyrir framan Norðurbæ og fyrverandi Narfabæ, í 5 ál. fjarlægð frá vesturtakmörkum lóðarinnar. Húsið, sem á að vera einloftað af timbri, á að snúa með gafla til suðurs og norðurs.
2. Geir Zöega, sem er eigandi að húsinu nr. 3 í Grjótagötu, var eftir beiðni dags. 10. Maí þ.á. svolátandi: # leyft að flytja pakkhús og hjall 9 ál. á lengd og 6 ál. á br. sem nú stendur niður undan Brekkubæ á lóð hins fyrrtéða húss og á hið flutta hús að standa norðantil á lóðinni, með gafla til austurs og vesturs.
3. Geir Zöega í Læknisgötu nr. leyft eftir munnlegri beiðni að breikka inngangsskúr sinn um 1 al. og gefa honum herra þakris.
4. Egli Gunnlögssyni eftir beiðni dags. í dag svolátandi: # leyft að byggja hjall á eigin lóð, þar sem hjallur Runólfs Jónssonar í Arabæ, sem nú er á lóð Egils að hjall ~~var~~ burtfluttur, eða einnig að setja hjall þenna, á lóð á lóð Runólfs í Arabæ, eftir samkomulagi við hann, þar ~~var~~ hjallur fyrr hefir verið, og mótar fyrir grunni undir hjall.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.

Ár 1872, þann 22. Maí átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið eptir beiðni járnsmiðs B. Hjaltested : #
uum að útvísa honum viðauka við hús á eigin lóð.

1. B. Hjaltested áformar að rífa skúr norðanvert við hús hans, og byggja viðbót, sem verður í somu stefnu og vesturgafllinn á húsi hans, 7 ál. á lengd að vestanverðu og 9 ál. að norðanverðu, og á ~~skúrinni~~ ~~skúrinni~~ að verða tvíloftaður. Þar sem flatarmál þessarar nýju byggingar verður hérumbil 63 al² verður allur ~~útdán húsum~~ ~~útdán húsum~~ að frádregnu því plátsi sem að hverfur við að skúrinn verður rifinn niður 33 ál² ~~sakly~~ bætist við sem byggð lóð og dregst frá óbyggðu lóðarsvæði.

2. Runólfi Jónssyni, Arabæ, leyft að setja hjall norðaustantil á lóð hans, þannig, að austurgafll hjallsins ekki má ná út fyrir austurgafllinn á Hákotí, svo má hann og laga girðingu á garði sínum, en þannig að gangstígur og renna, sem nú er ógirt á lóð hans ekki afnemast.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.
O. Finsen.

Ár 1872, þann 27. Maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Fyrir tekin beiðni kaupmanns H. C. Robb: # # #
Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að beiðandinn byggi hálf-
þaksskúr í garði sínum, hvers suðurhlið ekki komi fram fyrir
suðurhliðina á pakkhúsinu, og á skúrinn að vera allt að 10 ál.
á lengd og 6 ál. á breidd. Móti suðri á þakrisið að hyljast
af plankaverki. Með því nábúinn Adjunkt J. Guðmundsson var
til staðar og fyrir sitt leyti leyfði bygginguna í grend við
lóð hans, hefir nefndin ekkert við þessa útvísun að athuga, en
þess skal getið að milli búðarhúsanna er frá fornu ekki hið
lögskipaða millibil, en skúr þessi virðist ekki að geta aukið
eldhættuna að neinu verulegu.

2. Beiðni Einars Jónssonar um bæjarstæði: #
Nefndin getur ekki fallið á að bær sé byggður á þessum
stað eða í horninu fyrir framan bæ Ólafs Guðlaugssonar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. G. Lambertsen. Sigurður
Guðmundsson.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
O. Finsen.

Ár 1872, þann 26. Júlí átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Var fyrirtekin beiðni Hr. Askam^s, sem hefir keypt eignina nr. 2 í Aðalstræti svohljóðandi: # # #
Húsið á að vera 41 al. á lengd og 13 1/2 al. á breidd og standa á suðvesturhorni lóðarinnar með vesturgöfl í sömu línu og aðalbyggingin í Aðalstræti. Húsið á að standa svo að gatan milli þessarar lóðar og prentverksins verði að vestanverðu 9 al. 4 tuml. og standa í beinni línu í götunni. Húsið á að verða tvíloftað og snúa með gaflana til austurs og vesturs, vesturkomið á þann veg að hið skarpa við gaflinn að ofanverðu út til skífa. Byggingarnefndin fellst á þessa tilhögun.

2. Séra Hallgrímur Sveinsson fétt nákvæmar tiltekna útvísun á lóð er faktor J. Jonasen var útmæld þann 20. jan. 1869. Húsið er hann nú byggir á að verða 13 al. 4 bl. á breidd og með skúr 29 3/8 al. sjálf höfuðbyggingin 21 1/4 al. á lengd. Byggingarnefndin féllst á þessa tilhögun.

3. Landfógetaskrifara P. Jónassyni eptir beiðni svólátandi: # # # *heimilað að lengja íbúðarhúsið sitt,*
sjá útmæl. af 4/9. '69, um 6 al., breidd hússins er 6 3/4 al. og verður breidd og hæð ~~byggingarinnar~~ hin sama.

4. Samþykkt fjósbygging hjá yfirsetukonu Þ. Sveinsdóttur; 11.50, og viðbót við pakkhús hjá B. Bjarnasyni, sem er innréttað sem hjallur.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson.

Ar 1872, hinn 5. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér.

Var tekið fyrir:

1. Beiðni kaupmanns G. Lambertsens svolátandi:

Hinn áformaði skúr á að standa vestanvert við húsið með bitum í sömu hæð og aðalbyggingin, á breidd eins og húsið 10 3/4 al., og með því að með 6 1/2 - 6 3/4 al. byggingu næst 5 al. óbyggt svæði til nábúalóðarinnar og beiðandinn þekur gaflinn með múr, fellst byggingarnefndin á að beiðandanum sé leyft að byggja eftir beiðni hans.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.

H. Jónsson.

Ár 1872, hinn 9. sept. átti nefndin fund með sér.
Var tekið fyrir:

1. Beiðni ~~Konjá~~ M. Smiths svolátandi: Nefndin samþykkir að beiðandinn byggi skúr á eigin lóð, 5 al. á lengd og 4 1/2 al. á breidd með hálfþaksrisi og ber hallann að klæða af á móti norðri með jafnháu þili, svo að á hallanum ekki beri frá götunni.
2. Beiðni Jóns Arasonar, svolátandi: Byggingarnefndin samþykkir fyrir sitt leyti að beiðandinn megi byggja fjós, 10 al. langt og 6 al. breitt, austanvert við skemmu sína; en þaræð pláss það, sem fjósið á að standa á er í túni, er E. Einarsson hefir að erfðafestu, ber beiðandanum að semja við hann um leyfi að hans leyti til að byggja fjósið.
3. Beiðni Þórðar Torfasonar á Vigfúsarkoti svolátandi: Nefndin samþykkir að beiðandinn byggi hjall upp, þar sem moldarkofi áður hefur staðið, og má hann ei ná lengra móti austri en þilið á þe hans ræður, og eins verður hann að semja við nábúann Guðm Þórðarson á Hól, ef að norðausturhornið á hjallinum gengur yfir á garð hans. Stærð hjallsins er 6 al. lengd og 5 al. breidd.
4. Munnleg beiðni Geirs Zöega um viðauka við bræðsluhús hans (sbr. útvísunargjörð 3. okt. 1871.). Nefndin samþykkir að beiðandinn byggi geymsluhús einloftað með lágu risi, 7 al. breitt og 14 al. langt, sem standi jafnhliða eða parallelt með húsi því, er hann hefir byggt fyrrár. Suðurhlið hússins á að standa 3 al. frá hlóðum þeim, er hann hefur uppsett, svo ber honum og að umgírða bilið milli húsanna með plankaverki, sem sé jafnhátt húsveggjunum. Beiðandanum var gjört að skilyrði, að hann eða væntanlegir seinni eigendur ~~þá~~ yrði að rýma burtu á sinn kostnað með hús þetta og afstanda af lóðinni alveg án endurgjalds, svo mikið til vegagjörð, sem bæjarstjórnin á sínum tíma kynni að ákveða þegar þar að kemur að veg þarf að leggja meðfram sjónum, og undirgekkst hann þetta skilyrði. Honum var enn fremur tilkynnt að hann yrði að borga viðbót í lóðartoll ~~af því~~ útvísun sveði eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.
5. Beiðni Sig. Þórðarsonar svolátandi: Beiðandanum, sem hefur fengið útvísaða lóð eptir gjörð byggingarnefndarinnar frá 22. sept. 1869, var ávísaður lóðarauki austanvert við lóð hans á stærð 6 al. móti suðri 7 al. móti norðri og 14 aln. móti austri. Sunnantil á lóðinni má hann setja hjall er snúi með gafla til austurs og vesturs og vera 6 al. breiður og 7 al. langur. honum var tilkynnt að hann yrði að borga viðbót í lóðartoll af því útvísaða plássi eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.
6. Beiðni madm. Chr. Einarson, svolátandi: Eptir útvísun byggingarnefndarinnar 2. júní 1863 fylgir þessu húsi lóð 15 al. í ferhyrning á hvernveg og hefur síðar verið leyft að byggja inngönguskúr og hjall fyrir utan lóðina. Af 15 al. eiga

5 ál. að vera óbyggðar austanvert við húsið. Byggingarnefndin útvísaði þar ~~nest~~ lóð til eignarinnar, sem fylgir: Stærð allrar lóðarinnar verður nú móti suðri 25 al. móti norðri sama lengd. lengd frá suðri til norðurs 32 ál. og byrjar suðurhlíð lóðarinnar í 3 1/4 al. fjarlægð frá Hlíðarhúsaveginum. Svo framarlaga, sem nabúinn Guðm. Erlendsson móti ~~van~~ getur sannað, að beiðandanum ekki tilkomi 5 ál. fyrir austan húsið, mun byggingarnefndin ~~endur~~ skoða útvísun þessa.

Beiðandanum var tilkynnt að hún yrði að borga lóðartoll af því útvísaða svæði eftir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.
G. Lambertsen. H. Jónsson.

Fornest

Íslands Stiftamt, Reykjavík, 27. September 1872.

~~A. Thorsteinsson.~~

Hilmar Finsen

Ár 1872, þann 2. Október átti byggingarnefndin fund með sér.

Var fyrirtekið:

3. Beiðni Þórðar Jónssonar um geymsluhússtöði á eigin lóð. Húsið á að vera 5 1/2 al. á breidd 12 al. á lengd. Af húsinu eiga 3 ál. að vera hjallur 9 ál. pakkhús. Húsið á að standa á norðurhlið lóðarinnar þétt í lóðartakmörkum, en móti austri má byggingin ekki koma lengra fram en austurgaflinn á geymsluhúsi Jóns Jónssonar. Gaflarnir eiga að snúa til austurs og vesturs.

2. Beiðni Benedikts Ásgrímssonar # Beiðandinn var ekki mettur. Byggingarnefndin athugaði stæðið og ákvarðaði að farsem Þvergatan á að vera 30 ál. á breidd þá verði austurhlið lóðarinnar að byrja í þessari fjarlægð frá lóð J. Ólafssonar að vestanverðu. Svo megi ekki byggja nær Hlíðarhúsaveginum en í sömu stefnu og hin önnur hús eru, eða í 5 al. fjarlægð frá veginum og frá Þvergötunni í 6 ál. fjarlægð.

3. Beiðni Sigurðar Jónssonar. # Þaræð beiðandinn vildi byggja hjallinn á lóð, sem hafnsögumaður J. Oddson hefur til ræktunar eða í haldi gat nefndin að svokomnu ekki látið útvísuninni verða framengt.

4. Beiðni M. Árnasonar um að ^{lengja} ~~þýðja~~ geymsluhús sitt á eigin lóð um 3 ál. Breiddin er 5 ál. Nefndin samþykkir byggingu þessa.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. ~~O.~~ Gíslason. Sigurður Guðmundsson.

Ár 1872, hinn 8. okty. átti nefndin fund með sér.

Var tekið fyrir:

1. Beiðni gullsmíðs Benedikts Ásgrímssonar um hússtæði. Samkvæmt því sem ákveðið var á fundi 2. þ.m. var beiðandanum útvísuð lóð 36 ál. í sem næst réttum ferhyrning fyrir vestan götu þá, sem afmörkuð var 2. þ.m. Austantil á lóðinni á 6 ál. breiður renningur ávalt að vera óbyggður, svo og 5 ál. breiður renningur norðantil á lóðinni meðfram Hlíðarhúsastígnum. Gaflar hússins eiga að snúa móti austri og vestri, ris undir lopt ekki minna en 3 1/2 al., og þakið, ef húsið er einloptað, ekki minna enn í rétt horn. Af lóðinni að vestanverðu, eiga 5 ál. að vera óbyggðar til að mynda 10 álna fjarlægðina við næsta granna.. Beiðandinn tjáði frá, að hann áformaði að byggja hús 12 ál. langt og 10 ál. breitt.

2. Beiðni snikkara Halldórs J. H. Guðmundssonar svol: # Beiðandanum, sem áformar að byggja h.u.b. 12 al. langt og 8 ál. breitt timburhús var ávísað lóð fyrir vestan lóð Benedikts Ásgrímssonar á lengd frá austri til vesturs 30 ál. og frá norðri til suðurs 36 ál., sem næst í réttan ferhyrning. Af lóðinni eiga að skiljast eptir 5 ál breiðir renningar að austan og vestanverðu, er haldist óbyggðir til að mynda hina lögskipuðu 10 ál. fjarlægð milli húsa. Gaflar hússins eiga að snúa til austurs og vesturs og húsið að standa í 5 ál. fjarlægð frá veginum. Húsið á að vera minnst 3 1/2 al. undir lopt, og ef það er einloptað, með risi ekki minna en í rétt horn.

Beiðendunum B. Ásgrímssyni og Halldóri Guðmundssyni var tilkynnt, að þeir yrðu að borga lóðartoll eptir mati bejarstjórnarinnar, svo og að girða lóðina, er fellur aptur til bejarins ef útvísunin ekki er notuð innan 2ja ára samkvæmt byggingarlögnum.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson.

Ár 1872, hinn 26. okt. átti nefndin fund með sér. Var tekið fyrir:

1. Beiðni faktors E. Jafetssonar fyrir ~~hænd~~ kaupmanns Thomsens volátandi: #

Með þeim fyrirvara, að Þorsteinn Þorsteinsson, er hefur fengið nýja útvísun, formlega fráfalli útmælingu þeirri, er honum var veitt þann 19. febr. þ.á, - var beiðandanum útvísuð lóð þessi, á hinn sama hátt, undir hús 16 ál. langt og 10 al. breitt. -

2. Athuguð ^{og} ákvörðuð stefna á nýjum vegi frá Vegamóts-
~~brúnnu~~ og niður að norðurenda á húsum Guðm. Jóhannessonar, þann-
ig, að vesturhlíð veggins liggi rúma alin frá stétt á húsi Símonar Alexíussonar og gangi þaðan í beina stefnu niður á milli húss Guðm. Jóhannessonar, og á stéttarstæði rúma alin á breidd að vera eptir skilið meðfram húsunum.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. O. Finsen.
Sigurður Guðmundsson. H. Jónsson.

Ár 1872, hinn 9. Nóv. átti nefndin fund með sér. Var tekið fyrir:

1. Að útmæla Assessor J. Péturssyni lóðarauka fyrir vestur á lóð, sem hann nú hefur, 27 al. á lengd frá austri til vestur og á breidd frá norðri til suðurs takmarkaða móti norðri af línu, sem dregin er frá N.V. horni á þakkhúsi hans, til S.A. horns á stiftamtmannhúsinu, þannig, að breidd lóðarinnar verður ca. 24 al. og í ferhyrning. Ennfremur bætist við lítill lóðarauki, 4 al. á breidd frá A. til V. og 7 al. á lengd frá S. til N. í ferhyrning norðvestan til við núverandi lóð Ass. Jóns Péturssonar. (~~Ass. Jón Pétursson~~).

2. Beiðni Ass. M. Stephensen, fyrir hönd Amtm. B. Thorbergs, svolátandi: #

Beiðandanum var þar næst útvísuð lóð meðfram hinum svonefnda Bakarastígi, 70 al. á lengd frá A. til V., á húsið að vestanverðu, frá innri hlið túngarðsins, í norður 24 al., og á breidd á móti austri frá N. til S. þannig að lóðin ekki komi út fyrir línu sem er dregin frá N.V. horni á geymsluhúsi, ass. Jóns Péturssonar í S.V. hornið á stiftamtmannhúsinu. Austurtakmörk lóðarinnar liggja saman við lóð ass. Jóns Péturssonar, sem mæld er undir nr. 1 að ofan.

Beiðandanum var útvísuð byggingarstöði undir hús 22 al. langt og 14 al. breitt til endanna, en 15 al. um miðbikið, og á það að standa með gafla til A. og V. minnst 5 al. frá lóðartakmörkum gegn austri og vestri og með hliðina 5 al. frá ytri hlið garðs þess, sem er meðfram Bakarastígnunum.

Assessorunum J. Péturssyni og M. Stephensen var tilkynnt að útvísanir þessar væri gerðar af byggingarnefndinni þannig, að hlutaðeigendur yrðu að semja við umráðanda Arnarhóls um það, með hverjum skilmálum að lóðin af hálfu jarðeigandans yrði heim afstaðin.

~~Hilmar Finson~~
(H. Martinsen).

Jón Pétursson.

Magnús Stephensen.

3. Beiðni Sigurðar Jónssonar í Grímsbæ, svolátandi: # Þess skal getið að byggingarnefndin 2. þ.m. neitaði honum um útvísun þaræð hann bað um ~~hjall~~astæði á annars manns lóð.

Byggingarnefndin athugaði útmælingargjörð dags. 15. ágúst 1837, og fann að beiðandanum ekki tilkemur frekari lóð en sú er hann nú hefur umgirt og byggt á.

Fyrir austan þess er lóð, sem er óafgirt og nær hún fyrir að ~~hjalli~~, sem hafnsögumaður Jón Oddsson á, og var beiðandanum

leyft að byggja hjall á þessu svæði, þannig, að vesturgafliinn sé í 3ja álna fjarlægð frá þéjarvegg hans að austan og suðurhliðin jafnhliða þétt við norðurgirðingu á kálgarði Jóns Oddssonar. Gaflar eiga að snúa til austurs og vesturs. Hjallurinn á að verða 6 al. langur og 5 al. breiður.

Þaræð sundið á milli Dúkskots og húss Einars Jafetssonar (fyrir Þ. Guðmundssonar) samt lóð sú er hjallur þessi kemur til

Ár 1872, þann 19. Desember átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var fyrir tekin beiðni Magnúsar Arnasonar húsmanns í Hlíðarhúsum svolátandi: # Beiðandanum varð ekki útvísað hússtæði það er honum hafði þótt hentast að biðja um, en þarnæst var honum ávísað lóð fyrir sunnan lóð Ingimundar Sigurðssonar. Bakka og ákvarðast hún sem fylgir: vesturtakmörk lóðarinnar myndast af skurði, sem liggur meðfram Hausthúsaloð, og verður lóðin á breidd "ámóti" vestri og austri 30 ál. Lengd lóðarinnar frá vestri til austurs er 59 ál. og nær sem næst að skurði sem liggur austantil við lóðina. Bæjarbyggingin á að snúa einsog [Ingi- 243] austri en hús Ingimundar Sigurðssonar.

Beiðandanum var tilkynnt, að hann innan 2ja ára yrði að umgírða lóðina þaræð hún félli aptur undir beinn samkvæmt byggingarnefndarlögunum. Svo yrði hann og að greiða lóðartoll eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

2. Beiðni ^{Jóns} Þorgeirssonar um lóðarauka við útmælingu 1868: # Nefndin fann ekki ástæðu til að stækka þessa lóð.

3. Beiðni Einarssonar um tómhússtæði: # Nefndin ávísaði bæjarstæði þannig, að bæjarbyggingin á að snúa til austurs og vesturs og má vesturgafllinn ekki koma fram fyrir vesturendann á bæjarbyggingunni að Steinstöðum, og á þerinn því að standa á austurhlíð lóðarinnar sem ákvarðast til 30 ál. á hvorn veg. Beiðandinn tjáði frá að þerinn ætti að verða hérumbil 10 ál. á lengd og byggja altsvo 20 ál. af lóðinni á lengd frá vestri til austurs fyrir vestan bá línu, sem myndast af vesturgáflinum Steinstaða ^{þerinn}.

Beiðandanum var tilkynnt ~~ekki~~ bæjarstjórnarinnar einsog við 1. lið. - lóðartoll -

4. Sigurði Friðrikssyni var útvísað lóð, sem móti austri hefir sömu línu og lóð yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur tómhúsl. nr. og vesturtakmörk lóðarinnar í línu eptir takmörkunum Vegamótslóðarinnar að Vestanverðu. Lóðin myndar þannig lítill eitt afbrotinn þríhyrning hvers grunnlína gegn austri er 42 ál. á lengd og hæðarlína frá austri til vesturs einnig 42 ál. Þarnæst var ákveðið að þer sá er Sigurður Friðriksson vill byggja sé settur í sömu línu og Vegamótsþerinn og snúa með gafla til austurs og vesturs.

Beiðandanum tilkynnt - lóðartoll - bæjarstjórnarinnar.

5. Sigurður Jónsson járnsmiður beiðdist skriflega útvisunar á smíðjustæði fyrir austan lóð Lúðvíks Alexanderssonar beint á móti húsi Péturs Valgarðssonar. Vesturhlíð lóðarinnar má ekki koma lengra fram, en ^{sú} vesturhornið á húsi Péturs Valgarðssonar og gengur þaðan í 30 ál. lengd á móti austri og verður

Lspur

ur breidd lóðarinnar einnig 30 ál. og myndar því sem næst réttan ferhyrning. Smiðjuhúsið á að vera með bakrisi ekki minna en í rétt horn og ekki minna en 3 1/2 al. undir bita; á að standa í 5 al. fjarlægð frá veginum einsog hin önnur hús í götunni. Vesturhorn hússins á að mynda götuhorn einsog hús P. Valgarðssonar og verða því hornin á húsunum að standa heima. Lengd hússins 10 al., breidd 8 al.

Beiðandanum - tilkynnt - lóðartoll - bæjarstjórnin - einsog við nr. 1.

6. Jóni Arnasyni í Stuðlakoti optir beiðni: # útvís- að hjallstæði á eigin lóð að innanmáli 4 ál. og 5 ál. og á hjallurinn að standa í suðausturhorni lóðarinnar, með gafla til norðurs og suðurs.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. G. Lambertsen. Sigurður Guðmundsson.
H. Jónsson. E. Gíslason.

Ár 1873, hinn 9 apríl kl. 4 e.m. átti byggingarnefndin fund með sér.

Var tekið fyrir:

1. Beiðni Sverris Runólfssonar um glímuvöll svol: #
Nefndin ávísaði beiðandanum blett 45 al. frá norðri til suðurs og 30 ál. frá austri til vesturs. Austurhliðin á að vera í 5 ál. fjarlægð frá veginum, sem afmarkast eptir sömu stefnu og hinn nýi vegur meðfram kirkjugarðinum.

Beiðandanum var tilkynnt að útvísun þessi væri gjörð að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar og með þeim skilmálum er hún kynni að setja, hvað lóðartoll og önnur afnot snertir.

2. Beiðni Jóns Guðnasonar um útmæling í Kaplaskjóli svolátandi: #

Eptir að nefndin var komin á staðinn fráféll beiðandinn beiðni sinni.

3. Beiðni gullsmiðs Páls Eyjólfssonar svol.: #

Beiðandinn áformar að rífa bæ sinn og byggja steinhús í staðinn, h.u.b. 16 al. langt og 12 al. breitt, utanmáls, með gafla til suðurs og norðurs. Nefndin samþykktu þetta á þá leið, að húsið standi í 5 ál. fjarlægð frá lóð Alex. Árnasonar og í ekki minna en 11 ál. fjarlægð frá vegi þeim, sem liggur fyrir austan lóðina.

Fundi slitið.

A. Thorsteinsson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.
G. Zöega.

Ár 1873, þann 12. Maí átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Beiðni B. Oddssonar um lóðarauka. Nefndin neitaði um frekari útvísun, þaræð beiðandinn áður hefir svo mikla lóð.

2. Beiðni Björns Björnssonar um útmælingu: [#] í 15 ál. fjarlægð frá því er gras byrjar við sjó, var beiðanda útvísað lóð á lengd 60 ál. (ámóti norðri). Áð austanverðu takmarkast lóðin af lóð Bjarna Oddssonar: Garðhúsinu og nær upp að norð-vesturhorninu á bæ hans, móti suðri er lóðin 20 ál. á lengd frá norðvesturhorninu á bæ Bjarna Oddssonar, til vesturs er lóðin 50 ál. á lengd, og verður lóðin því hérumbil 2000 ferálnir.

Bjarna Oddssyni, sem var mættur fyrir hönd Björns Björnssonar var tilkynnt, að útvísun þessi væri komin undir samþykki bæjarstjórnarinnar, og að hann yrði að greiða lóðartoll eptir ákvörðun hennar samt að lóðin félli aptur undir bæinn, efað hún ekki yrði notuð og afgirt samkvæmt byggingarlögunum.

3. Beiðni Gríms Guðnasonar, Jóns Bjarnasonar ^{Péturs Gíslasonar} og Guðmundar Gíslasonar um lagfæringu á lóð:

Það samdist að Jón Bjarnason yfirlatur að hausti komandi Grími Guðnasyni, sem er eigandi að bæ Ingimundar, múná kálgarðs-~~stóð~~ uppí holti fyrir ofan Garðhús, en aptur fær Jón Bjarnason lóðarauka við bæ sinn og fyrir ~~vestan~~ bæina móti suðri 10 ál. frá bæjarhorninu að suðvestanverðu, 60 ál. móti vestri 18 ál. móti norðri. Pétri Gíslasyni var útmældur lóðarauki 16 ál. frá landsuðurhorni á pakkhúsi hans 25 ál. til vesturs.

Fyrir neðan hjall Guðmundar Gíslasonar er ~~hústið~~ ^{hústið} stæði, sem að byggingarnefndin álitur að hann geti haft til vergagna, en án útvísunar eða reglulegrar eðnarheimildar til byggingar eða ^{ráttunar} ~~ráttunar~~ þeim sem útvísun þessa hafa hlotið var tilkynnt að þær væru gjörðar að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar og að þeir yrði að greiða viðbót/lóðartoll eptir ákvörðun hennar og að lóðirnar yrðu að notast og umgirdast eptir byggingarlögunum þar hún annars fellur endurgjaldslaust undir bæinn.

4. Beiðni séra Hallgríms Sveinssonar og N. Japhetssonar á Hlíðarhúsalóð um lóðarviðbót:

Eptir að Guðm. Erlendsson, sem hefir blettinn nr. 1 í Hlíðarhúsum til leigu hafði tjáð frá, að hann fyrir sitt leyti hefði ekkert að athuga á móti lóðarviðbót ~~innu~~. Samþykkti nefndin það, að lóðir þessar mætti breikka að sunnan um 15 ál. að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar sem einnig ákvæðar hækkun lóðargjalds; að öðru leyti fellur útvísun þessi úr gildi efað lóðin ekki er afgirt innan 2ja ára.

Þarnaest var fundinum frestað.

A. Thorsteinson. B. Gíslason. G. Zöega. Sigurður Guðmundsson.

x enda er blotturinn ekki hófur til byggingar

Ár 1873, hinn 20. Maí átti nefndin fund með sér:

Var tekið fyrir:

1. Beiðni dr. J. Jonassen um að byggja skúr í Lækjar-
götu við hús sitt, og er beiðni hans svolátandi: #
Beiðandanum var að hálfu nefndarinnar leyft að byggja
skúr fyrir norðan hús sitt 6-7 ál. á lengd og sömu breidd og ~~h~~
húsið hefir, þannig að 10 al. fjarlægð verði á milli húss hans
og yfirkennara J. Þorkelssonar og að áskildu samþykki þess síð-
arnefnda að því leyti skúrinn kemur í minni fjarlægð en 5al.
frá lóð hans.

2. Munnleg beiðni O. Finsen um að lengja hús sitt á
eigin lóð til norðurs um 10 al. í sömu lengd og breidd sem
húsið, og á að setja kvist þar á. Ennfremur ætlar hann að flytja
skúr inná eigin lóð ~~sem afstænda~~ við bygginguna, þannig að það
sem eptir verður af skúrnum verður við fluttninginn ~~verður~~ með
heilþaksrisi. Nefndin féllst á þessa tilhögun.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.

Ár 1873, þann 7. Júlí átti byggingarnefndin fund með sér. Mættir voru auk bæjarfógetans, G. Zöega, O. Gíslason, S. Guðmundsson:

1. Beiðni Þorsteins Þorsteinssonar svohljóðandi: #
Beiðandanum var leyft að lengja hús sitt, sem er 7 ál. á breidd um 3 ál. með sömu hæð og risi sem húsið. Ennfremur var beiðandanum leyft að byggja inngangsskúr austanvert við húsið 5 al. 18 þl. á lengd og 3 ál. á breidd, þó með því skilyrði að skúr þessi verði fluttur endurgjaldslaust fyrir bæjarsjóðmanna af eigandanum svo framarlega^{sem} að lóð sú sem skúrinn stendur á þarf að takast undir götu.

2. Beiðni Jóns Jónssonar járnsmíðs svolátandi: #
Byggingarnefndin gat ei fallið á að beiðandanum væri útvísuð lóð til sjáfar, þaræð henni virðist að þar sé nægilegt stæði undir hús, og með því Jón Jónsson ekki vildi byggja minni lóð fyrir sunnan húsið, með litlum renningi fyrir norðan húsið varð ekki frekara viðgert.

3. Beiðni M. Árnasonar um hjallstæði svolátandi: #
Þaræð beiðandinn sjálfur hefir noga lóð þótti ekki ástæða til að veita honum lóðarauka og var honum þar^{með} gefið til leyfis að setja hjallinn austantil á lóð sinni innan lóðartakmarka.

4. Beiðni Sigurðar Björnssonar um útvisun á lóð undir tómhús á Hlíðarhúsalóð: #
Lóðin var afmörkuð þannig móti norðri lengd 47 al. og liggur línan móti norðri í sömu stefnu og suðurhlíð kálgarðsins, sem heyrir undir Hala og að nokkru með þessum garði þvínær fram á móts við áformaða sjáfangötu fyrir neðan veginn. Móti vestri á takmörkum Hlíðarhúsa og Sels, 39 ál. Móti suðri 29 ál., móti austri 27 ál. Bærinn á að standa í norðausturhorni lóðarinnar með gafla til austurs og vesturs.

Beiðandanum var tilkynnt að útvisun þessi væri einungis gerð að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar og amtsins, að bæjarstjórnin mundi ákveða lóðartoll af tómhúsinu og lóð þess og að lóðin félli aptur undir bæinn, svoframarlega sem beiðandinn ekki nptar og girðir lóðina samkvæmt byggingarlögunum.

5. Hans Jónsson í Hlíðarhúsum hefir beiðni um hjallstæði fyrir neðan hús^{Jóns} Jónssonar járnsmíðs: # (Beiðnin)
Með því að nefndinni ekki þótti tiltækilegt að setja hjall á þessu svæði, sem er hentugt hússtæði, og beiðandinn var óráðinn í að byggja, sem hann þó þamlega kvæðst hafa í orði, varð ekkert viðgert. ^{húsi}

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. G. Zöega. Sigurður Guðmundsson.
O. V. Gíslason.

Ár 1873, þann 1. ágúst, átti byggingarnefndin fund með sér:

Var fyrir tekin beiðni:

1. a. Kaupmanns H. Th. A. Thomsen, svolátandi: #
 anum var leyft af hálfu byggingarnefndarinnar að flytja sölu-
 búð sína 20 al. á lengd 8 al. á breidd framm á stakkstæði þann-
 ig, að suður ~~vesturhornið~~ ^{vesturhornið} ~~henni~~ ekki komi til að standa sunnar held-
 ur ~~en~~ á móts við suðausturhornið á pakkhúsi Consúla Smiths ~~stö-~~
~~ð~~ á stakkstæðinu, og með vesturgafllinn í línu ~~við~~ ^{með} stakkstæði
 hans. Með því að öll lóðin er á lengd ca. 23 1/2 al. verður
 ekki eptir óbyggt svæði af lóð Thomsens ~~hema~~ ^{hema} um 2 1/2 al., og
 tjáði Consúll E. Siemsen, sem á 26 al. langa óbyggða lóð fyrir
 austan húsið að hann fyrir sitt leyti ekki hefði ~~neitt~~ ^{neitt} á móti
 því að Thomsen kæmi til að ~~byggja~~ ^{byggja} leggja minna ~~till~~ ^{till} en 5 al.
 ámóti austri, og er svo útvísun þessi samþykkt með því að 10 al.
 millibilið gétur á þenna veg náðst, þó að nábúinn að austanverðu
 lengi hús sitt til vesturs.

b. Nefndin samþykkir að kaupmaður Thomsen á eigin lóð
 byggji 10-12 al. breitt krambúðarhús hvor norðurhlið ekki komi
 lengra fram á götuna, en hið núverandi búðarhús, hafi sömu lengd,
 og sé með ~~af~~ ^{af} ~~frúnna~~ ^{frúnna} norðvestur hornum, til inngöngu í búðina.
 afsnelðing

2. Beiðni söðlara Halldórs Jónatanssonar um lóðarvið-
 bót svolátandi: #

Söðlari Halldór Jónatansson fannst ei að vera ~~rátt~~ ^{rátt} heima.

3. Beiðni gullsmiðs E. ~~Eddssonar~~ ^{Eddssonar} um viðauka við hús hans
 á Vegamótavegi:

Beiðandanum var af hálfu byggingarnefndarinnar leyft að
 lengja skúr norðanvert við hús hans 3 al. á lengd og 2 1/2 al.
 á breidd svo og að byggja inngönguskúr að norðanverðu 2 al. á
 lengd 2 al. á breidd.

4. Beiðni bakara Jensens svolátandi: # Beiðandinn vill
 fá að byggja viðbót við hjall á lóð hans við lækinn (nr. 3,
 Austurvelli, fyrir ~~verandi~~ eign Th. Stephensen (faktors), að sunn-
 anverðu við hjallinn af sömu lengd og hann 8 al., og 5 al. á
 breidd. Þann 12. nóv. 1870 var leyft að setja hjall þenna á ^{ákvæmt}
 þeim stað, þar sem hann nú er með því skilyrði, að húsið án
 endurgjalds skyldi verða flutt burtu efað ~~ákvæmt~~ ^{ákvæmt} yrði að lengja
 Lækjargötu þar meðfram læknum sem húsið ~~stendur~~ ^{stendur} og undir-
 gékkst báverandi eigandi þetta. Nefndin áleit með 3 atkvæðum
 gegn 1 (Sig. Guðmundssonar) að ógerningur væri að leyfa þessa
 tilbyggingu, nema með sama skilyrði, þaræð bygging ~~felzt~~ ^{felzt} ekki
~~á~~ ^á vera á þeim stað, sem að gata með tímanum kann að verða
 lögð, með öðrum kosti en að bæjarsjóðurinn væri laus við flutn-
 ingskostnað. Bakari Jensen undirgékst þao skilyrði einnig
 án endurgjalds eða kostnaðar fyrir þann að flytja þetta hús,
 án svoframarlega sem á staði húss þessa (~~yrði lögð gata~~) yrði á-
 kvarðað að leggja götu. Einnig bauðst hann að flytja hús það,

er byggt var árið 1870 nú þegar í sömu línu og önnur hús í götunni efað hann fyrir það fengi 50 - fimmtíu - ríkisdala í þóknun og stendur þetta tilboð borið undir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfógetinn lét þess getið að fleiri húseigendur í götunni hefði ama á þessu húsi, sem nú á að byggja við, og að því mundi verða réttast að senda Amtinu umkvörtun þessa, með því er um þetta mál þetta hefur farið fram á fund bæjarstjórnarinnar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Gíslason. Sigurður Guðmundsson.
J. E. Jensen. G. Zoega

Ár 1873, þann 8. Október átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var fyrirtekin beiðni B. Thorbergs Amtmanns um að byggja skúr norðanvert við hið nýbyggða íbúðarhús hans á Arnarhólslóð svolátandi: #
Skúrinn verður á einn veg 8 1/2 al. og á annan veg 3 1/2 al. og féllat nefndin á að byggingin væri þannig reist.

2. Borið undir álit byggingarnefndarinnar um veg á efri Þingholtsröðinni. Lengdin frá aðalgötunni yfir að suður-enda á lóð lögregluþjóns A. Gíslasonar fannst að vera hérumbil 170 al. en hérumbil 130 al. að bæjardyrum á bæ lögregluþjóns A. Gíslasonar. Gagnvart dyrum á bæ lögregluþjóns A. Gíslasonar er breidd óútvísaðrar lóðar hérumbil 10 al. en um lóð Guðrúnar Vigfúsdóttur tæpar 5 al. að lítilfjörlegri stétt meðfram bæjarlóðum þessum meðöldum, breiddin yfir að geymsluhúsi Guðrúnar Vigfúsdóttur er hérumbil 8 al. Byggingarnefndin álitur að svo framarlega sem að viðunanlegum veg eða götu eigi að leggja á þessum stað þá þurfi að nema talsvert af lóðum og flytja hús vestanvert við götusundið sem nú er, og muni þetta kosta talsvert, en það sé sérlega athugunarvert að stefnan á þessum vegi hljóti að verða svo framarlega sem að bæirnir að austanverðu standa óhreyfðir, þannig að hún gangi heldur mikið til austurs hjá lóð Páls Magnússonar og þar fyrir sunnan í samanburði við stefnu á vegi, sem væri lagður í neðri Þingholtsröðinni, hvörjum nefndin að sínu leyti verður öllu fremur að halda fram.

Nefndin álitur að það hljóti í alla staði að vera æskilegt að gata væri lögð á þessum stað, en hún þykist apturámóti sjá frammá að við þetta sé margir erfiðleikar og heldur mikill kostnaður í samanburði við það sem ávinnst á þessum stað, hvar næsta torsýnt er hvort byggt verður fyrst um sinn, einkum neðanvert við götuna.

Nefndin álitur, að mest tali fyrir því, að svokomnu máli, sé lögð stétt sem ekki sé minna á breidd en 5 al., austanvert í sundinu meðfram bæjunum nú fyrst að norðurenda á lóð A. Gíslasonar eða í hið skemsta að bæjardyrum hans. Með þessari tilhögun telur nefndin að ráðin verði bót á brýnustu þörfum þeirra er í götunni búa, og þarf þá ekki að nema af lóðum, nema hjá Guðrúnu Vigfúsdóttur, hérumbil 3. al. breiddan renning. Þar sem því er farið fram að stéttin sé 5 al. breidd, þá er það ákvörðun nefndarinnar að aðalbreidd stéttarinnar skuli vera 5 al. en að framkantur stéttarinnar skuli vera að því leyti sem við verður komið, beinn, og leiðir þaraf að stéttin á sumum stöðum kann að fá nokkuð meiri breidd, en það telur nefndin ekki til verulegra lyta, þó að stéttin komi til að ganga í lítinn bug við bæ Jóns Jónssonar, efað það ekki þykir samsvara kostnaði að leggja allan framkantinn beinan.

3. Borið undir álit nefndarinnar um stíg hjá Glasgow. Nefndin var öll á einu máli um það, að ákjósanlegt væri, að gata væri lögð meðfram austurhlið húss þess er kallað er "Glasgow" og telur í því efni sam ástæður að þessi gata kemur til að

*105
standa í eðlilegu sambandi við götuna í brekkunni jafnhliða Að-
alstræti, einkum efað gatan væri lengd yfir Brekkubæjarlóðina,
suðurá veginn, til þess að þessi gata verði opinber eign verð-
ur að fá þá sem hún á að liggja á, og gefa þar fyrir endurgjald,
eða bæjarstjórnin vill fallast á að gata þessi sé tekin undir
bæinn, en það sé talsvert sem tali fyrir því að stígurinn sé lát-
inn haldast einsog hann áður hefir verið. ~~Á~~ því viðvíkur að
vegur sé lagður austantil á hinni svonefndu Liverpoolslóð (Lækn-
isgata nr. 1) þá fyrirfannst það að vegur þessi, þar sem hann
kemur fram hjá horninu á Liverpool ekki getur verið breiðari en
það þrjár álnir, en þar á móti breiðari gagnvart hinni óbyggðu
lóð, sem heyrir undir húsið, og mætti nægja 5-8 álnir.

Öll nefndin var á því að það ætti því að eins að verða
spursmál um að fá opinbera götu lagða fyrir austan Glasgow með-
fram húsinu, að það áður sé afgétt með lögum ~~Ídómi~~ að nábúar
og bæjarstjórn ekki hefði rétt til þess að halda stignum einsog
verið hefir. Þrír af nefndarmönnum, gegn einum (formanni) álíta
það miður hentugt að vegur væri lagður austantil á Liverpoolslóðinni,
en formaðurinn áleit, að með því að eigandinn að Glas-
gow vill endurgjaldslaust leggja til vegar af lóðinni austantil
mætti koma því við á viðunanlegan hátt að þar væri lagður vegur
með því að lítið eitt væri numið af lóð ~~factor~~ kaupmanns, hvar-
við sunnið hjá Liverpool yrði breiðara. ~~Fiskhous~~

4. Beiðni Jóns Guðmundssonar. Hala, um að fá útvísaða
lóð þá er M. Árnason fékk útmelda á Hlíðarhúsum þann 14. des.
f.á. svolátandi: ~~#~~ Nefndin samþykkir að sínu leyti, að Jón Guðm-
undsson fái hið útvísaða svæði með sömu skilyrðum og það var
veitt Magnúsi Árnasyni, með fyrirvara að hann fráfalli kröfu
til lóðarinnar.

5. Beiðni B. Oddssonar um grjótbyrgi svolátandi: ~~#~~ Nefnd-
in samþykkir að sínu leyti að B. Oddsson fái að byggja grjótbyrgi
til að setja skipastól síðn í og salta fisk, en án þess að hann
fái að setja þar hús eða fái rétt yfir lóðinni, sem ekki afsal-
ist honum, og sem hann skal skyldur að láta af hendi þegar kraf-
ist er, án nokkurs endurgjalds.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. Sigurður Guðmundsson.
G. Zöega.

Ár 1874, þann 8. maí átti byggingarnefndin fund með sér.
í nefndinni tók assessor M. Stephensen sæti.

1. Beiðni konsúl# M. Smiths um þakið kolabyrgi á eigin lóð. Lengd hins þakka kolabyrgis er 27 ál. og breiddin 9 7/8 ál., ris undir þakskegg 5 ál. og ris á þakinu 2 1/2 ál. Kolabyrgið á að ~~veita~~ frá austri til vesturs með hliðarnar og breidd frá suðri til norðurs.

Milli geymsluhúss kaupmanns Thomsen og byrgis þessa verða að ofanverðu 9 1/4 ál. en að neðan 9 ál. og verða því ekki fullhönd, var mættur E. Jafetsson er hafði náðúans, kaupmanns Thomsens við fjarlægð þessa, svoframarlega sem hann að ofanverðu mætti með einni byggingu á lóðinni koma nær lóð konsúl Smith en 5 ál. á hans lóð, með að Öðru leyti lögskipuðu 10 ál. millibili og nefndin ekki á móti fjarlægð húsanna með 9 1/4 ál. og 9 ál. svo framarlega, sem Amtið vill veita því samþykki.

Að vestanverðu verður vesturgafll kolabyrgisins og vesturhlið plankaverks þar fyrir ~~af~~ ekki í alveg beinni línu og lofaði konsúl# Smith að réttu til plankaverksins við hlið kolabyrgisins svo að hliðin yrði öll bein.

Sökum ágangs af sjó tjáði konsúll M. Smith frá að hann yrði að láta norðurhliðina hallast nokkuð eða ¹ al. innávið að ofanverðu og til að eyða nokkuð hallanum á hliðinni fyrir ^{á sjón} austan og vestanverðu lofaði hann að láta gaflana vera með klæðningu beint upp, einnig millibilið milli kolabyrgis og plankaverksins að ofanverðu.

2. Beiðni Gests Gunnarssonar um útvísun hússtæðis fyrir vestan hús ~~Máde~~ Kr. ~~Einar~~sen á Hlíðarhúsalóð.

Sökum lóðarkreppu og þareð stígur þarf að vera niðureptir að sjónum getur stæði undir hús ekki orðið útvísað á þessum stað.

Fundi slitið.

A. Thomsen, Magnús Stephensen. O. Finsén. O. Gíslason.
G. Zöega.

Ár 1874, hinn 15. Maí, átti byggingarnefndin fund með sér.
Sem formaður tók sæti í byggingarnefndinni, hr. assessor Magnús
Stephensen, samkvæmt skipun Amtsins frá 14. þ.m., sem fram-
lagt var svohljóðandi: #

Var fyrirtekin beiðni hr. kansallerráðs, land- og bæjarfó-
geta A Thorsteinson, um byggingu á fjósi úr grjóti á eigin lóð.
Beiðandanum var þarnæst útvísað hússtæði 13 ál. á lengd og 8 ál.
á breidd. Húsið á að snúa frá norðri til suðurs og norðvestur-
andans með 3 álna millibili. Suðurendi hússins verður í ~~þéttum~~
~~í~~ sömu línu og suðurendi pakkhúss biskupsins og austurhlíðin
á lóðartakmörkum beiðandans og prestaskólahúsa ~~ins~~. Húsið verður
byggt úr steini með ca. 1 1/2 al. risi.

Fundi slitið.

Magnús Stephensen. Þ. Gíslason. O. Finsen. G.Zöega.

Nærverandi

A.Thorsteinson.

Ár 1874, þann 27. Maímánaðar átti byggingarnefndin fund með sér:

Á fundinum mætti einnig veganefnd Reykjavíkur(~~kaup~~)kaup-
staðar, bæjarfulltrúarnir E. Þórðarson, J. Steffensen og G. Þórð-
nefndunum í sameiningu tekið til álita málefniðum vegabót í
efri Þingholtsröðinni.

Öll byggingarnefndin og tveir af veganefndarmönnum herra
J. Steffensen og G. Þórðarson féllust í öllu á álit byggingarnefnd-
arinnar þann 8. Okt. 1873, og var það er á þessum fundi var bók-
að lesið upp. Herra Einar Þórðarson greindi á og hélt því fram
að þessi vegur ætti að vera breiðari.

2. Ekkjan Margrét Ólafsdóttir í Norðurbergi hefir beð-
ið um útvísun á mólúsi við bæ hennar. Beiðni þessi er svo-
látandi: # Nefndin útvísaði stæði fyri mólús þetta á suðvestur-
horni lóðar þeirrar er fylgir bænum. Það á að byggjast úr torfi
og grjóti 10 ál. á lengd 5 til 6 álnir á breidd.

3. Beiðni Jóns Þorarinssonar um útvísun undir bæ í
Sauðagerði með lóð. Beiðnin er svolátandi: # Lóð undir bæ
þenna var útvísað sem fylgir:

Suðurhlið lóðarinnar á að vera í 8 ál. fjarlægð frá lóð
Sveins Bjarnasonar og eiga þessar 8 ál. að verða sem traðarveg-
ur að Sauðagerði. Vesturhlið lóðarinnar á að vera í 5 al. fjar-
lægð frá ræsi sem er sunnanvert við gangstíg frá Sauðagerði til
norðurs. Lóðin er í horni milli stígs þessa fyrir austan hann
og fyrir norðan lóð Sveins Bjarnasonar. Austurhlið lóðarinnar
er 30 ál. á lengd. Vesturhliðin (meðfram gangstignum 42 ál.)
norðurhliðin 56 ál. og suðurhliðin (meðfram túni Sveins Bjarna-
sonar) 60 ál.

Bæjarbyggingin, sem á að verða úr torfi og í tveimur hús-
um, á að snúa með gafla til austurs og vesturs og standa í suð-
vesturhorni hinnar útvísuðu lóðar. Beiðandanum, Jóni Þorarinss-
syni var tilkynnt að útvísun þessi væri gérð með væntanlegu sam-
þykki bæjarstjórnarinnar, og að hann yrði að greiða lóðartoll
eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar, og hafa þyggt og umgirt lóð-
ina eptir fyrirmælum byggingarlaganna innan tveggja ára.

4. Pétri Gíslasyni í Ánanaustum eptir beiðni svolát-
andi: #

Ávísað stæði undir húsalengingu 6 ál. á lengd 10 ál. á
breidd með veggjum af steini og má suðurhliðin ekki koma fram
fyrir íveruhús hans. Viðbyggingin er austanvert við húsið.
Fyrir austan þessa áformuðu byggingu verður 3 ál. stétt og sund-
~~erðan~~ til við húsið 3-5 ál. á mótis við lóð Hans Jónssonar.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
G. Zöega.

Ar 1874, þann 6. Júní átti byggingarnefndin fund.

1. Var fyrirtekin beiðni bakara Jensen, svolátandi: Beiðandinn skýrði frá að hann óskaði að byggja hús úr steini 3 1/2 al., undir bita einloftað. Móti suðri verður hús þetta 9 1/4 al. breidd og má hliðin ekki koma fram fyrir suðurhliðina á húsum verzlunarfélagsins í Austurstræti. Á lengd verður húsið 8 1/2 al. og má vesturhliðin ekki koma fram fyrir þá línu sem myndast af vesturhlið á geymsluhúsi Havsteins, verzlunar og veitingahúsi Arkans, í Aðalstræti. Móti austri hús þetta að fylgja sömu línu og aðalbygging beiðandans. Honum var tilkynnt að hann yrði að byggja þakið eldfast ep tir löggjöfinni um brunaábyrgð kaupstaðarins.

2. Beiðni S. Snorrasonar og Markúsar Bjarnasonar um útvísun á Hlíðarhúsalóð svolátandi: #

Beiðandanum var af nefndinni með 4 atkv. gegn 1 útvísuð lóð þannig: Lóðin verður fyrir neðan Hlíðarhúsveginn og liggur austurhlið hennar 5 ál. frá stíg niður að brunni á Hlíðarhúsum. Vesturhlið lóðarinnar á að vera 5 ál. frá Hlíðarhúsavrginum og húsið á að standa með gafla til austurs og vesturs með suðurhlið í 5 ál. fjarlægð frá Hlíðarhúsaveginum. Að öðru leyti ákvarðast lóðin þannig, lengd móti suðri og norðri ca 30 ál. móti austri og vestri 36 ál. Húsið á að standa 5 ál. frá lóðartakmörkum að austan og vestanverðu til þess að myndist hið lögskipaða millibil milli húsa.

Beiðandanum, fyrir hvors hönd faktor St. Stephensen mætti, var tilkynnt að útvísun þessi væri gerð með væntanlegu samþykki að hann yrði að greiða lóðartoll eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar, og byggja og afgirða lóðiraxx inna 2 ára. Honum var ^{og} tilkynnt, að hann eptir hinni nýju löggjöf ætti húsið að byggjast með eldföstu þaki eða undanþágufestur útvegist.

Formaður nefndarinnar ágreindi um þessá útvísun þannig:

1. Álitur hann að það sé til óprýðis fyrir útsjón af veginum að byggja fyrir neðan hann og svæðið fyrir neðan veginn sé ekki ofstórt til torgstæðis.

2. Með þessari útvísun verður gata þessi ekki nema 18 1/2 al. á breidd, en hann álitur að hún eigi til tryggingar fyrir eldsvoða og/feegurðar að vera 23-30 ál. á breidd.

2. Beiðni Magnúsar Guðmundssonar um útvísun á Ananaustalóð: #

Beiðandanum var útvísuð lóð norðvestantil á Ananaustalóðinni, þannig: lengd lóðarinnar móti ~~suðri~~ suðri 32 ál. myndmóti vestri 61 al. móti norðri 34, móti austri 70 ál. , og ~~vestur~~ ^{suður} þannig óreglulegan ferhyrningur. Bærinn á að standa ^{útan} til á lóðinni með gafla móti austri og vestri. Lóðin takmarkist móti vestri af Selstöð, móti austri af lóð Jóns Bjarnasonar og norðurtakmörki, myndast af túngarði af Ananaustalóðtúninu.

Beiðandanum var tilkynnt að útvísun þessi væri gerð með væntanl. samþykki, að hann yrði að greiða lóðartoll eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar og byggja og afgirða lóðina innan 2ja ára.

Fundi slitið.

Ár 1874, þann 14. Júlí átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Eftir áskorun veganefndarinnar var borið upp undir álit byggingarnefndarinnar áform um að breikka götuna í Hafnarstræti svo að hún alstaðar yrði minnst 11 ál. á breidd, og hefir veganefndin von um að lóðareigendur frá Havsteinshúsum og austur að Thomsens lóð $\sqrt{1/2}$ afstanda þessar lóðir, þaræð byggingarnefndin álitur mjög æskilegt að gata þessi sé breikkuð svo mikið, sem verða má, féllst hún alveg á þetta áform veganefndarinnar.

2. Beiðni Gísla Björnssonar, um á eign föður hans Björns Guðlaugssonar á Hlíðarhúsum að lengja hjall austurávið um 4 ál. og íbúðarhúsið, sem er 6 ál. breitt, um 4 ál. vesturávið, samþykkt. Beiðni Gísla Björnssonar var framlögð svohljóðandi: #
Aptur á móti fann nefndin ekki ástæðu til þess að veita honum lóðarviðbót.

3. Jómfrú Þorbjörgu Sveinsdóttur leyft að breikka ~~um~~ inngönguskúr við hús sitt um 1 til 1 1/2 ál.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson. O. Finsen. G. Zöega.

Ár 1874, hinn 20. ~~Ágúst~~ ágúst, var byggingarnefndin nálæg á verzlunarlóð Consúl~~s~~ Smiths í Hafnarstræti:

1. Consúl~~s~~ Smith hafði í bréfi dags. 17. þ.m. beiðst útmælingar á stakkstæði sínu til þess að hann gæti górt kringum, á lengd 13-27 al., á breidd 12 al., og skyldi girðingin vera 5 al. á hæð. - En með því það áður ^{er} ákveðið af nefndinni, að ekki megi byggja að sunnan, en hús Smiths á stakkstæðinu, var nefndin samdóma um að neita um hina umbeðnu útmælingu.

2. Þá var beiðni Gríms Guðnasonar á Ánanaustum um að fá útmælt bæjarstæði, samþykkt. Var honum síðan útmælt bæjarstæði fyrir ofan og suðaustan lóð þá, sem 6. júní þ.á. var fengin Magnúsi Guðmundssyni, skyldi hún 30 álnir á hvern veg og má að vestanverðu að grjótgarði þeim, er skilur Ánanausta og Litlaselsland. Bréf Gríms héraðlútandi var framlagt svohljóandi.*

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. Sigurður Guðmundsson.
G. Zöega.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. G. Zöega.
G. Zöega. S. Guðnason.

Ár 1874, fimmtudaginn 10. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Eftir beiðni Jens Ólafssonar frá 24. f.m. honum útmæld lóð norðanvert við Vegamótáögötuna í annari röð 23 1/2 aln fyrir ~~Öu~~ástan túnblett þann, sem er fyrir austan hús Bjarna Bjarnasonar frá Esjubergi, í sömu stefnu og gaflinn á húsi Bjarna að sunnan, 30 álnir frá vestri til austurs og 25 áln. frá norðri til suðurs. Á suðurenda lóðarinnar í stefnu við gaflinn á Steinstöðum á að byggja hús úr steini og timbri 9 álnir á lengd og 7 álnir á breidd, er snýr frá vestri til austurs;.
2. Eftir beiðni Bergs amtmanns Thorbergs 1. sept. var honum leyft að ~~byggja~~ skúr þann, sem er norðan við hús hans, fram með húshliðinni eins langt og húsið nær til austurs. Verður þessi frmlenging skúrsins 3 1/2 al. á breidd og 4 1/2 al. á lengd. Skúrin verður úr timbri með hálfþaki.
3. Eftir beiðni Sigurðar Arasonar 8. s.m. var honum útmælt pakkhússtæði í garði hans; húsið á að vera jafnhliða gamla pakkhúsinu; verður norðurhlið þess í stefnu við gaflinn á íveruhúsinu og austurgaflinn í stefnu við austurgaflinn á gamla pakkhúsinu. Húsið verður 14-15 álnir á lengd og 7 álnir á breidd.
4. Eftir beiðni J. E. Jensens bakarað frá 31. f.m. var honum leyft að samtengja hina nýju steinbyggingu við gamla hús- *L sína* ið, með nýrri byggingu úr binding, sem verður 9 3/4 ál. á ~~breidd~~ og 6 3/4 áln. á lengd með sömu veggjahæð og steinbyggingin.
5. Eftir beiðni Guðmundar Þórðarsonar frá 5. f.m. var honum leyft að ~~lengja~~ hjall sinn til vesturs um 5 1/4 aln; verður þessi viðbygging úr þéttum borðum með sömu breidd og hjallurinn.
6. Eftir beiðni Odds Gíslasonar kandiðats var honum leyft að hækka skúrin fyrir vestan húsið, svo að fremra risið verði jafnhátt þakskegginu á húsinu.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
G. Zoega. E. Gíslason.

Ár 1874, hinn 19. sept. átti Byggingarnefndin fund með sér. Var þá:

1. Lúðvík Alexíussyni veitt leyfi til að bæta vestan við bæ sinn eða færa kampa~~n~~ vesturávið um 1 alin. -

Fundi slitið.

h. Sveinbjörnsson. O. Finsen. O. Gíslason. G. Zöega.

Ár 1874, 6. októbermán. var byggingarnefndin saman á fundi samkvæmt beiðni Sigurðar Arasonar, til þess að mæla honum út svæði undir skúr, og var honum þá mælt út við endann á pakkhúsinu á suðurhlið lóðarinnar jafnbreitt pakkhúsinu (5 1/4 ál.) og 3 3/4 ál. á lengd. Veggjahæðin á að vera sú sama og á pakkhúsinu, og þakið með hálfu risi. -

4. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Gíslason.
J. Jónasson. O. Finsen.

3. Þóráð Stefánsdóttir í Traðarkoti var fengin í hendur þessu máli, er mælt var út hana Jens Jónasson 30. jan. 1872.

4. Var Jens Ólafsson á mælt hástæði á 164 ára hlíðar lögreglu' jóna í Þingholtun fyrir vestan götuna. Skyldi henni standa 15 ál. fyrir vestan löngarðinn, sem er fyrir austan götuna, en 5 álir frá suðurpartinum. Í hástæði er 9 álir í lengd og 7 í breidd. - Húsið skyldi með hellubaki.

5. Var Sigurði Jónasson mælt fengin lóð til að byggja hús á, á þeim stað, sem Halldóri Guðmundssonar snikkari var á milli 8. okt. 1872. Skyldi hann geta sýnt skilmála og þá vera þessir og þarabaki geta hvar að þekja húsið hellubaki.

Fundi slótt.

4. Sveinbjörnsson. O. Finsen. J. Jónasson. O. Gíslason.
Magnús Stephensen.

Ár 1874, hinn 15. október átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá:

1. Guðmundi Ólafssyni frá Hlíðarhúsum mælt út bæjarstæði og lóð milli Miðhúsa og Móakots í Skuggahverfi. Lóðin var mæld 42 álnir austur og vestur, en 50 álnir norður og suður. Takmörkin að sunnanverðu er gamallt garðbrot, en að norðan beint vestur af norðurgafli Miðhúsabæjar. Beggja megin lóðarinnar að austan og vestan skal (~~vera~~) 8 álna stígur. -

2. Var Einari Einarssyni mæld út í viðbót við lóð hans (Sundi) norður af henni 17 ál. norðureptir og 18 ál. austureptir. En til þess að komast hjá skökkju miðað við girðingarnar við bæina fyrir norðan, var breiddin norðurávið frá garði þeim, sem er að austanverðu, við lóð hans ákveðin til 12 alin.

3. Þórði Stefánssyni í Traðarkoti var fengið í hendur bæjarstæði það, er mælt var út handa Jens Jóhannessyni 30. jan. 1872.

4. Var Jens Ólafssyni útmælt hússtæði á lóð Árna Gíslasonar lögregluþjóns í Þingholtum fyrir vestan götuna. Skyldi húsið standa 15 ál. fyrir vestan túngarðinn, sem er fyrir austan götuna, en 5 álnir frá suðurgarðinum. Hússtæðið er 9 álnir á lengd og 7 á breidd. - Húsið skyldi með helluþaki.

5. Var Sigurði Jónssyni smíð fengin lóð til að byggja húsið á, á þeim stað, sem Halldóri Guðmundssyni snikkara var útmælt á 8. okt. 1872. Skyldi hann gæta sömu skilmála og þá voru uppsettir og þaradauki gæta þess að þekja húsið hellum.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. O. Finsen. J. Jónassen. O. Gíslason.
Magnús Stephensen.

Ár 1874, hinn 8. Des. átti byggingarnefnd Reykjavíkur kaup-
staðar fund með sér:

Var framlögð beiðni hinnar norsku samlagsverzlunar um
að fá útmælt á lóðinni nr. 1 í Aðalstræti til nýrrar og stærri
húsagjörðar, enn þar er nú. Var henni síðan útvísað lóðarvið-
bót til þess að byggja á, 3 álnir og 22 þumlungur frá norður-
vegg hins gamla húss (Stýrimannshússins) en breiddin skyldi
sú sama og á hinn nýju steinbyggingu á lóðinni. Ákveðið var
að samlagið skyldi leggja ~~lín~~ rennu þá, sem nú er fyrir ~~aust~~ ~~nord~~-
an húsið. -

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. O. Finsen. Magnús Stephensen.
O. Gíslason. G. Zöega.

Ár 1875, þriðjudaginn 9. febrúarmánuði var átti byggingarnefndin fund með sér, og var tekið fyrir:

1. Beiðni Helga snikkara Helgasonar dags. 1. þ.m., og var honum leyft að lengja hús sitt til suðurs um 7 3/4 al. jafnviðbæturnum; Austurtakmörk lóðarinnar ná að lóð Árna lögreglu-spilda, frá norðri til suðurs meðfram húsnum mældu 5 álna urtakmörkum lóðarinnar; var honum ennfremur gert að skyldu að umgírða lóðarviðbætinu, og ef gata verður lögð meðfram húsi hans, er hann skyldur að láta af hendi spildu þá, sem honum var útmæld meðfram hús- og lóðarviðbætinu að vestanverðu án endurgjalds.

2. Beiðni Þorsteins Guðmundssonar dags. 5. d.; var honum útmæld lóð fyrir sunnan hús Helga snikkara Helgasonar, lóðin er 25 álnir á lengd frá norðri til suðurs, og ná norðurtakmörk hennar að suðurtakmörkum á lóð Helga snikkara; vesturtakmörkin eru þau sömu og á lóðarviðbæti Helga snikkara. Austurtakmörkin ná að lóð Árna lögregluþjóns Gíslasonar. Á lóð þessari áttlar beiðandinn að byggja hús úr timbri, 10 álna breitt og 9 álna langt frá norðri til suðurs; suðurendi hússins verður 5 álnir frá suðurtakmörkum lóðarinnar, og 11 álna bil milli norðurenda hússins og lóðar Helga snikkara. Húsið á að vera í sömu línu og hús Helga snikkara, og verður 5 álna breið spilda með því að vestanverðu óbyggð, sem beiðandinn er skyldur að láta af hendi endurgjaldslaust, ef gata verður lögð meðfram húsinu vestanverðu. Beiðandanum var tilkynnt að hann yrði að hafa óeldfimt þak á húsinu, og að hann yrði að greiða/ girða lóð sína svo að túninu fyrir neðan væri borgið fyrir ágangi af skepnum.

3. Beiðni Bjarna Eiríkssonar í Grímsbæ dags. 16. þ.m. Var honum útmæld lóð sunnanvert við bæ Jóns Guðmundssonar. Lengd lóðarinnar er hin sama frá austri til vesturs sem lóð Jóns Guðmundssonar (~~fékk~~), og breiddin frá suðri til norðurs 20 álnir. Þarinn á að standa í línu við bæ Jóns Guðmundssonar með 10 álna millibili.

4. Beiðni Jakobs Jónssonar í Háholti dags. 18. f.m. um útmælingu undir bæ vestanvert við Kaplaskjól, en með því að bæjarstjórnin áður hefir sett viss kjör fyrir útmælingum í Kaplaskjóli, sem beiðendur ekki hafa gengið að, þótti byggingarnefndinni réttast að vísa beiðandanum til að semja við bæjarstjórnina um lóðina, áður en hún væri útmæld.

Í sjúkdómsforföllum bæjarfógetans var bæjarfulltrúi Magnús Stephensen formaður við útmælingargjörðir þessar.

Fundi slitið.

Magnús Stephensen, settur. O. Finsen.

G. Zoega. O. Gíslason.

J. Jónasson.

Ár 1875, þriðjudaginn 9. marzmánaðar átti byggingarnefndin fund með sér, til þess að ákveða og mæla út breiðkun þá, sem bæjarstjórnin hefir ákvarðað að gjöra á Austurstræti.

Var fyrst mælt að vestan 16 álnir til norðurs frá útnorð-urhorni á húsi Jörgensens, og sömuleiðis 16 álnir að austan frá landnorðurhorni á húsi Sigfúsar Eymundssonar, og var sjónhend-ing miðuð millum þeirra punkta, sem þannig fundust, og lína merkt með hælum milli þeirra. Þar næst var mælt út, hversu mikla lóð hver húseigandi ætti að láta af hendi til breikkunarinnar á götunni og reyndist það, þannig:

1. Af lóð ~~Kristján~~ ^{Kristján} verzlunar: a, af kálgarði þeim, sem þríhyrningur með grunnlínu 5 $\frac{4}{5}$ fet, og hver armur 43 fet; b, af portum við sölubúðina fer spilda mynduð, sem trapezium, og var mæld í tvennu lagi; eystara trapezíið er 5 $\frac{4}{5}$ fet að austanverðu, að norðanverðu 80 fet, að vestanverðu 17 fet; vest-ara trapezíið er 17 fet að austan, 70 fet að norðan og 18 fet að vestan; c, af kálgarðinum við íbúðarhúsið fer spilda, sem er 18 fet að austan, 52 fet að norðan, 18 fet að vestan.

2. Af lóð H. C. Robbs fer spilda 18 fet að austan, 49 fet að norðan og 19 fet að vestan.

3. Af lóð S. Johnsens fer spilda 19 fet að austan, 71 $\frac{1}{2}$ að norðan, 19 fet að vestan.

4. Af lóð hlutaveltufélagsins sömuleiðis 19 fet að austan, 77 fet að norðan, 17 fet að vestan.

5. Af lóð samlagsverzlunarinnar fer 17 fet að austan, 39 fet að norðan, 17 fet að vestan, ~~og~~

6. Af lóð síra Jónasar Guðmundssonar fer 19 fet að austan, 50 fet að norðan og 19 fet að vestan.

Fundi slitið.

Magnús Stephensen, settur. D. Gíslason. O. Finsen.
G. Zöega.

Ár 1875, miðvikudaginn 17. marzmán. átti byggingarnefndin fund með sér, og var Magnús Stephensen í formanns stað í forföll- um bæjarfógeta, sem var veikur. Var þá tekið fyrir:

1. Beiðni Páls Eyjólfssonar gullsmiðs, dags. 23. f.m. Var honum útmælt hússtöði á Litlaholtshósti. Húsið á að standa meðfram Skólavörðustígnum, fimm álnir frá stígnum, gagnvart hegningarhúsinu. Verður það úr steini 16-20 álnir á lengd og 12-14 álnir á breidd. Húsið á að vera með óeldfimu þaki.

2. Beiðni Snorra Tómassonar, dags. 6. þ.m.; ~~í~~ ^{var} hon- um útmælt bæjarstöði í Skuggahverfi milli Móakots og Miðhúsa, fyrir norðan lóð þá, er Guðmundi Ólafssyni var útmælt 15. okt. f.á. Lóðin er frá norðri til suðurs 40 álnir og frá austri til vesturs 20 álnir, þannig að vesturtakmörk lóðarinnar er 8 álnir frá garðbrötinu við Móakot, og suðurtakmörkin sömu og norður- takmörkin á lóð Guðmundar Ólafssonar.

3. Beiðni Jóns Jónssonar í Kasthúsum, dags. 24. f.m. um útmælingu hjá Bala í Skuggahverfi; var beiðandinn ekki til staðar, þó hann væri aðvaraður, og varð því ekki úr útmælingunni.

4. Virðingargjörð 16. þ.m. á lóðum þeim, er hlutaðeig- andi húseigendur eru skyldaðir til að láta af hendi til bæjar- ~~tes~~ til breikkunar Austurstrætis; ~~er~~ ^{er} virðingin gjörð af Magn- úsi Jónssyni í Bráðræði og Alexíusi Árnasyni lögregluþjóni, sam- kvæmt útnefningu bæjarfógeta 13. s.m. Var byggingarnefndin sam- huga um að samþykkja virðinguna á lóðum ~~Knut~~ ^{Knut} ~~þans~~ ^{þans} verzlunar, H. C. Robbs kaupmanns, séra Jónasar Guðmundssonar og Símonar Johnsen kaupmanns, þannig að hinum fyrst nefnda verði greiddir 25 aurar fyrir hverja ferhyrningsalin en hinum öðrum 33 aurar fyrir hverja ferhyrningsalin. Aftur á móti kom nefndinni saman um að setja virðinguna á lóðum hlutaveltufélagsins og norsku samlagsverzlunarinnar niður úr 58 aurum í 50 aura fyrir hverja ferhyrnings alin.

Fundi slitið.

Magnús Stephensen, settur. O. Gíslason. ~~F.~~ Jónasson.
O. Finsen. G. Zöega.

Ár 1875, hinn 24. Apríl, átti byggingarnefndin fund með sér, til þess:

1. Að útvísa séra Helga Hálfðánarsyni á hans eigin lóð skúrstæði. Skyldi hann byggður fyrir vestan íveruhús hans 6 ál. frá því og vera 10-12 álnir á lengd og skyldu gaflarnir snúa mót vestri og austri, en ef hann byggði nær lóðum nábúanna enn 5 áln. skyldi hann fá samþykki þeirra.

2. Var Ágli í Arabæ eftir beiðni hans leyft að hressa við Arabæ.

3. Var lagt fyrir nefndina bréf amtsins frá 19. þ. m. ásamt fylgiskjali, snertandi hækkun á endurgjaldi fyrir lóð þá, sem tekin hefur verið við Austurstræti af norsku verzluninni. Var það samhuga álit nefndarinnar, að engin ástæða væri til að sinna kröfum M. ~~Johnsons~~, sem fyrir hönd samlagsins, heldur skyldi það endurgjald, sem ákveðið er 50. aurar fyrir hverja ferhyrningsalin, standa óbreytt.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
Jónasson. G. Zöega.

Ár 1875, mánudaginn 26. aprílmán. átti byggingarnefndin fund með sér til þess:

1. Að útvísa Jakopi Jónssyni bæjarstæði í Kaplaskjóli. Var honum út ~~veitt~~ svæði suðaustan til við Lambastaðaholt niður við malarkamp, var hið útvísada svæði 40 álnir frá austri til vesturs og 60 álnir frá norðri til suðurs. Beiðandinn óskaði eftir að mega rýðja sér vör neðan- og vestanundan hinu útmælda svæði, en byggingarnefndin skaut því til bæjarstjórnarinnar. Beiðandinn ætlar að byggja sér bæ, er snýr frá norðri til suðurs.

2. Að útvísa Gísla Tómassyni hússtæði. Var honum útvísuð lóð milli lóðar Guðmundar Ellindssonar og Sigurðar Þórðarsonar að austan og vestan, og að sunnan upp að lóð Jóns/og Guðmundar og Jóns smíðs Jónssonar, þannig að 7 álna breidd spilda skyldi verða eftir að vestanverðu milli hinnar útmældu lóðar og lóðar Sigurðar Þórðarsonar og svo upp úr. Breidd lóðarinnar, sem nær niður að sjó, er 20 álnir að norðan og 45 álnir að austan. Ætlar beiðandinn að byggja timburhús 10-12 álna langt og 8-9 álna breitt í línu að norðanverðu með húsi Sigurðar Þórðarsonar. Var beiðandanum tilkynnt, að hann yrði að gjalda lóðargjald eftir ákvörðun bæjarstjórnarinnar, að umgírða lóðina innan 2 ára og, að hafa óeldfjöt þak á húsi sínu.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. J. Jónasson. Magnús Stephensen.
O. Finsen. G. Zöega.

Ár 1875, þriðjudaginn 18. maímán. átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Tekin fyrir beiðni Símonar Alexíuss. dags. 3. þ.m. um útmælingu á hússtöði fyrir neðan Bergstaði. Beiðandinn kaus heldur að fá útmælda lóð fyrir neðan hinn gamla alfaraveg milli húss Jónasar Helgasonar smíðs og Eyjólfss Oddssonar. Jónas smíður var mættur, og lýsti yfir, að hann ætti lóð þá, er Símon vildi fá útmælda, en hefði þó eigi aftgætt um að láta af hendi lóðina. Var beiðandanum því upp á væntanlegt samþykki Jónasar útmæld lóð frá lóð Eyjólfss Oddss. að austan 24 álf frá austri til vesturs og frá norðri til suðurs frá veginum niður að kálgarði Jónasar 40 álf. á lengd. Á lóð þessari á að koma timburhús, 10 álf. frá húsi Eyjólfss Oddss. og í línu við það 14 álf. á lengd og 10 álf. á breidd. Húsið á að vera með eldföstu þaki og lóðin á að notast og umgírðast innan tveggja ára.

2. Var Pétri Valgarðssyni leyft að setja hjall á austanverðri lóðinni, 5 álf. frá lóðartakmörkum, í línu með húsi hans að sunnan. Hjallurinn verður 6 álf. á lengd og 6 álf. á breidd og á að vera klæddur þéttum borðum á suðurhlíðinni, sem veit að götunni.

3. Var tekin fyrir beiðni Kristjáns Hróbjartssonar í Kasthúsum, um útmælingu á lóðarbletti undir kálgarði. Var honum útvísað svæði vestan við bæ hans og Sigurður Jónsson (Rauðarár, Sigurður). Svæðið er frá austri til vesturs 21 álf. og frá suðri til norðurs 30 álf. og nær að norðanverðu að lóð Stefáns Jóhannssonar í Kasthúsum og að sunnanverðu jafnlangt og bæjargarðurinn. Byggingarnefndin áskildi, að beiðandinn væri skyldur til að láta af hendi lóð þessa endurgjaldslaut, ef hennar yrði þörf síðarmeir undir timburhús. L 10. j. m.

4. Beiðni Jóns Jónssonar í Kasthúsum frá 26. þ.m. um útvísun bæjarstöðis í Skuggahverfinu milli Miðhúss og Móakots, þar sem Guðni Ólafs. hafði áður fengið útmælt, en afsalað sér. Var honum útmæld lóð fyrir sunnan lóð Snorra Tómassonar frá norðri til suðurs 50 álf. og takmörkin að sunnan gamalt garðbrot, að norðanverðu beint vestur á norðurgafli Miðhúsabæjar, frá austri til vesturs er lóðin 20 álf., þannig að endatakmörk lóðarinnar eru 8 álf. frá garðbrotinu við Móakot. Beiðandanum tilkynnt að hann verði að borga lóðargjald eptir ákvörðunum bæjarstjórnarinnar og nota og umgírða lóðina innan tveggja ára. - Vestur
= verður

5. Beiðni Gísla Guðmundssonar í Melshúsum um útmælingu á Klettakotslóð og um að fá að byggja upp bæinn, og útmælingu undir hjall samkvæmt útmælingarskjali Sigurðar Bjarnarsonar í Klettakoti á lóð bæjarins Klettakoti aðeins 100 ferálf. og með því að byggingarnefndin álitur æskilegt að torfbær á þessu svæði sem fyrst leggist af, og lóðin hinsvegar er svo lítil að þar eigi verður útmælt hjallstöði, var beiðandanum neitað um að byggja bæinn upp aptur og um útmælingu á hjallstöði og að öðru leyti vísað til bæjarstjórnarinnar ef hann vildi kvarta

yfir þessum úrskurði.

6. Beiðni Sigurðar Jónssonar í Hjalla, dags. 5. f.m. um að fá lóðarviðbætur og útmælingu á grunni undir móskúr. Með því að lóð sú, sem beiðandinn æskti eftir liggur fyrir sunnan hús Sæbys beykis og fast upp að húsinu og Sæby beykir sjálfur óskar að fá lóðina, var beiðandanum neitað um lóðina. En að því er útmælingu undir móskúr snerti, þá hefur honum áður með byggingarnefndargjörð 9. nóv. '72 verið útvísað hjallstæði, fyrir vestan hjall Jóns Oddss. og var honum vísað til þeirrar útmælingar.

7. Beiðni Ólafs Ólafssonar í Há bæ, dags. 1 dag, um útvísun á bæjarstæði á Hlíðarhúsalóð. Beiðanda var útvísað lóð fyrir sunnan og vestan Há bæ, þannig að lóðin að norðan takmarkast af Há bæjarlóð og að austan af ~~húsi~~ Jóhannis Zöega. Lóðin er frá austri til vesturs 22 áln. og frá Há bæjarlóð að norðan nær jafnri breidd að gl. Hlíðarhúsatúngarðinum að sunnan á l. á lengd, og á bærinn að vera í stefnu við Há bæ.

8. Beiðni bæjarfógeta Sveinbjörnssonar að breikka hús frá Sal. Sveinbjörnsson um 4 ál. uppávið (vesturávið). Að öðru leyti verður hið nýja hús, sem beiðandinn áformar að byggja, þar sem nýneft hús nú stendur alveg á sama stað og þetta, nema 2-4 ál. styttra.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. J. Jónsson Magnús Stephensen.
O. Finsen. G. Zöega.

Ár 1875, hinn 18. Maí átti byggingarnefndin fund með sér.
Var þá:

1. Samkvæmt beiðni bæjarfulltrúa Guðmundar Þórðarsonar og Joh. Olsens var þeim útmæld lóð í norðvesturhorni garðs þess, er hafnsögumaður Jón Oddsson notar og er fyrir norðan veginn vestur að Hlíðarhúsum, undir skúr 8 ál. á lengd og 6 á breidd. Skyldir skyldu þeir að taka skúrinn burtu ef á þyrfti að halda á lóðinni undir timburhús. -

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
G. Zöega.

Ár 1875, hinn 25. Maí átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá:

1. Tekin fyrir beiðni beykis Sæby, um lóðarútvísun kringum eða fyrir sunnan hús hans. Þessi lóð var útvísað honum: til suðurs í beinni línu með vesturgafli húss hans 15 al. og frá austri til vesturs 19 áln. Þá beiðdi hann um að fá útvísað á lóð þessari byggingarstöði undir skúr, 5 al. langan og 4 álna breiddan, og var honum undir skúrinn útvísað jafnstór lóð og hann beiðdi um. Skyldi skúrinn standa frá norðri til suðurs og austurhlíð hans vera í línu með austurgafli íveruhússins. Þakinu skyldi halla til vesturs.

2. Var Jóni hafnsögumanni Oddssyni útvísað lóð undir 12 álna langt og 10 álna breitt timburhús fyrir norðan Læknisgötu og bæ hans Dúkskot í kálgarði þeim, sem hann notar. Lóðin er á lengd frá norðri til suðurs 20 al. og frá vestri til austurs 25 áln.; skyldi húsið standa 5 áln. frá strätinu og þak-
ið hellum.

3. Var yfirprentara E. Þórðarsyni leyft að byggja inn-
gönguskúr austanvert við prentstofuna, 4 al. á lengd og 3 á
breidd.

4. Var póstmeistara O. Finsen leyft að lengja inngöngu-
skúr sinn austanmegin íveruhúss hans um $1 \frac{3}{4}$ al. og breikka
hann um $\frac{1}{2}$ al.

5. Var Eiríki Sveinssyni útmælt bæjarstöði og lóð
sunnan við bæ eða kálgarð Eyjólfss Pálssonar í Þingholtum 40
álnir á hvern veg. Skyldi bærinn í línu við bæ Eyjólfss.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
G. Zöega.

Ár 1875, hinn 14. júní, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir:

1. Beiðni Þorbjargar Sveinsdóttur að umgírða lóð sína að framanverðu með skíðgrind frá garðendanum yfir ~~hús~~ hegningarhúsinu og sömuleiðis að fá lóðarspildu meðfram hegningarhúsgrindunum, milli hennar og hegningarhússins, og var henni veitt sú spilda, sem er 5 fet breidd að sunnan og 6 fet að norðan. Sömul. var henni veitt að umgírða lóð sína með steingarði að norðanverðu. Hún gat þess að sjálfsagt væri að hún léti spilduna afhendi endurgjaldslaust, ef bærinn þyrfti á að halda.

2. Beiðni Björns Árnasonar gullsmíðs, að fá skúr fyrir austan íbúðarhús sitt og áfast við það, 3x5 fet með ~~hálfu~~ þaki, *kuppu* og sömuleiðis skúr áfast við húsið að sunnan, 7 fet á hvern veg. Báðir skúrarnir eiga að vera með eldföstu þaki.

3. Beiðni Eyjólfssonar Oddssonar að fá hjall fyrir norðan hús sitt 5 og 6 al. í línu við vesturgafli hússins og snúa eins og húsið.

4. Beiðni Sigurðar Jónssonar um að fá útmælt bæjar- og kálgarðsstæði á svæðinu milli Steinstaða og Veghúsa í Skuggahverfinu. Hann var eigi til staðar og fór því eigi nein útmæling fram.

5. Beiðni Þorsteins járnsmíðs Sveinssonar, um að fá útmælda lóð undir smíðjústofu á Litlaselslóð. Með því að bygg- = *kofa* ingarnefndinni eigi var ~~kunnugt~~ gjörð um stefnu á hinum tilkomandi sóknarvegi, varð beiðandi að biða til þess stefna vegarins yrði fastákveðin.

6. Beiðni Sigurðar Björnssonar að Seli, um að fá aukna lóð sína, er honum hafði áður verið mæld út. Honum var neitað um beiðni sína.

7. Beiðni factors E. Japhetssonar, um að fá aukna lóð þá, sem heyrir undir lóð Merkjausteins; var honum þá svarað, að hann yrði að biða til þess síðar meir.

8. Beiðni Jóns Ólafssonar í Hlíðarhúsum um að fá viðbót við hús sitt. Var honum leyft að lengja það vesturá við ~~um~~ 7 álnir og átti viðbætirinn að hafa sama ris og lag, sem íveruhúsið og með eldföstu þaki.

Þáll Magnússon hefir gefið leyfi til að rífa niður hesthúskofa og byggja aptur upp smíðjukofa án þess að hafa átt neitt tal við byggingarnefndina um þetta. Byggingarnefndin var einnig þess áskynja að Niels ~~ána~~ Hansdóttir var byrjuð að byggja allstæðilega bæjarlópt að byggingarnefndinni forspurðri. Reyndar hafði hún munnlega áður nefnt þetta við byggingarnefndina, en þá var eigi svarað ákveðið af nefndinni. *en að henni mætti*

leyfast að hressa við þanna kofa, er hún bjó í, en eigi eins og hún nú hefir gjört, rífið allt niður og byggt miklu stærri tópt.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. G. Zöega.
J. Jónasson.

Ár 1875, 12. júlímánaðar, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá tekið fyrir:

1. Beiðni consúls Smiths, um að fá að rífa niður skúr fyrir austan íbúðarhús sitt og í stað þess byggja upp aptur pakkhús með hellubaki $2 \frac{3}{4}$ ál. breiddar en skúrin/en af sömu lengd. Beiðanda var veitt þetta.

2. Nefndin fór þvinæst fram að þeim stað, þar sem Þorsteinn járnsmiður Sveinsson hefur beið um útmælingu. Var Þorsteinn þá búinn að hlaða grunnin/en með því að stefna grunnins var alveg skökk við hinn fyrirhugaða sóknarveg og beiðanda áður hefir verið tilkynnt að hann eigi mætti byrja að hlaða fyrir en stefna vegarins yrði fastákveðin, því var honum nú bannað að halda byggingunni áfram, heldur yrði hann að rífa það niður, sem beið væri, og yrði hann að stefna grunninum jafnhliða veginum og skyldi húsið standa 5 ál. frá veginum og snúa hliðinni að veginum.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. J. Jónsson O. Finsen. G. Eöega.

Ár 1875, hinn 28. júlí, átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá tekið fyrir:

1. Beiðni Nielsar Eyjólfssonar á Klöpp um að mega lengja bæ sinn 2 álnir til austurs var samþykkt; en hann skyldi fá samþykki lóðareiganda fyrir austan sig, Bjarna frá Esjubergi.

2. Beiðni Kolfinnu Ögmundsdóttur um að lengja bæ sinn var ekki sinnt, en byggja skyldi hún mega fyrir austan kálgarðinn og skyldi bærinn hinn nýi standa í línu með gamla bænum. Lóð sú, sem henni var útmæld var 20 ál. austur og 30 ál. norður og suður. -

3. Beiðni Einars Arasonar í Tóptum, um að mega byggja mókofa suður undan hjalli sínum 8 og 6 álnir var samþykkt, og skyldi hann færa garðinn kringum kálgarðinn, svo kofinn yrði - *sinn* í línu með hjallinum.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen.

Ár 1875, 7. ágústmánaðar átti byggingarnefndin fund með,
og var þá tekið fyrir:

1. Beiðni kaupmanns Thomsens um að fá að setja plankaverk á milli gömlu búðarinnar og pakkhússins, og skyldi þetta samþykkt. Ennfremur var honum veitt leyfi til að reisa hina nýju sölubúð sína, þar, sem gamla búðin áður stóð og skyldi hin nýja hús vera jafnlangt og gl. búðin hafði verið ~~alla~~, 21 al. *nefnd.* en aptir talsvert breiðari c. 14 ál. og ná allt að smáskúrum þeim, sem nú eru áfastir við íbúðarhúsið að norðanverðu. Gaflinn á hinu nýja húsi skyldi snúa fram að götunni í línu við hús consúl Smiths og yrði það tvíloftað með inngangshurðum á báðum hornum.

2. Beiðni Magnúsar hringjara Guðmundssonar, um að fá útmælda lóð nálægt Félagsgarðinum undir bæ og hesthús. Beiðandi mætti eigi og varð því ekkert úr útmælingu.

Fundi slitið.

Magnús Stephensen. *F.* Jónasson. O. Finsen. (7)

Ár 1875, 19. dag ágústmánaðar hélt byggingarnefndin fund, og var þá tekið fyrir:

1. Útmæling handa Þorsteini Sveinssyni járnsmið undir smiðju og íbúðarhús, sem skyldi standa að suðaustanverðu við byrjun hins nýja sóknarvegjar, 5 ál. frá veginum, og 5 ál. fyrir vestan garðbrotið hið gamla. Hússtærðin er ákveðin hér að framan, skal það snúa með gaflana í norðaustur og suðvestur.

2. Útmæld lóð undir bæ handa Þórði Þórðarsyni; skyldi bærin standa fyrir sunnan þá lóð, sem mæld hefir áður verið út Bjarna Eiríkssyni ~~í~~ í Grímsbæ. Lengd lóðarinnar frá austri til vesturs er hin sama og Jóns Guðmundssonar og breiddin frá norðri til suðurs er c. 26 álnir. Bærin á að standa í línu við bæ Jóns Guðmundssonar með 10 ál. millibili milli Þórðar og Bjarna.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. *J.* Jónasson. O. Finsen. G. Zöega.

Ár, 1875, Þriðjudaginn 21. september, átti byggingarnefndin fund með sér og var Magnús Stephensen í formanns staði í förföllum bæjarfógetans. Var þá tekið fyrir:

1. Beiðni Gísla Tómassonar dagsett 27. f.m. Var honum útvísað byggingarstæði við Hlíðarhúsavegin að norðanverðu, fyrir vestan lóð Sigurðar Simonarsonar; lóðin er 36 al. frá austri til vesturs og 30 álnir frá suðri til norðurs. Á lóðinni á að byggja hús úr bindingi 12 álna langt og 8 álna breitt, með kvisti sunnanmóti og hellubaki. Beiðandanum tilkynnt að bæjarstjórnin ákveði tómhúsgjald af lóðinni, og að hún yrði að vera umgirt innan 2 ára.

2. Beiðni Sigurðar Simonarsonar og Markúsar Bjarnasonar: var þeim útmeðt stæði undir skúr, norðanundan húsinu, jafnhár veggnum, með hákla þaki 3 1/2 al. á hvorn veg.

3. Beiðni Kristjáns Guðmundssonar. Var honum útvísað bæjarstæði fyrir sunnan lóð þá, er Sigurði Björnssyni var útvísað 7. júlí '73. Lóðin er 25 al. (frá suðri til norðurs) að norðan meðfram garðinum og að takmörkum Selslóðarinnar og sömul. 25 al. að austanverðu, en að vestan ræður garðurinn milli Hlíðarhúss og Sels. Beiðandinn ætlar að byggja torfbæ og var honum tilkynnt að bæjarstjórnin ákveði tómhúsgjald af lóðinni og að hún yrði að vera umgirt innan tveggja ára.

4. Beiðni Sigfúsar ljósmyndara Eymundssonar um að fá að byggja skúr vestan við hús sitt, og var það leyft þannig: að skúrin yrði 2 1/2 al. út frá húsinu og 3 al. meðfram húsinu, en þaræð fjarlægðir frá næstu lóðartakmörkum (Mestna Róla-húss-*Prestastéla-hússins*) þá ekki yrði ~~faltar~~ 5 al., var beiðanda tilkynnt, að hann yrði að fá samþykki hlutaeigandi lóðareiganda áður en hann byggði skúrinn. Sömul. leyfði nefndin að hann setti yfirbyggingu 12 al. langa ofaná suðurhlíð húss síns og jafnbreitt því og (~~gaffir~~) enn fremur að hann lengdi þakið á skúrnum fyrir sunnan húsið þannig að það næði alveg að húsinu.

5. Beiðni Jóns ritara Jónssonar að byggja á lóð Teits Finnboðasonar og í sameiningu við hann, 12 al. langt og 6 al. breitt hús, og var þetta leyft þannig að húsið stæði norðantil við hið gamla smíðjuhús og snjari frá norðri til suðurs og austurhlíðin væri í línu með gaflinn á smíðjuhúsinu. Beiðanda var sagt að hafa hellubak á húsinu og samkvæmt beiðninni á það einungis að standa eitt misseri.

6. Beiðni Bjarna Simonarsonar. Var honum útvísað lóð fyrir sunnan Neðrahótsblett, þannig að lóðin væri 30 al. á hvern veg og norðurtakmörkin hin sömu og suðurtakmörkin á Neðrahótsbletti og austurtakmörkin hin sömu og Efrakhótsbletti. Bæjarstjórnin ákveði tómhúsgjaldið af lóðinni og yrði hún að vera umgirt innan 2 ára.

Loks gat nefndin þess, að þeir menn, er nú skal greina, hefðu án þess að leita byggingarnefndarinnar, ýmist byggt að nýju eða breytt bæjum sínum:

1) Sigurður Björnsson í Klettakoti, hresst við þak af bæ sínum þvert ofaní ákvörðun byggingarnefndar 18. maí þ.á., sem er samþykkt af bæjarstjórninni.

2) Magnús Arnason í Hlíðarhús. (~~um~~); byggt upp norðurenda á bæ sínum og lengt hann og sömuleiðis byggt upp frambæinn.

3) Valdi Valdason, byggt upp bæ sinn Skólabæinn að nýju og ~~stækkað~~ hann.

4) Jónas Guðbrandsson á Brennu byggt upp bæ sinn að nýju.

5) Á Selslóð hafa Gísli Guðmundsson og Þórður Þórðarson byggt bæi að nýju og til þess aðeins leitað samþykkis lóðar-eigandans.

Byggingarnefndin skýtur því til úrslita bæjarstjórnarinnar, hvort hún vilji bæta ákvörðun í opn.br. 29. maí 1839, 3. gr. E. gegn þessum mönnum.

Fundi slitið.

Magnús Stephensen.

J.

Jónasson.

O. Finsen.

G.Zöega.

[Faint, mirrored text from the reverse side of the page, likely bleed-through from another document.]

Ár 1875, hinn 12. Október átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var þá ákveðið, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar, að mæla hve mikla lóð þyrfti að taka frá prentsmiðjunni og verzlunarhúsum norsku verzlunarinnar, til að breikka Aðalstræti og leggja fortóg með því austanverðu. Byggingarnefndin komst að þeirri niðurstöðu, að bilið milli rennunnar og póstsins skyldi ráða breidd fortógsins, og mældist það 2 áln. 20 þuml. þar sem nú 10-14 þuml. breidd spilda er milli rennunnar og stakkets prentsmiðjunnar, varð stærð lóðar þeirrar, er með þarf: af blettinum fyrir norðan póstin 2 ál. 10 þuml. á breidd og 15 ál. 3 þuml. á lengd og af svæðinu fyrir sunnan póstin 2 ál. 8 þuml. á breidd og 24 ál. 18 þuml. (~~á lengd~~). Forstöðumanni prentsmiðjunnar, sem var viðstaddur, var tilkynnt að nú þyrfti þessarar lóðar með, til að breiðka götuna, og að hún yrði metin af óvilhöllum mönnum, sem yrðu útnefndir fyrir rétti næsta dag ~~12. 12.~~ Þar næst var mæld lóð sú, er þyrfti að taka frá norsku verzluninni og mældist, hún 2 ál. 20 þuml. á breidd, lengdin 23 ál. svo langt sem stakketið nær, en þaðan að rennuni úr Hafnarstræti 11 1/2 ál. Er sá hluti lóðarinnar óumgirtur, og var því ákveðið að leita upplýsinga um, hvort norska verzlunin átti þá lóð. Factor verzlunarinnar var tilkynnt hið sama, sem forstöðumanni prentsmiðjunnar.

2. Var Ingiríði Ólafsdóttur leyft að byggja skúr framundan görudyrunum á húsi sínu, 4 álnir á breidd og 3 álnir á lengd, að áskildu leyfi lóðareigandans fyrir vestan, þar sem breiddin frá skúrnum að lóðartakmörkunum ekki verður ~~með~~ 3 ál. Skal hún taka hann burtu, ef gata yrði lögð þarna, og hafa hellubak á skúrnum.

3. Ákvað nefndin að lögsækja skyldi menn þá, sem byggingarnefndin nafngreindi á síðasta fundi og, sem hafa byggt í óleyfi, nema Valda Valdason, sem hafði munnlega beðið um leyfi byggingarnefndarinnar og þarabauki Gísla Magnússon, skólakennara, sem byggt hefur inngönguskúr eða stækkað hann í óleyfi, og Guðmund Jónsson snikkara, sem er að byggja inngönguskúr í óleyfi.

Fundi slitið.

Ath. Benedikt Ásgrímsson, skúr, Páll Magnússon og Nielsína Hansdóttir, sbr. blaðs. 186 í fundarbókinni. (Sbr bl. 153 í þessu afriti, fundargerð 14. júní 1875.).

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
G. Zöega.

Sveinn Guðmundsson í Sveinsbæ, hjá Mýrarholti biður um að fá að byggja skúr fyrir framan bæjardyr sínar, 3 álnir á lengd og 1 al. og 20 þuml. á breidd og var það leyft af bæjarfógetanum 21. október 1875.

L. Sveinb.

Ár 1875, hinn 5. Nóvember átti byggingarnefnd Reykjavík-urkaupstaðar fund með sér. Var þá:

1. Samþykkt að Sveinn Guðmundsson ^{i Sveinsbæ} hjá Mýrarkoilli byggði inngönguskúr við bæ sinn, 3 ál. á lengd og 1 al. 20 þuml. á breidd.
2. Var bætt við lóð Valgerðar Ólafsdóttur við Hlíðarhúsastíg þannig, að hún nú nær suður frá húsi hennar 33 ál. Þá skyldi hann sunnarlega eða syðst á lóð hennar og austurgafi hans vera í línu við austurgafi hússins.
3. Var lögð fram beiðni Jóhannesar Jóhannessonar Zöega (yngra) um húsastæði norðantil við Hlíðarhúsaveginn 10 ál. á hvern veg, en með því byggingarnefndinni þótti nauðsynlegt fyrst að mæla lengdina frá hinum öðrum húsum við stigin, en málinu frestað, en ~~hennar~~ leyft að fara að rífa upp grjót og flytja að sér.
4. Út af beiðni Jóns Þórðafsonar á Ananaustum um byggingarstæði, var með því hann ekki var við ákveðið að hann mætti rífa upp grjót á hinu umbeðna svæði fyrir vestan Garðhús. -
5. Var Ásbirni Sæmundssyni á Veghúsum synjað um lóðarauka með því hann hefir svo mikla lóð (2 stóra kálgarða).
6. Sigurði Jónssyni Veghúsum var útmæld lóð undir bæ. Skyldi bærinn standa í línu við bæ Jørgens. Lóðin er suður og norður 37 ál. en á hinn veginn 25 álnir.
7. Eyvindi Jónssyni í Hala var mæld út lóð undir bæ, sunnanvert við kálgarð hans 50 ál. frá norðri til suðurs, en frá vestri til austurs 30 ál. Í annan stað var honum veittur lóðarauki fyrir norðan hinn gamla bæ hans, en sunnan Valgerði Ólafsdóttur 29 ál. á hvorn veg.
8. Var lagt fram bréf Jóns Árnasonar í Landakoti um lóð undir bæ, norðanvert við Þorgrímsstaði dags. 3. þ.m. En það var hvortveggja, að Jón ekki var við, enda skyldi honum svarað, að hann því aðeins fengi hið umbeðna að hann hefði leyfi fátækrastrjórnarinnar til að vera hér.
9. Var lögð fram matsgjörð á prentsmiðjulóðinni og lóð norsku verzlunarinnar, þeir, er þúld er að taka til breikkunar á Aðalstræti.

L. Sveinbjörnson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
O. V. Gíslason. G. Zöega.

Ár 1875, laugardaginn 13. nóvembermánaðar átti byggingar-
nefnd fund með sér, til þess, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinn-
ar og ásamt veganeftndinni að ákveða framhald Lækjargötu fyrir
sunnan Skólalabruna. Var breidd götunnar ákveðin 27 fet frá læk-
jarbarminum, eins og hún er við suðurhornið á húsi Jónassens
læknis, og skyldi henni haldið áfram suður frá skólalabrunni yfir
lóð Waages kaupmanns suður að Tjörninni, og Lækurinn hlaðinn
upp fyrir brúna, er liggur yfir hann hjá garði Waages, og bugða
sú tekin af honum er á honum er fyrir vestan og sunnan téðan
garð.

Waage kaupmanni var tilkynnt, að hann samkvæmt skilyrði
því, er faktor Þorvaldur Stephensen undirgékkt þá, er honum
var leyft að byggja geymsluhús á norðausturhorni lóðar sinnar
12. nóv. 1870, yrði að flytja téð geymsluhús burt, og var honum
útvísad stæði undir það fyrir austan húsgafl hans, þannig að
geymsluhúsið stæði meðfram hinni nýju framlengingu Lækjargötu
nyrzt á lóð hans, með hliðina að götunni og gaflana til norðurs
og suðurs. Því næst var mælt, hve mikla lóð þyrfti að taka af
garði Waage undir framlengingu götunnar, og var það: að norðan-
verðu 16 álnir; að vestanverðu 46 álnir; að sunnan 6 1/2 alin,
að austan 42 1/2 alin.

Byggingarnefndin tilkynnti Waage, að hann yrði að káta
þessa lóð af hendi samkvæmt Plak. 29. maí 1839, gegn endurgjaldi
úr bæjarsjóði..

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
O. V. Gíslason. G. Zöega.

Ár 1875, hinn 30. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá:

1. Lögð fram beiðni Jóns Guðmundssonar í Hlíðarhúsum um húsastæði að Hlíðarhúsastíg. Var honum útmæld lóð fyrir austan hús þeirra Sigurðar Símonarsonar og Markúsar Bjarnasonar á lengd frá austri til vesturs 36 ál. og frá norðri til suðurs 30 ál. Skyldi hellubak vera á húsinu og það standa 5 ál. fyrir austan Brunnstíginn og 5 ál. frá veginum.

2. Lögð fram beiðni Sveins Sveinssonar í Háþæ um hússtæði fyrir vestan hús það, sem Jóhannes yngri Zöega er að byggja við Hlíðarhúsaveginn. Var honum þar útmæld lóð 36 ál. frá austri til vesturs og 30 ál. frá norðri til suðurs, skyldi hellubak á húsinu og það standa minnst 5 ál. frá takmörkum á lóð Jóhannesar og 5 ál. frá veginum.

3. Bjarna Halldórssyni í Kasthúsum mæld út lóð undir bæ fyrir vestan bæ Kristjáns Hróbjartssonar 30 ál. á hvern veg. Skyldi bærinn í línu með bæ Kristjáns. -

4. Þá var lögð fram matsgjörð þeirra manna er útnefndir voru til að meta ~~endurgjald~~ það, sem svara skyldi fyrir lóð þá, sem í f. m. var tekin af norsku verzluninni til að breikka Aðalstræti. Nefndin ákvað, með því Jóhannes^{syn} sem veitir nefndri verzlun forstöðu, mun hafa umgirt og notað lóð, sem hann ekki á, heldur bærinn, að semja við Jóhannes^{syn} um lóðaskipti, og var assesor Stephensen og formanni falið það.

5. Var Jóhannesi Zöega (sbr. 5. nóv.) útmæld lóð fyrir vestan hús Gísla Tómassonar við Hlíðarhúsastíg, 36 ál. austur og vestur og 30 ál. norður og suður, skyldi hellubak á húsinu og það standa minnst 5 ál. frá næstu lóðartakmörkum og 5 ál. frá veginum.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O.V. Gíslason.
G. Zöega.

Ár 1875, hinn 18. Desember átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá:

1. Jóni Þórðarsyni í Ananaustum útmælt undir timburhús 11 álna langt og 9 álna breitt, í sundinu fyrir vestan Garðhús. Skyldi húsið standa frá austri til vesturs og í línu vesturundan norðurhlið garðsins við Garðhús. Lóð sú öll, sem honum var útmæld er 30 ál. vestur frá bæ Björns í Garðhúsum og 36 ál. norður og suður og skyldi lóðin ná í línu með norðurhlið áðurnefnds garðs við Garðhús.
2. Hans Jónssyni í Hlíðarhúsum var leyft að byggja skúr 6 ál. á hvern veg, niður á sjáfarbakka fyrir norðaustan lóð nýnefnds Jóns Þórðarsonar. Svo var honum og leyft að flytja hjall, sem hann á niður við sjó upp að bæ sínum og setja hann þar á sinni lóð hvar hann vildi. Hinn fyrrnefnda skúr skyldi hann taka burtu endurgjaldslaust, þegar krafizt verður.
3. Jóni Jónssyni í Smiðjuhúsinu í Svartaskóla var neitað um lóð fyrir norðan smiðju sína, með því að það var álitid að þá væri ekki eptir nóg lóð fyrir hússtöði, þar sem Gísli ~~Tómas~~ - syni hafði áður verið útmælt.
4. Eggert Waage var mælt út stæði undir hjall þann, er honum hefir verið boðið að flytja, og skyldi hann standa fyrir sunnan pakkhús hans og jafnhliða því.
5. Skýrði formaður frá, að assessor Stephensen og hann hefði átt tal við Johannesen faktor og að hann hafi fúslega viljað fá part af lóð þeirri, sem hann heimildarlaust hefir umgirt, fyrir lóðarspildu þá, sem tekin verður af honum til að breikka Aðalstræti.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. Geir Zöega.
O. Finsen.

Ár 1876, hinn 26. Jan. átti byggingarnefndin fund með sér.
Var þá:

1. Lögð fram beiðni bakara Jensens um útmælingu á hús-
stæði fyrir norðan Brekkubæ. Var honum leyft að byggja þar, og
skylda gaflar hússins snúa ~~á~~ norðri og suður og vera í línu
með húsum Fischers. En það var ekki að þessu sinni ákveðið
hve langt húsið skyldi standa frá veginum fyrir vestan, heldur
skyldi það gjört síðar. -

2. Þá var samkvæmt beiðni Hans Jónssonar í Hlíðarhús-
um, honum útvísað hússtæði fyrir austan grunn Jóns Guðmunds-
sonar við Hlíðarhúsastíg; skyldi lóð hans 20 ál. frá vestri til
austurs og 15 ál. frá norðri til suðurs og eru ekki í þeirri
tölu þær 5 álnir, sem húsið á að standa frá Hlíðarhúsastíg.
Húsið á að verða 8 álnir á lengd og 9 álnir á breidd.

3. Þá var lagt fram bréf amtsins dags. 3. þ.m. með
fylgiskjali, þarsem amtið biður um skýrslu nefndarinnar útaf
kæru Jóns járnsmíðs Jónssonar snertandi neitun byggingarnefnd-
arinnar um grunn, til þess hann gæti lengt hús sitt.

NEFNDIN ~~átti~~ AÐ SVARA SKYLDI AMTINU, að Jón í sumar
hefði verið boðin lóð fyrir austan hann, og að byggingarnefndin
gæti ekki gjört að því að stykki það, sem honum var boðið, er
grýtt. En ástæðan fyrir synjun nefndarinnar um að veita honum
lóðarauka fyrir norðan hann er sú, að þar er gott byggingar-
stæði undir nýtt hús, en sú lóð ónýtist, ef af henni er tekið.
Að því leyti Jón segir að hann hafi greitt af óbyggðri lóð
gjald, þá er það ranghermt. Hann hefur borgað og á að borga
lægsta tómtúsgjald, 6 ál. -

Fundi slitið.

Lárus Sveinbjörnsson. P. Jónasson. O. Finsen.
O. Gíslason. G. Zöega. Magnús Stephensen.

Ár 1876, 18. dag febrúarmánaðar, átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var eptir beiðni Jensens bakara gengið á stað þann, sem hann vildi byggja, til þess að ákveða stöðu hússins ísamkvæmt ályktun á fundi 26. f.m., að vestan. Kom nefndinni ásamt um, að húsið yrði sett í lekki niður á þessum stað öðru vísi en svo, að það stæði 2 álnir frá götunni meðfram Arabæ jafnhliða honum og með gaflinn að honum, en að norðurhliðin skyldi vera í línu með pakkhúsum/Fischers, þar sem húsið með þessu móti yrði hornskakkt, þótti réttast að skrifa Jensen, og skora á hann að skýra frá, hvort hann vildi byggja á þessum stað með þessum skilmálum. -

2. Var Valgarði Breiðfjörð leyft að byggja hús á horninu, sem myndast af Bröttugötu og Göthúsastíg gagnvart húsi séra Odds Gíslasonar. Skyldi húsið vera 12 álnir á lengd og 8 álnir á ábreidd, hliðin snúa að Göthúsastíg, 2 álnir frá honum og jafnhliða honum, og suðurgafllinn 10 álnir frá húsi séra Odds. vera

3. Lagði formaðurinn fram virðingargjörð á lóð þeirri, er tekin hafði verið af kálgarði E. M. Waages, undir framlengingu Lækjargötu. Virðingarmenn höfðu verið þeir Geir Zöega og Ólafur Ólafsson í Lækjarkoti, og hefðu þeir metið hverja ferhyrningsalín í ~~hætti~~ (hinni) exprópríeruðu lóð 33 auru. Byggingarnefndin samþykkti þessa virðingu.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Gíslason.
O. Físen. F. Jónasson. G. Zöega.

Ár 1876, hinn 9. marzm. átti byggingarnefndin fund með sér; og var:

1. Tekin fyrir beiðni Guðmundar Erlendssonar dags. 10. f.m. um vararstæði og hafði bæjarstjórnin vísað beiðni þessari til úrslita byggingarnefndarinnar. Guðmundi Erlendssyni var leyft að ryðja burtu grjóti úr fjörunni fyrir norðan og austan hjall sinn, þannig að hann geti lent þar og kastað upp fiski. Skyldi ruðningurinn fram fara öllum að skaðlausu.

2. Beiðni Jóns Oddssonar um vararstæði dags. 15. f.m. er sömuleiðis hafði verið vísað til byggingarnefndarinnar. Jóni Oddssyni var leyft að ryðja burtu grjóti því, sem liggur milli varar Guðmundar Þórðarsonar og Jóhannesar Olsens að austan og klappanna að vestan þannig, að hann geti lent þar ~~þar~~ og kastað upp fiski; var honum uppálagt að haga ruðningunni þannig, að hann geti ekki í neinu spillt vörinni fyrir austan né að öðru leyti orðið öðrum til skaða. *skipi*

Fundi slitið.

Í fjærveru herra bæjarfógeta

L. E. Sveinbjörnssonar,

Guðm. Pálsson, settur.

Magnús Stephensen.

O. Gíslason. O. Finsen. G. Zöega.

Jónas Jónasson.

Ár 1876, hinn 18. marz átti byggjarnefndin fund með sér:

1. Var Eyþór Felixsson leyft að byggja nýtt hús þar, sem hið gamla hús hans er, nr. 6 í Austurstræti; 13 al. á lengd og $13 \frac{3}{4}$ á breidd. Skyldu steingaflar alveg upp úr og steinhlið móti suðri að neðan upp að 1. sal, en síðan bindingur. Norðurhliðin verður öll úr bindingi; hellubak á húsinu. Ekki má hafa neinn glugga á austurgaflinum. Að því leyti partur af húsinu kynni að ganga inn á lóð Péturs biskups Péturssonar þyrfti Eyþór að koma sér saman við hann. Árni Stephensen, landfógeti og biskup Pétursson voru aðvaraðir um að vera við. Landfógetinn mætti og hafði ekkert að athuga við útmælinguna.

2. Var Magnúsi snikkara Árnasyni leyft að byggja skúr norðanvert og fast við hús hans, 4 álnir á lengd og 8 ál. á þrú breidd. Skyldi norðurgaflinn úr steini upp úr í gegn og hellubak á skúrnum. Það, sem veit austur að götunni skyldi laglegt og málað.

Fundi slitið.

L. E. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. G. Zöega.
O. V. Gíslason.

Ár 1876, hinn 24. apríl átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var þá Einari Jafetssyni leyft að ryðja sér vör beint norður undan húsi hans. Ennfremur bæði hann um, að sér yrði útvísað stæði undir 2 skúra, en með því að annar skúrinn átti að vera á lóð þeirri, er byggingarnefndin eigi vildi mæla út, nema því aðeins að Guðmundur Erlendsson væri viðstaddur, var honum að svostöddu neitað um útvísun. Hinn skúrinn vildi Einar setja neðantil í kálgarði Merkisteins; honum var einnig neitað um þetta bæði sakir þess að hann eigi hafði neina heimild til þessa frá ~~Wataf~~ eiganda, Haagensen, og einnig sakir þess að faktor Jón Steffensen beiddist þess að byggingarnefndinni mætti finnast að fresta þessari síðustu útvísun uppá sína ábyrgð.

Fundi slitið.

L. S. Sveinbjörnsson. / Magnús Stephensen. G. Zöega.
O. V. Gíslason.

J. Jónsson

Ár 1876, hinn 13. Júní átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá:

1. Jóni Jónssyni prentara leyft að hlaða upp bæjar-
kampa sína og flytja syðra þilið fram í línu við kampana.

2. Var kaupmanni Símoni Johnsen leyft að umgírða
sund það, sem gengur frá Strandgötunni að húsi Jónasar prests
Guðmundssonar. Skyldi að norðanverðu 3 álna hátt plánkaverk.
Sundinu mætti hann því aðeins loka, að sá sem býr í húsi
séra Jónasar Guðmundssonar hafi lykla að hurðum þeim, sem
eiga að vera á plankaverkinu og grindunum, er hann ætlar að
láta gjöra sunnan við sundið. Sundið er 4 álnir frá frá austri
til vesturs og 12 álnir frá norðri til suðurs.

3. Var lagt fram bréf Johannesens factors, dags. 1.
þ.m. þar sem hann býðst til að taka burt grindur þær, sem eru
kringum lóð hans gegn því að vera laus við lóðargjald, og með
því skilyrði, að hann megi leggja þar ýmsa muni, þegar hann
þarg á að halda, en ~~áður~~ ekki. Nefndin ákvað að ganga að
þessum kostum, þó þannig, að Johannsen/tunnurusl eða annað
þvíum líkt, sem óþrýði er að, að minnstakosti ekki vestan við
húsið.

L okki mætti leggja

Fundi slitið.

L. S. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.

Ár 1876, hinn 18. Júlí átti byggingarnefndin fund með sér:

Var þá lagt fram bréf formanna ~~ins~~ Skotfélagsins í Reykjavík, um að fá útmælda lóð undir viðbætur við skothúsið. - Bréfið er dags. 15. júlí þ.á. Nefndin mætti á staðnum og var þá búið að reisa viðbætur við skothúsið og yfirsmiðurinn við það var Valg. Breiðfjörð. Nefndinni kom saman um, að með því þeir, sem nú eru formenn skotfélagsins héldu að fyrverandi framkvæmdar formaður félagsins væri búinn að fá leyfi til að byggja byggingu þá er byrjað var á 10. þ.m., og jafnskjótt og þeir urðu þess vísari, að svo væri ekki, beiddu um leyfi, þá skyldi skrifa antinu um málið og leggja með, að skotfélagið eptir atvikum mætti komast hjá sekt. Það sem mælt var út var 8 ál. á annan veginn og 6 á hinn, og þar að auki undir skúr 3 1/2 ál. og 1 1/2 ál. L. þvi

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.

Bjarni ~~Eiðe~~^{Eiðe}son í Grjóta hefur afsalað sér lóð ^{þá} þeirri,
sem honum var (~~útvísuð~~) útmæld 1875.

L. ~~S.~~ Sveinbjörnsson.

Ár 1876, hinn 8. Sept. átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var þá bakara Jensen leyft að byggja 2 skúra við hið nýja hús sitt, annan við suðurdyrnar 4 og 3 álnir; skyldi hann í línu með vesturgafli hússins; hinn skyldi fyrir austan húsið 6 og 4 ál. og laus við það og standa í línu við norðurhlíð hússins; hellubak eða eldtraust þak skyldi vera á þeim báðum. Loks var honum leyft að flytja grindur þær, sem eru við vesturgafli hússins suður fyrir það. - Að svo miklu leyti sem skúrarnir kynnu að verða of nærri lóð nábúanns skyldi Jensen fá samþykki hans.

2. Var Sigurði Jónssyni járnsmið leyft að byggja kamar fyrir sunnan hús hans á Hlíðarhúsastíg og áfastan við það. Stærð 2 ál. og 1 1/2 ál.

3. Var lagt fram bréf Einars Jónssonar í Móhúsum, dags. í gær, um að fá útmelda lóð. Skyldi honum svarað, að hann áður ~~er~~ frekara yrði gjört við málið, yrði hann að sýna leyfi frá fátækrastrjórnarinnar fyrir hann til að vera hér.

4. Var Egilsson leyft að byggja timburhús við Kalkofninn á Arnarhólslóð 9 og 5 áln.

5. Var lagt fram bréf Sigurðar Eiríkssonar í Mýrar-koti frá 8. Júlí þ.á. um að fá lóð þá, sem Bjarna Eiríkssyni í Grjóta var útvegað í fyrra. Skyldi honum svarað, að áður frekara yrði gjört við málið, skyldi hann skýra frá hvernig á honum stæði og hvort hann hefði heimild til að setjast hér að.

6. Var ákveðið að skora nú á Jón ritara Jónsson að rífa útihús það, sem hann byggði í fyrra, innan loka þessa mánaðar.

7. Var Jóni Arnasyni leyft að byggja sér bæ í krákum - stum fyrir norðan Þorgrímsholt.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. G. Zöega.
J. Jónasen.

Ár 1876, laugardaginn 20. Október, átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá tekið fyrir:

1. Var þá prófasti séra Sv. Nielssyni samkvæmt beiðni hans í bréfi til nefndarinnar dags. 13. þ.m. leyft að byggja inngönguskúr við vesturgaflinn á húsi sínu á Hlíðarhúsalóð (Doktorshúsinu) og skyldi skúrinn vera 2 al. á lengd og 2 ál. á breidd með helluþaki.

2. Var Torfa prentara Þorgrímssyni leyft að byggja náðhús bak við hús sitt.

3. Byggingarnefndin getur þess, að henni hefir borizt, að ~~Asta Guðmundsdóttir~~ (Asta Guðmundsdóttir) á Vegamótum hafi endurbyggt eitthvað af (~~húsi sínu~~) íbúðarhúsi sínu, og álitur nefndin að ástæða sé ~~XX~~ að minnsta kosti til að láta Ástu fá aðvörun um að byggja ekki neitt án leyfis nefndarinnar. - Sama er um Einar Jafetsson.

4. Með því að hús það, sem Jóni ritara Jónssyni hefir verið leyft að byggja á lóð Teits Finnbogasonar, og aðeins mátti standa um misseristíma, enn er ófífið, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar af byggingarnefndarinnar hálfu, var ákveðið að leita hjálpar dómstólanna, til þess, að fá fyrirmælum byggingarnefndarinnar framgengt. Var formanni/falið á hendur að kalla Jón ritara fyrir sáttanefnd, og bjóða honum þá sáttarkosti að húsið megi standa í vetur, ef hann vilji skuldbinda sig til undir daglega sekt, að rífa húsið fyrir útgöngu mánaðar næstkomandi.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. J. Jónassen. O. Finsen. Magnús Stephensen. G. Zöega.

Ár 1876, föstudaginn 27. Október átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var Þá Eiríki Ásmundssyni í Grjóta, eptir beiðni í bréfi 20. þ.m. leyft að byggja inngangskúr við bæjardyr sínar, 3 ál. á lengd og 3 ál. á breidd; skyldi skúr þessi vera með eldföstu þaki, og þar hjá er leyfið bundið því skilyrði, að skúrinn skuli rifinn ef þess þarf til að laga götuna, eða ef byggingarnefndin af einhverjum ástæðum álitur það nauðsynlegt.

2. Var Valgerði Ólafsdóttur, eptir tilmælum hennar í bréfi 25. þ.m., leyft að byggja geymsluskúr við vesturendann á íbúðarhúsi sínu. Skyldi skúrinn jafnbreiður húsinu og 4 ál. á lengd, með helluþaki. Ennfremur var henni leyft að byggja skúr við innganginn 2 1/2 ál. á hvern veg og með helluþaki; og ~~henni~~ ^{henni} leyft að byggja skúr við suðausturhorn hússins ^{2 1/2 ál. á hvern veg}, er einnig skyldi vera með helluþaki.

3. Var Magnúsi Árnasyni í Hlíðarhúsum ~~leyft~~, eptir beiðni hans í bréfi dags. 21. þ.m., að byggja inngönguskúr ^{Leyft} við bæjardyr sínar, 1 1/2 ál. á hvern veg og með eldföstu þaki.

Fundi slitið.

Utsupra.

Í forföllum herra bæjarfógeta

L. E. Sveinbjörnssonar,

Guðm. Pálsson (~~ekki viss um þetta nafn~~).

O. Finsen.

G. Zöega. J. Jónasen.

Ár 1876, hinn 10. Nóv. átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var Þá Ólafi á Seli og Sveini á Seli leyft að leggja veg frá Aðalveginum á Selslóð að bæjum þeirra.

2. Var Þórði Jónssyni í Háþæ leyft að byggja bæ í línu við hús Jacobs Steingrímssonar á Selslóð. Var honum tilkynnt, að hann ætti að greiða lóðargjald til bæjarins. 30 al. og 20 al. lóð.

3. Var Ólafi Jónssyni í Hlíðarhúsum leyft að byggja á Selslóð fyrir austan Brekku. Var honum tilkynnt að hann ætti að greiða tómhúsgjald til bæjarsjóðs.

4. Var Hans Jónssyni í Hlíðarhúsum leyft að byggja steinkofa í norð-vesturhorni kálgarðs hans, 9 al. og 7 al.

5. Var Gísla ~~Jónssonar~~ LEYFT AÐ byggja skúr við hús sitt, 3 al. og 3 þuml.

6. Var Einari Einarssyni á Litlusteinsstöðum leyft að byggja frammbæ hjá sér.

7. Var Sigurði Eiríkssyni í Mýrarholti samkvæmt beiðni hans frá 7. f.m. fengin í hendur lóðarblettur sá, sem Bjarni Eiríksson í Grjóta afsalaði sér í vor.

8. Nefndin fól formanni sínum í framhaldi þess, sem gerðist á fundi 20. f.m. út af hesthúsi Jóns ritara Jónssonar, eignig að lögsekkja Teit Finnbogason, sem á lóð þá, sem umrætt hús er byggt á.

Fundi slitið.

L. E. Sveinbjörnsson. O. Finsen. Magnús Stephensen.

Þ. Jónsen

Ár 1876, hinn 16. nóv. átti byggingarnefndin fund með sér:

Var þá bakara, ^{L.} Jensen eptir beiðni hans þar að lútandi leyft að lengja íbúðarhús sitt um 8 1/2 al. að reikna frá austurgafli hússins og skyldi hin nýja viðbót jafnbreið húsinu sjálfu. Bakari ~~Q.~~ Jensen lýsti yfir því fyrir nefndinni, að hann hefði fengið heimild lóðareigandans að Brekkubæ til byggingar þessarar, að því leyti er nefndan lóðareiganda snertir.

Fundi slitið.

Í sjúkdómsforföllum herra
bæjarfógeta L.E.Sveinbjörnssonar,
Guðm. Pálsson
sett.

Ár 1876, hinn 21. Nóv. átti byggingarnefndin fund með sér:

17. Novbr. 1876, Var lagt fram bréf frá Jóni landritara Jónssyni dags. viðvíkjandi húskofa þeim, er hann og Teitur dýralæknir Finnbogason hafa byggt í fyrrihaust og einungis átti að standa/missári. -

Jón ritari og Teitur Finnbogason voru á fundi. -

Eftir nokkrar umræður, sem enginn árangur varð af, var ákveðið að halda málinu áfram gegn þeim Jóni ritara og Teiti Finnbogassyni. -

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. J.Jónassen.
O. Finsen. G.Zoega.

Ár 1877, hinn 29. Maí átti byggingarnefndin fund með sér. Var þá:

1. Sameigendum nýja húnsins mæld út lóð undir fjárhús og ~~hesthús~~, skyldi nyrðri veggur hússins vera í garði Nýjatúnsins, en að öðru leyti verður húsið utan og sunnantúns. Lengd þess 25 ál. og breidd 8-9 ál. *heyhóðu*

2. Valgarði Breiðfjörð útmæld lóð undir viðauka við hús hans við Bröttugötu, 6 ál. á lengd og 8 á breidd.

3. Var Consúl Smith leyft að láta reisa skíðgarð kring um lóð hans (stakkstæði) fyrir sunnan hið svonefnda pósthús, 2 1/2 ál. á hæð.

4. Jóni Borgfirðing leyft að byggja náðhús við hús hans á Hlíðarhúsastíg vestanvert við skúr hans eða hjall, ef hann byggir við skúrinn má hann ekki ná vestur úr gafli hússins.

Fundi slitið.

L. X. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. O. Finsen.
J. Jónassen. G. Zöega. Þ. Ólafsson.

Ár 1877, þann 7. júní átti byggingarnefndin fund með sér og var þá:

1. Lögð fram beiðni Þorsteins Járnsmiðs Tómassonar um að fá útmælt hússtöði fyrir sunnan Dómkirkjuna. Var honum leyft að reisa þar hús í tóni við hús Jacobs Sveinssonar 10 ál. breitt og 12 álna langt. Lengdin á lóðinni frá austri til vesturs var ákveðin til 25 álnir. Skyldi húsið þakið hellu og standa 5 ál. frá Aabúalóðinni. -

2. Var Rögnvaldi Rögnvaldssyni leyft að fara út bæ sinn Litlabæ í Skuggahverfinu, þannig, að það ekki kemri í bága við bæ Gissurs Guðmundssonar í Litlabæ.

3. Teiti Finnbogason var leyft að láta hesthúskofa þann, sem Jón ritari lét reisa á lóð hans, standa, en byggingarnefndin áskilur, að hann sé rifinn, þegar krafizt verður, eftir Teit Finnbogason látinn.

Fundi sliðið.

L.E.Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. *F. Jónasson.*
O. Finsen. G. Zöega. Ól. Ólafsson.

Ár 1877, hinn 27. júní átti byggingarnefndin fund með sér. Fyrir hönd bæjarfógetans, sem vegna sjúkleika var hindraður frá að mæta, var viðstaddur fulltrúi hans prok. Guðm. Pálsson.

1. Var lögð fram beiðni hlutaveltufélags-forstjóra Jóns Pálssonar dags. í gær um leyfi til skúrbyggingar, og var honum leyft að byggja skúr í línu með norðurhlíð hlutaveltuhússins að vestanverðu við gafl hússins. Skyldi skúrinn standa við grindurnar og vera 2 1/4 al. á lengd og 1 1/2 al. á breidd með hellubaki og risi, er snéri eins og risið á sjálfu húsinu.

Fundi slitið.

Vegna bæjarfógetans,
Guðm. Pálsson. ~~607~~ Magnús Stephensen. O. Finsen.
Geir Zöega. Ól. Ólafsson.

Ár 1877, hinn 30. júlí átti byggingarnefndin fund með sér. Fyrir hönd bæjarfógetans, sem var fjærverandi, var viðstaddur fulltrúi hans Prokurator Guðm. Pálsson. Var þá:

1. Lögð fram beiðni faktors N. Zimsens dags. 24. þ.m. um að mega byggja hús 7 ál. breitt og 10 ál. langt í garðinum bak við íbúðarhús hans, var það leyft og skyldi húsið vera með eldföstu þaki og snúa eins og íbúðarhúsið og norðurhlið þess standa bétt við grindurnar, sem eru til hliðar við syðri hlið íbúðarhússins. -

2. Þá var lögð fram beiðni Þorsteins Tómassonar dags. 26. þ.m. um útmælingu undir hús á lóð þeirri, sem er norðanvert við Lækjarkotslóðina með læknum. Var það leyft með þeim hetti, að húsið, sem á að vera 12 al. langt og 12 al. ~~breitt~~ skyldi vera 18 al. til suðurs frá íbúðarhúsinu Jónassens læknis og austurhlið þess í línu með austurhliðinni á nefndu húsi læknisins. Skyldi hús þetta vera með helluþaki, og ef í því skyldi ~~verða~~ höfð smíðja, skyldi ákvörðunum byggingarlaganna um smíðjubyggingu nákvæmlega fylgja. Byggingarnefndin getur þess, að þar sem útmæling sú, er gjörð var til handa Þ. Tómassyni 7. f.m. hafi verið ónýtt af bæjarstjórninni, þá geti byggingarnefndin ekki viðurkennt að bæjarstjórninni beri nokkurt atkvæði um útmælingar þær, er nefndin gjörir á hinni eiginlegu kaupstaðarlóð, heldur heyri gildi eða ógildi ~~ing~~ slíkra útmælinga að öllu leyti undir hlutaðeigandi amtmanns eptir opnu bréfi 23. Maí 1839, 2. gr. L úrskurð

Fundi slitið.

Vegna bæjarfógetans,
Guðm. Pálsson.

Ól. Ólafsson. G. Zöega. Magnús Stephensen.
O. Finsen.

Ár 1877, hinn 17. ágúst átti byggingarnefndin
fund með sér:

Var þá G. Guðbrandsen í Brunnhúsum leyft að byggja skúr
austantil við hús sitt. Skyldi hann skylda~~gur~~ur að flytja
hann að ári að austurgafli húss síns. Eldfast þak skyldi
á skúrnum.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. Ól.Ólafsson. *J.* Jónasson.

Ár 1877, hinn 18. desember átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Var lagt fram bréf Valgarðs Breiðfjörðs dags. 14. þ.m. í hverju hann í framhaldi bréfs síns frá 11. þ.m. biður um útmælingu undir kjallara fyrir norðan hús Guðmundar Erlendssonar. Nefndin mætti á staðnum. Eftir nokkrar umræður var ákveðið með 4 atkv. gegn 2 að synja um útmælingu á þessum stað, með því nefndinni þótti ótækt að leyfa að byggja torfhús þar; en beiðandi ætlaðt til að kjallarinn, sem lítið kemst niður sökum klappar, verði mestur ofanjarðar úr grjóti og torfi og þakinn torfi.

2. Var Runólfi Runólfssyni útmæld lóð við Háþé undir bæ, og er lóðin hin sama og Ólafi í Lækjarkoti var útmæld í hitt hið fyrra.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. ~~F.~~Jonasson. O. Finsen.
Magnús Stephensen. Ól.Ólafsson. G. Zöega.

